ANDVÖKUR

EFTIR

STEPHAN G. STEPHANSSON

V

٣

ANDVÖKUR

EFTIR

STEPHAN G. STEPHANSSON

1908—1923

V.

WINNIPEG

KOSTNAÐARMENN NOKKRIR ÍSL. Í VESTURHEIMI.

1923

HEIMSKRINGLA NEWS & PUBLISHING CO.

V.

SÖGUSAGNIR

Afturgöngur.

Að frá oss flytji úr landi foreldranna andi
Á sínum síðsta degi — segðu mér það eigi.
Því mætt hef' eg sæg af söfnum sálnanna þeirra frísku.
En, undir yfirhöfnum okkar daga tízku.

1923

Æru-Tobbi.

—

Eg lét þig reyndar vísa mér á vað!
Þín vega-tilsögn ekki af hreinu tók.
Þú vildir siga sálu minni á það,
Sem sjálfum þér þú vissir flan og krók.

Þú gylla mátt, að léttust leiðin mín
Sé lykkja í hylinn. Eg læzt trúa þér.
En slypp skal verða slysa-gleðin þín,
Að slungið ráð þitt fyrirkomi mér.

Eg vissi fyr, þú varst að fara kring
Um vitund betri, þig er hefi spurt.
Þín undanbrögð og lyga-leiðbeining
Til láns mér varð — svo eg hef' komist þurt.

1908

Kölski í skáninni.

—

Um Kölska sinn vafði hann skánum og skæni,
Hann skap-fróði Sæmundur, smáhrekkja-kæni,
Og fleygði upp á búr-hillu. Fór svo að morgni
Með fjandann í knýti að altaris-horni
Og stakk inn í röðina, reyrðum og blindum,
Hjá róðum og kertum og heilagra myndum.
Og biblíu-kafla með "kyrjelison"-um

Og kirkjunnar særingar þrumdi yfir honum,
— Á katólskri latínu og víxlaðri, að vonum —
Og "Maríu-glóríur" "dýrlinga-dikta".
Á Djöfsa og mannorð hans flest átti að "sigta".

En haft er það eftir þeim eldgamla púka,
Að ilt hafi verið í skáninni að húka.
Og stundin á Sæmundar altari inni
Sé aumasti kaflinn í hunds-æfi sinni.

Og eg skal ei rengja þig, öldungur ára!
Því ímyndað get eg mér leiðann þinn sára,
Að hlusta á þau rakalaus ranghermi, undin
Í ræðu og kvæði, og dúsa þar bundinn!
Og þú! sem þó hafðir alt viðstaddur verið
Frá veraldar upphafi og "lagt til í smérið",
Og vissir alt sannara, og Sæmundi betur,
Sem sagði eftir öðrum. Þér lái hver getur.

Og eins, þó að síðan með sumt hafi lagast
Í Sæmundar fræðum, sem í þurfti að ragast,
Svo langt var þá til þess þau létu sig vígja,
Þeir Lúther og Channing og "guðfræðin nýja",
Og ekkert í biblíum búið að grauta,
Né Baur eða Harnack þá farnir að stauta.

Og eg get því síður að sút þinni hlegið:
Eg sjálfur hef' með þér í skáninni legið,
Og stundum á ölturum — óæðri og háum! —
Alt öðrum en þeim, er í kirkjunni sjáum.
Og múlbundinn hlustað á hégilju-blaður,

Frá heims-lygum niður í búrsögu-þvaður.
Því synd var að æsa þann óvita að hrína,
Sem ekkert gat lært nema hárvissu sína.
Svo eg hefi setið og þolað og þagað,
Sem þú fyr hjá Munda — En gómana nagað!
En þú! sem ert bráð-fleygur, heitmjólkur-hlekki
Hafðir um vængi, svo það gaztu ekki!

1912

Þorvaldur blönduskáld.

Þó að reiðist ríkið alt og hirðin,
Ræðst eg í, að flytja þér minn óð,
Þótt að verði kannske kringi-yrðin
Kvæðamannsins lögð á borð við hnjóð.

Látinn varðst þú verða fyrir halla,
Veit eg það! því hirðskálds tunga hver
Hengdi á þig einan sína galla:
Auka-nafnið, sem að hún gaf þér.

Þú hefir ofgert, það sem stendur ritað,
Þínum skáldskap reiddi betur af,
Hefði oftar vinstri höndin vitað
Vel að merkja, hvað sú hægri gaf.

Víst er, skáld, að skreppu þinni gaman!
Skranið sumt ber átu-vott af maur.
Þar er raunar ruglað víða saman
Ryði og gulli, demöntum og aur.

Það er enginn þó fyrir borð að hrinda
Þjóðskálds farmi byrðing þínum á,
Þó þér yrði í búlka þinn að binda
— Betur grafinn — þinnar aldar ná.

Þú hefir hallað þér að hverju goði,
— Því fór dísin stundum frá þér slypp —
Seilst til fisksins, eftir rífð á roði,
Reynt í mærð að gylla afturkipp.

Vel eg ann þér róms af þjóðfrægð þinni!
— Þó þér kannske virðist eg ei dæll.
Ekki í þykkju að þreifa eftir minni! —
Þökk fyrir söng og glauminn—Vertu sæll!
1912

Jarlinn frá Upplöndum.

Forðum neyddi Eysteinn illi
Upp á Þrændi raumskum jarli,
Þó þeir velja mættu milli
Manngildanna — næstu karli —
Handa þeim 'ann hafði í boði
Hundinn sinn og versta krakkann.
Þrændum fanst það fæstur voði
Frelsi sínu, að kjósa rakkann.

Þó er ennþá ekki fundin
Efa-spurnar svara-vonin:
Hví þeir skyldu hirða hundinn

Harðleiknir við konungs-soninn —
En, ef þú vilt áfram njóta
Aðals-valds og flokkshag þóknast,
Þarna er leið til þess að brjóta
Þjóðræðið, sem meina-flóknast:

Þyrptu kringum þingvald landsins
Þá sem flestum umboðs-hrókum!
Réttar kröfur múga-mannsins
Mjatlast upp í laga-krókum —
Jarlinn bjó að lofi og launum,
Lotning sveiptur, dýrðar-glæstur.
Væri 'ann seppi, að sjón og raunum,
Setu-stóllinn var þó hæstur.

Kynni hann úr kynferðinu
Kippi fá, sem lét að vonum,
Upplenzkan í uppeldinu
Eysteins-kóngleg, stóð af honum —
Þrauta-lengi Þrændir vóru
Þriðjungs-ræni í hann að seiða,
Urðu þó, í þessa glóru,
Þriggja manna viti að eyða.

Tvisvar yfir einu geyja
Orði varð hann, tigni snatinn —
Það er lagið! þér að segja:
Þarna er fyrsti "Diplómatinn" —
Þrændum var til þótta-baga
Það, að ekki krýna má hann.

Loga-gylta keðju og kraga
Krupu við að hengja á 'ann.

Kringum rakkann hændist hirðin,
Hreyf í ferð og veizlu-gildin.
Kotungunum búin byrðin,
Burgeisunum heiðurs-fylgdin.
Héppi á bænda breiðum herðum
Bústinn húkti, í valda-sporum.
Hlassið þyngst af öllum erðum
Einyrkjanna í Þrándheims forum.

Nú kýs margur bokkinn beygður
Bræðralag við einhvern drauginn —
Jarlinn Eysteins illa er heygður.
Íslendingur, gaktu' í hauginn!
Helzt er það í hulu-skýi:
Hvernig að 'ann leið af dögum —
Reynist, eins og önnur lygi
Endirinn á jarla-sögum!

1912

Haug-gangan.

Hann Þorsteinn var kominn á þrettánda ár,
Og þrek 'ans og hugur að stælast.
Um afrek hann dreymdi, til frægðar og fjár,
Sem framtíðin um mætti hælast —
Við óarga nautið 'ann enn hafði ei reynt
Á afl sitt, á heimalands völlum,

Né gengið um hátíð, í húminu seint,
Í hendur á erlendum tröllum.
Hvern dag gekk 'ann hugsandi hitt:
Á hverju hann efnt gæti afrekið sitt,
Og aldrei að missa það færi,
Sem mannskap hans viðgangur væri.

Og oft heyrði 'ann ryfjað upp afgamalt ljóð,
Um atför við ránsmenn frá sænum.
Og vallgróinn torfhóll í túnfæti stóð
Sem tákn þess, á uppeldis-bænum,
Á þykt hans og ummerkjum þóttust menn sjá,
Að þar hvolfdi víkinga skúta.
Að alt var ei kyrt, sem þar innan borðs lá,
Mörg ofsjónin helzt þótti að lúta.
— Í dys það í draumi hann gekk.
Og tvísett var inni og tylft á hvorn bekk.
Hann tylti sér óæðra-megin —
Sá yzti varð félaga feginn.

Því hagsýnt var Þorsteini um hæversku þá,
Við hnútukast mis-skiftra sveina:
Að fylla þann hópinn, sem hallaði á,
Ef harðfylgi á var að reyna.
— Nú stóð upp sá ypparsti á öndvegisbekk,
Kvað eindaga á húsleigu gjöldum,
Og greiddust þau ekki, þeir kæmust í klekk
Hjá krúnunnar herskapar völdum.
Og hornrekum væri það hátt,
Að geta í skjóli slíks öndvegis átt
Sér óhulta fótastóls-skák —
Og hússtjórnin hér væri ei kák.

Að Þorsteini lýtur 'ans samhliði í sess'
Og segir: "Þér bjarngreiði verður
Þín viðdvöl með okkur. Þeir ætlast til þess
Með oss sért að skulda-þræl gerður.
Því haugbúans samvizka er silfur og gull,
Og sálarlaus gengur hann aftur.
Í haug vorum leggur hann legkaupin full
Á lifandi, ef til dugar kraftur.
Því haugeldar morkna í mold,
En loga um andrúmsloft upp' yfir fold,
Sem endurskin hugsana og verka
Ins göfuga, stór-ráða, sterka."

"Og þeir þykjast eiga vort umhvelfda skip,
Sem orpið er mold-feygju hlóðum;
Um dysina rázka með dramblætis svip —
Eru Danir með hauglögðum þjóðum.
Þeir heimta, við skuldum sér húsnæði enn,
En höldum þó félagsskap. — Bætin,
Sem ota fram stöðugt þeir óverumenn:
Á óæðra bekk eru sætin!
Þau hlunnindi: að hanga sig við.
Í innræti þeirra, í svörum og sið,
Býr sæl-lífis atorku-lúi
Í stjórn þeirra stórveldis-fúi."

"Í sæti eg hangi og held mínu fé,
Og hótunum greiði ei veðið,
En verst sem eg orka, hver undur sem ske,"
Var upphátt af Þorsteini kveðið.
Og nú riðu styrjaldar ósköpin að,

Í uppnámi varð þessi haugur.
Og einn dró upp herskip — en óbygt var það!
Hver uppgerð varð týgjaður draugur.
Svo æsilegt óláta-stríð
Í umróti gekk þar — sem gerninga-hríð,
Í gamals manns vertíðar-sögum —
Með ryðbrendra langspjóta lögum.

Ef Þorsteinn greip til þeirra, lá þetta lið,
Sem loft-fúlgur væri 'ann að spanna.
Því draugar og hamhleypur haldast ei við
Í handföngum lifandi manna.
Og dreift gat hann öllum þeim reimleika-reyk
Af riddara vofunum dauðum.
Hann vaknaði svo af þeim svefnóra-leik
Hjá sviplausum haugum og auðum.
— En dagsönn var draum-raunin hans.
Því lifandi æskublóð uppvaxtar-manns
Er einfært mót stórtylft af draugum
Í fúnaðra herskipa haugum.

1910

Íslenzk þjóðsaga.

—

Viðkvæði:
"Mér er um og ó!
Eg á sjö börn í sjó og sjö börn á landi."
Sæunn hafkona.

I.

"Svo oft hef' eg leitað hans aftur og fram
Á einferli, síðkveld og morgna —

Hér fann eg að síðstu minn sundfæra-ham,
En svo kemur útþráin forna."
"Þó er mér um og ó!
— Af ást minni stendur mér vandi —
Nú á eg sjö börn í sjó,
Og sjö börn á landi."

II.

"Við syntum til lands, yfir sólroðans veg,
Við sæfólk, til hátíða-gleði.
Með bóndanum mínum og börnin mín, eg
Flaut bylgjurnar léttustu geði."

"Við stigum á land, þar sem lognið var bjart,
Og leiddumst í dans upp frá sænum.
En vormáninn hangandi hörpurnar snart,
Í hafnið og laufskóga-blænum."

"Við afklæddumst sundham til land-ferðalags,
Þar laun-skútti bergmúrinn forni.
Við hengdum þá upp, eins og álög til taks,
Er útsogið gripi oss að morgni."

"En þegar að sól undir hafsbrúnir hófst,
Og heimfýsin dró út á sundin,
Þá hímdi eg eftir með harmþrungið brjóst,
Því hamurinn minn varð ei fundinn."

"En svo lét eg huggast við börn mín og bæ,
Við bóndann og ástúð á landi —
Nú heilla mig þráandi hjörtu út' á sæ,

Sem himininn opinn þar standi."
"Og þó er mér um og ó!
— Af ást minni stendur mér vandi —
Nú á eg sjö börn í sjó,
Og sjö börn á landi."

III.

En ekkillinn reri hvern morgun til miðs,
Úr mardýpi hagsemd að ausa,
Þeim vanfósturs-börnunum beygðu til liðs
Og búinu húsmóðurlausa.

Hann jafnkeypti lagarins lognöldu-ró
Við leiði um brimgarða voða.
Nú tók 'ann sem hollvinum heiftinni í sjó
Og hættunni í ókleifum boða.

Hann uppgafst, að liggja með landsetu-bönd,
Þó löður og veður sig ygldi.
En menn kváðust horfa á það, heiman frá strönd,
Að haf-gýgur bátnum hans fylgdi.

Hún leið fyrir skut hans í land-stefnu núps,
Þó logn-þokan slettist í hauga,
En þegar frá strand-lendi stakst hún til djúps,
Var stundum sem tár hrykki af auga.

En þegar hann sat, þar sem veiðigengd var,
Úr vatnsbláma-djúpinu stóru
Hún fjöl-litar skeljar í bátinn hans bar,
Sem barna-gull fegurstu vóru.

IV.

Þó sökt hafi öldum í gleymskunnar-glæ,
Þau gröfin og hafið og þögnin:
Þá gengur hún enn um hvern íslenzkan bæ,
Með ítrekað viðkvæðið, sögnin:
Mér er um og ó!
— Af ást minni stendur mér vandi —
Eg á sjö börn í sjó,
Og sjö börn á landi."

V.

Svo eigum við bústað í bænum,
Og barna-von týnda í sænum —
Við köfum, þó kólgurnar brotni,
Og komum með leikföng frá botni.

Við höldum að barns-lundin fagni því fé,
Er frá hverjum sé það, hún gizkar.
Við trúum, að skran þetta skilavert sé:
Flest skeljar og hörpu-diskar.

Og við tökum land — unz við siglum fram sízt —
Og samt er vort fegins-orð hóflegt,
Eins færir að sökkva. Við vitum það víst,
Að vatnsþyngsla-dýpið er rólegt!
Og þó er oss um og ó!
— Af ást okkar stendur oss vandi —
Því við eigum sjö börn í sjó,
Og sjö börn á landi.

1910

Kirkju-sætin.

— Sögn um Víga-Styr. —

Þó hann keypti kirkju-sætin,
Klerkar báðust engra gjafa —
Jafn-mörg átti á himni að hafa
Hann og frjálst að nota strætin.
Sjálfráður þeim sæti bjóða,
Sem hann vildi himin-góða,
Þar að eilífs unaðs jólum
Óðals-drotna, á þessum stólum.
Þetta lætur nándum nærri —
Nema þau hafi orðið færri!

1912

Svipdags saga.

I.

Hann tók sig upp heiman, með tólf menn í fylgd,
Hann Svipdagur konungur Svía,
Að Goðheimum leita um langræði bylgd —
Öll lönd vóru könnuð, öll höf vóru sigld,
Frá kveikingu morguns til kveldroða-skýja.

Þeir hvíldu sig aldrei, í fimm ára ferð
Um Miðgarð frá enda til enda.
Og innundir regnbogann gata var gerð,
Upp gnæfandi tinda við sjöstirnin kerfð,
Þar norðljósa-blikurnar blysunum henda.

Þeir samfarar komu þó svo búnir heim,
Né gátu þeir Goðheima fundið —
Hann Svipdagur undi ei úrslitum þeim,
Í aðra ferð bjóst hann um náttstjarna-geim,
Og hugðist að kappsigla kveldmána-sundið.

Í þrönglendu ríki hans steindrangur stóð,
— Sem hestasteinn gróinn í hlaði —
Við alfara-braut fyrir útfara-þjóð.
Þeir Alsæll og Vesæll sér tróðu þá slóð —
Þar hinkraði förin, sem hik sé að vaði.

Þá opnuðust snögglega óvæntar dyr,
Í þilið á blágrýtis-bergi,
Og út kom þar dauðinn, sem aldregi fyr
Til annars sig hafði en að þegja sig kyr —
Hann skreiddist fram, dulklæddur skuggsjá af
dvergi.

Hann mælti til konungsins: "Marki er náð!
Kom, gakk þú í Goðheim hér inni!"
Hann Svipdagur hlýddi, og hafði það ráð,
Og hvarf undir steininn, þess varð ekki gáð —
Í átthögum létti hann leitinni sinni.

II.

En hafi þér gefist að gleymast frá þér
Í verki, eða vel gerðri bögu,
Og gripi þig frændsemi alls þess sem er,

Þú opnaðir Goðheim og veizt hvernig fer:
Og hugsar, á legsteinum, Svipdag í sögu.
1912

Munnmæla-saga frá útilegumanna-öldinni.

—

Formáli.
Þú vænir mig skreytni. Í skrifum sé frá
Eg skröksögu þvílíka finni —
En svei mér þá, lagsi, eg lýg ekki. Sjá,
Eg las það í öldinni minni.
Og horfð' uppúr hlaðvarpa, gerðu!
Á hásæta-fjöllin. Hvað sérðu?

I.

Við hengdum þá átján ræningja á rá
Í röð, eins og spyrður í hjalli.
Við sveitarmenn lögðum þann gálga yfir gjá.
Á gígs-barma hátt upp'í fjalli.
Við sóttum ei sök eftir bókum,
Því sjálfdæmi af þeim við tókum!

Í einveldi þeirra var heiðin og háls
Sem herkví um sveitina dregin.
Og hvorki var maður né fénaður frjáls,
Að fara þar klakklaust um veginn.
Þeim átján við nágrannar náðum —
Sá nítjándi kemur fram bráðum.

Og bygð okkar höfðu þeir ruplað og rænt,
Og refsað því tjóni með háði
Í mannsaldur nærri. Og hug að sér hænt
Þess höfðingjalags, sem að dáði

Þau völd, sem að hagsmuni hafa
Í hendi, til ráns eða gjafa.

Til dómarans skruppum við ár eftir ár,
Með auðmjúkum kærum en sönnum,
Og báðum hans göfgi að gæta vor fjár
Í greipum á landráðamönnum.
En hann sagði: Heiðin sú kæmi
Ei heim við sitt lögsagnardæmi.

En við gætum fangað þá, flutt þá í sveit
Í fjötrum, og hann skyldi mæta
Og ótrauður gera þá lærðustu leit
Í lögbók, og réttarins gæta —
En ætíð kom fé hans af fjalli,
Og fullheimt, á aðra þó halli.

Við klerkinn við nefndum, í kirkjunnar bann
Þá kumpána alla að lýsa.
Um bannfæring, minni, samt báðum við hann,
Þó bót ættum síður þar vísa.
Sú meiri var máttkari. En honum
Víst mótfeld — Og það lét að vonum!

En hann færðist undan. Þeir ei hefðu skert
Neinn einkarétt kirkju, að þessu —
Og satt var, að jólakveld komu þeir hvert
Í kirkju, og hlýddu þar messu
Með lotningar-fylling og fórnum.
Í fylkingu instir í kórnum.

Og hann, sem gekk fyrir, var breiður á bak,
— Þeir bjuggu sig alvæpni, að forn-sið —
Og ullarsekk, gildum sem tólf manna tak,
Hann tylti við altarishornið.
Við þektum hver lagðinn til lagði!
En lögbókin Kristsfé það sagði.

Sér héraðsins frumvaxta framfaramenn
Þá fyrirmynd leizt á að gera.
Það lokkar, að stýra til stórræða enn,
Og sterkur og djarfur að vera.
Og hugaðra um hepni en gæzku,
Er hávegum fleirum en æsku.

Og ungmeyjum sýndist það útvega-kænt
Og aðalsmanns braguriun forni.
Þær beljuðu reyndar, er búrið var rænt
Og bjargarlaust kotið að morgni.
En dreymdu sig húsfreyju á heiðum,
Með húsfylli af dýrindis veiðum.

Þeir uxu að virðingum — ósæmdum við,
Með aðgerðaleysið til saka.
Við bjuggumst til aðfarar, bófanna lið
Í bælinu höndum að taka.
Og hétum á heilagan Pétur,
Sem hjó, þó 'ann mætti ekki betur.

Við hengdum þá útlaga átján á rá.
Og einir þar vórum í ráðum.
En oss hafði brugðist þeim nítjánda að ná —

Og nauðugir fáum hann bráðum
Með frjálsgefinn fótinn og sporðinn,
Og flokksmann og sveitunga orðinn.

II.

Fyrst við áttum nú fyrir sigri að sjá
Og siðum, að drekka þeim erfi,
Við efndum til veizlu. En strax kom á stjá
Alt stórmenni, í dölum og hverfi —
Í gildið, sem heiðursgest hollan,
Þeir höfðu þann nítjánda, skollann!

Því þegar við fylktum um fjallþjófa lönd,
Og fangað þá höfðum, að kalla,
Hann leyndist á brottu, gekk bygðinni á hönd,
Var bættur og sættur við alla.
Hvað ávinnur illgetu-kvitni
Gegn iðrunum tómum sem vitni?

Samt greip okkur óhugur umtölulaus,
Sem af sér það kurteisin harki:
Hvað Ólafur sagði um Hákonar haus
Í höndunum blóðugu á Karki.
Við sungum, og sátum þó inni —
Og sögðum þar fyrir hans minni.

1916

Fall samtíðarmannanna.

—

Þegar vörnin er á enda.
Útlaganna úr bygð og skólum

Riðlaðra — sem reiða og henda
Rúmfjölum, í karar-bólum —
Þá er eins og bylur blakkur
Blístri undir hellis-þaki:
"Varaðu þig, Valnastakkur,
Varaðu þig, Valnastakkur!
Fallinn er hann Fjögramaki."

1916

"Geisli" Einars Skúlasonar.

"Skuggum hvar sem viðnám var, sé vofum hrannað —
Tek það bara trútt og sannað:
"En táknin fara hvert á annað!"

1918

Svar Úlfs ins rauða.

— Úr sögu Ólafs Tryggvasonar. —

Sárt hefir Ólafs ofsa brunnið
Einart svar frá kappa smáðum:
"Þér hefir, kóngur, Úlfur unnið
Afrek sín, og fall sitt bráðum!
Ver ei lakar lyfting þína,
Lofðungur, en Úlfur stefnið." —
Oft nam vilhöll vanþökk brýna
Vargoldnara, sama efnið.

1918

Við Dýflin.

—

Ef í lið þitt brestur bráður flótti,
Bittu skó þinn, far að öllu rótt!
Hvert skal flýja? Hvað má nokkur ótti?
Hælislaust og bráðum komin nótt! —
"Til Íslands
Eg kemst ekki í kveld,"
Sagði Þorsteinn.

Seytján fóru. Sextán féllu í stríði,
Suð'r í Dýflin eltu bana sinn —
Af komst hann, sá eini, er ekki flýði
Án þess fyrst að binda skóinn sinn —
"Til Íslands
Eg kemst ekki í kveld,"
Sagði Þorsteinn.

Þó að depri djarfsýn víga-blinda,
Drenginn þann mun hugstór kannast við:
Sem ei skirrist skóinn sinn að binda
Skammarlaust, þó flýi annað lið —
"Til Íslands
Eg kemst ekki í kveld,"
Sagði Þorsteinn.

Til þess lands er drjúgan veg að vinna,
Von þín ung, sem kjölnum stýrði frá.
Komið babb í bátinn allra hinna —

Bittu skóinn! Hvað mun liggja á?
"Til Íslands
Eg kemst ekki í kveld,"
Sagði Þorsteinn.

1918

Ástríður Ólafsdóttir Svíakonungs.

I.

Undir gálga Ólafs digra
Óttar svarti í höll var leiddur.
Ekki fór hann feimulega,
Fangaklæddur vel og greiddur.
Undan dökkri skör á skáldi
Skinu augun langa vegi
Sem þau fyrst í mynd hans mættu
Manni, svip þó greindi eigi.

Kóngur bar til Óttars illan
Afbrýðinnar haturs-þunga,
Banasök var kvæðið kunna,
Kveðið fyr um drotning unga.
Fyrir söngsins hug til hennar
Höfuð sitt ' ann átti að láta.
Hirðin skyldi hlýða á, að
Hegning þessi stæði máta.

II.

Óttar gekk að hástól hilmis,
Hneigði fyrir drotnum lýða —:

"Eg er skáld og kann að kveða,
Kóngur þú, og sæmd að hlýða
Lofi þínu, ljóði mínu!
Leyfið að eg flytji, herra!"
Hvesti að honum ýgum augum
Ólafur og hugði verra:

"Þú skalt ljúka öðru áður!
Ort þú hefir langtum fleira —
Mansöng, kveðinn um sig unga,
Ástríður er gjörn að heyra!
Lát oss sjá, hve syrpur þínar
Sæma henni, Noregsdrotning!"
Óttar kvað: "Eg kann þær ennþá —
Konungsboði tek með lotning."

III.

Kvæðið hóf 'ann. Hirðin þagði,
Hlustarnæm að flímið skildi —
Eins og seytla um silfurskálir
Seiddi Óttars raddar-mildi.
Var þó sem við skreyti-skrumið
Skáldamálsins hann sig efi,
En sem lægju langir kossar
Leyndir undir hverju stefi.

Allir sátu hirðmenn hljóðir,
Hönd var knélögð undir borði.
Sýndist skína úr svipnum þeirra
Samvizkan í hverju orði.
Það var að eins er hann nefndi

Ástríði í þulu sinni,
Þá var eins og allir hefðu
Önnur kvennanöfn í minni.

Konur litu allar undan
Óttars kveðskap fyrst, í ranni.
Eftir fyltar fáar vísur
Festu augu á kvæðamanni,
Störðu á hann og léttum lófum
Léku mjúkt við forna bauga.
Var sem blámi bjartra drauma
Brosaði varma úr hverju auga.

IV.

Óttar greip, að augabragði,
Olafs-drápu háttastríðu.
Hún skall o'n í endir ljóðsins,
Eins og bylur fylgdi þíðu.
Hátt yfir allra kolla kvað hann
Konungsminnið, yfir borðum.
Ólafs frægð og frækn' um salinn
Flaug í gný af hvellum orðum.

Stigu fram í styrku rími
Stoltar-leikir víga-æðis —
Samt var eins og allir sætu
Enn í leiðslu fyrra kvæðis.
Þó 'ann léti hlymja á hjálmum
Hvassa stuðla í efldu versi,
Gleggra létu eftirómar
Eldri vísu — hún var þessi:

"Man eg æ — við eitt sinn dvöldum
Inn hjá Væni, sumarkveldis,
Tvö og ein, og áttum saman
Aftanfegurð Svíaveldis.
Þá var okkur ekki í huga
Óttahik við dóm í sögum,
Hvort við hlutum ríkis-ráðin
Rétt, og samkvæmt Gautalögum."

V.

Ólafi var sveimul sjálfum
Sveitastúlka í löngu minni.
Eftir henni fyrstri forðum
Frétti hann, í útlegð sinni.
Hafði síðar ljóð og langskip
Lagt fyrir sjóarhamra enni
Út til drifs, frá höfnum hennar,
Hrösul-giftrar lítilmenni.

Mælti ljúft og leit til Óttars,
Loknum hans að bragaraunum:
"Skáld, nú máttu heilu halda
Höfði þínu að kvæðalaunum" —
Drotning hafði unaðs-örugg
Undir flutning ljóða snjallra
Setið, djörf og sveipinfölduð,
Sigur-rjóð og prúðust allra.

Rauðagull-hring rakti af hendi,
Rendi að Óttar baugi sínum:
Þigðu, skáld, sem glampa á götu,

Gneista þann af fingri mínum."
Dögling leit með dælsku-brosi:
"Drotning Noregs sæmir, herra!
Minna yðar launum launa
Ljóðið um sig, þínu verra."

VI.

Löngu þeirra hrundu hauga
Huldu margar grænar aldir —
Til eru enn, hjá örfum þeirra,
Eldar sömu í brjóstum faldir.
Eg hef' séð úr sænskum augum
Sömu stafa hjartaslögin,
Sem að fyrir Ólafs exi
Óttari svarta guldu bauginn.

1918

Hæft í markið.

Lá hún flöt í leyni,
Lörfuð illum dúðum —
Gaus upp gól með súðum.
Grettir henti steini.
Tálknum tók að söngla
Töfrakindin fornum —
Fóstran allra Öngla,
Elzt er Heimska af nornum.

1918

"Héðan falla öll vötn til Dýrafjarðar."

— Íslendingadags-erindi. —

I.

Steinsnar o'n í heima-hlaðið,
Heiðin rötuð, slarkað vaðið.
Nærri fullefnd, hugföst heitin
Hjartastrengd við æskureitinn.
Heimþrá átti fult í fangi
Ferð þá með — á lestagangi!
Héðan sá hann sólskinsblíða
Sveita-fangið grænna hlíða —
Upp til hafs og inn um skörð
Dagaði allan Dýrafjörð.

Fegni hans varð fall á orði —
Fylgdarmaður skemra horfði:
"Þótt að bilið mælist minna
Milli þín og heima kynna,
Fjær er heimvon! Fram eg eygi
Fyrirsátur skamt á vegi.
Snúum frá, svo fjöri ei týnum!
Feigðin undir túngarð þínum
Heldur á þér varan vörð —
Dauðinn ver þér Dýrafjörð."

"Heldur bíð eg hinzta skaðann
Hér, en snúi aftur, þaðan
Sem til Dýra-fjarðar falla
Fossinn sé og læki alla.
Sérhvern dropa þrífur þráin,

Þar að mega hníga í sjáinn —
Þar sem lífið lék mig blíðast
Ljúfast væri að falla síðast.
Þegar hinzta ganga er gjörð:
Deyja o'n í Dýrafjörð,"

II.

Hvað er grjót og götur rangar?
Gömlu vestur-ferðalangar!
Eða skygni um skapa-gátur:
Skamt sé oss í fyrirsátur?
Skeytum engri vo á vegi
Við, á þessum Íslands degi!
Skeiðum allir undanhallið
Ofan hlíð og lækjafallið,
Hver að sinni heimajörð!
Dalinn nið'r í Dýrafjörð.

Gullkistan.

(Íslenzk munnmæli segja, að gullkistur séu settar á suma hnjúka, og verði eign þess, sem upp kemst. Oft kann svo að sýnast, sem færum manni sé það lítil frágangssok, en þá kemur það upp, að þau álög fylgja, að upp skal ganga andhælis. Bregði út af því, er manni bani búinn eður ónýt-is-för.)

I.

Á gnæfandi fjallstindsins gnýpu efst
Er gullkistan upp yfir dalinn fest,
Og honum, sem lagið er bergþor bezt
Og bjartsýn og upp ei gefst,

1918

Sem hindranir stígur til hæða, á
Öll hnossin, í skrín það lögð, að fá.

Þó hvílir sá vandi þeim vegbrjót á:
Hann verður að stara o'n í kæra sveit.
Um axlir sér hver, sem til launa leit,
Úr lífsvonum hrapar sá.
Því liggja þar mölbrotin mannabein
Í múgum við sérhvern haukastein.

Hinn getur ei ókomnum óveg sint,
Né æðrast og kviðið: eg hæð ei næ!
Sem hnakkanum beitir í hættur æ.
Úr háska 'ann rennur blint,
Og hengiflug gengur, og handbjörg fær
Á hríslu, sem upp af dalnum grær.

II.

En þig get eg frætt, sem munt þangað ná,
Hvað þér geymir kistan, sem læst þar beið —
En þér stendur opin sem eilífð heið:
Munt augnastein spámanns fá,
Og öllu, sem ljósheiðið lífsþörf er,
Þú lyftir á tindinn upp með þér.

Þér fjalldrapinn vitrast, sem uppgangs-ör
Gat ætt fram af ættum, og öld við öld,
Þreytt vaxtar-raun, lengst fram á vetrar-kvöld,
Í vor-sólna efirför,
Og þrátt fyrir hrakning og hröp, sem beið,
Komst hlíðina upp á miðja leið.

Og tangana beru sem bróðurhönd
Sérð, bládýpi hafanna köldu þú
Frá dal þínum seilast, sem byrjuð brú
Til bandalags, fjarst í lönd,
Með sérhvern þann dýrgrip, af dygð og snild,
Sem dalsins þíns lýð er nánast skyld.

Sérð, frjósemi aldanna fyllir skarð,
Og fornhrauni þarna í skógrunn hverft.
Að túnfegurð bær hefir átt og erft,
Langt út fyrir kirkjugarð.
Þú heyrir hve lifir í ljóðum, hjá
Þeim liðnu tungum, sem kváðust á.

Með fagnaðar-augum á auðn þú sér:
Veizt æskan er hugsjál og kraftasterk —
Slík feikileg efni í fremdarverk,
Sú frægð, sem hún á fyr' sér!
Þú gleðst, að svo rækileg rausnar-lönd
Eru rúm til að skapa, með sál og hönd!

III.

Á gnæfandi fjalltindsins gnýpu efst
Er gullkistan upp yfir dalinn fest.
Og honum, sem lagið er bergþor bezt
Og bjartsýn, og upp ei gefst,
Sem hindranir brýtur til hæða, á
Öll hnossin, í skrín það lögð, að fá.

Í guðsríkis víðsýnið gakk, úr töf
Þess garðsins við sálnanna skugga-hlið!

Og upprisu þarftu aldrei við —
Og ekki að taka þér gröf,
Í landinu frammi um fyrirheit
Svo friðuð. Um legstað þinn enginn veit.

1918

"Móðir mín í kví-kví."

— Eða: Íslenzkan í enskum búningi. —

—

Yfir kvía-sauðfé svona söng á stekknum mjalta-
kona:
"Mig eg illum búning bý —
Boðið er mér í dansinn'!
Vestan-kvía-kjólnum í
Koman þar, er vansinn."

Upp úr urð sér snarar útburður og svarar, vælu-
orðum anzar því:
"Móðir mín, í kví-kví,
Kvíddu ekki því — Því
Eg skal ljá þér duluna mína, að dansa í, að
dansa í."

Slíkar búnings-bætur bjóða sér hún lætur, stall-
systur þó stanzi á því —
Gegnir en veit að vansi er í:
"Góð er — að þinnar getu von —
Gjöf, að fósturlaununum!

Alinn á flótta, yngsti son
Útburður í hraunum."
Í dulunni gekk til dansins drotning Kvæðalandsins.

1921

Nift Nera.

I.

"Þá hafði Helga
Inn hugumstóra
Borghildur borið
Að Brálundi." ......

"Nótt var í bæ.
Nornir komu,
Þær sem öðlingi
Aldur sköpuðu.
Þær greiddu úr
Gullin-síma,
Og undir mána-sal
Miðjan festu." ......

"Brá nift Nera
Á norðurvega
Einum þætti —
Æ bað halda."

(Helga-kviða.)

II.

Örlög hans svo áskapaði:
Skalt við heilum hörmum orðstír kaupa ævarandi —
Svo er frægðin fengin!

Glað-tómum grípa greipum óvita skalt, um
Allan þinn aldur,
Brísinga-men, það sem máninn hengir
Hátt á háls nætur, djúpt nið'r í saltan sæ.

Ást skalt öðlast, ástum bregðast, skjóta magni um mark fram —
Ramari raunir rekkum öðrum, gef eg þér, sveinn til sigurs!

III.

Sjö komu saman systur hennar
— Örlaga-dísir allar —
Ágæti, atgervi, yfirmensku, ljúflingi létu í té —
En alt var það fallvalt fé!

Ein gaf Sorgin til sigurs!
Því varð Helga-kviða kveðin.

1922

VI.
LANGDVALIR

Íslenzkir landvegir.

Bjóst eg við, að fá í fang
Flöt og hálsa bara —
En sumstaðar á seina gang'
Sanda varð að fara.

1923.

Björg á Bjargi.

Formáli.

Eg hefi efnt, og farið þessa ferð
Fjandskapslaust, og bótum hygst að una.
Fyrirgefning verður einkis verð
Við það studd: að gleyma sér, að muna!
Hefi reynt, að rekja um eina spönn
Refilstig, í undan-flótta vorum —
Fundið bláma, byrgðar alda-fönn,
Blóðdrefjar í þessum máðu sporum.

Leiðarhvammur.

I.

Fyrir ofan fossa,
Fjallgarðs undir hrammi,
Lest í Leiðarhvammi
Leysti klyfjar hrossa.
Brátt úr blaki sloppin
Bleytu-storms frá vargi,
Undir bús að Bjargi
Brekku-varið skroppin.

Þíðan úti, Þverá ófær var.
Þoka á heiðum, krapa-regn frá ströndum.
Hljóp við spreng, og spyrndi úr báðum löndum
Strauma-rek, sem renslið ofan bar.
Utan-snúinn austan-garri stóð
Upp á móti hverjum dala-straumi.

Ferða-tjaldið, stangað silki-saumi,
Hirðstjórans var reist, unz félli flóð.

Voldugum tepti veginn
Vötn og stormur ljótur.
Bjarg varð veður-brjótur,
Brekku-öxl þar megin
Varði hvamm að vestan
Vinda austan-taki,
Undir opnu þaki
Úti-skjóla beztan.

Æst og mórauð, milli hóls og tjalds
Miðja brekku sýndist Þverá verja,
Fela vað og fylla götu hverja.
Brýnum ferðum bönn til áframhalds —
Æ var mannhætt yfir Gljúfravað:
Uppi gígar, fossa-hlaup að neðan.
Botnlaust nú, svo bíða varð á meðan
Næturfrostið setti ánni að.

II.

Hlátra og hávært yndi
Huldi tjaldið hvíta.
Helzt var rætt til hlíta:
Hvar í sveitum myndi,
Fyrir fúla þenna
Farartálmann langa,
Vænst til veizlu-fanga,
Víns og fríðra kvenna.

Fremstur skemti skósveinn valdsmannsins,
Skrópa-kurteis, vilmáll, dönsku-blestur.
Hirðglæstastur, heima-lubbi mestur,
Uppgangs-mögur íslenzks þræla-kyns,
Nefndur Lárus Landvömm, undan hlust —
Lárenkrans í viðræðum og herra,
Þegar hann var heldri skó að þerra,
Eða troða druslur o'n í dust.

Hinn, sem honum stendur
Hærra og öllu landi,
Dóli og vina-vandi,
Var frá Danmörk sendur.
Hér var, hreinsun þaðan,
Hæfileg til valda —
Þjökuð þjóð má gjalda
Þann, og stærsta, skaðann:

Erlend valdstjórn úti-seljum kýs
Úrgangana sína og þeirra, tíðast,
Sem þau eiga að heiðra, hlýða, þýðast.
Þó að helzt sé vanhöld af þeim vís —
Fleira en Lárus fylgdarliðið var,
Fengið til að sitja, ganga, standa.
Til var líka lægra tjald því handa.
Í þeim tug á einum stórum bar.

Hóls og hneisu vönum:
Halla "opinmunni".
Vel sem verða kunni
Virkta-skáld með Dönum.

Sér að ýta að eyra
Yfirmanna sinna
Flest hann vildi vinna,
Verða grey að meira.

Alt sem þjóð hans orðið gat til háðs,
Ýkju-drýgt til hæsta markaðs bar hann.
Sú var ljúf í leiðindunum varan,
Jafnt að öldri og rekstri stjórnar-ráðs.
Að í kjöltu konungs-miskunnar
Krypi fólk, var bótin meina hverra.
Göfugt launbarn einhvers erlends herra,
Sagði hann alt, ef efnilegt það var.

Fermdur fyndni-orðum,
Fífl á snöpum loddi.
Sníkja, af annars oddi,
Alls sem datt af borðum.
Sagði: af Sunnlendingum
Sjóvetling nú flettan,
Lækkuð lambhúshettan
Líka á Norðlendingum.

Svo var honum innrætt ómegðin,
Að hann trúði viðgang lands það tefði,
Ef að karl í koti sínu hefði
Annað vit og vilja en kóngurinn.
Þungt í höm hans hafði lagst, að er
Hættu-stórt inn ill-volduga að styggja.
Fyrirleit þá þrjózku, tregt að þiggja
Eign og forsjá æðra valds á sér.

III.

Heyrðist hátt í ranni
Höfuðsmaður segja:
"Þetta er auvirð eyja,
Óhæf konung-manni!
Flyt í Höfn úr fári —
Fyrir vel-reitt gjaldið
Leigi þér land og valdið,
Lárenkrans, að ári."

Glatt var svarað: "Sæmdar-auki mér
Sá er góður. Hitt er stórum verra,
Þér á Ísland eydduð, danski herra,
Þeirri tign, sem of-góð hingað er.
Konungs-boð, og erindi þitt alt
Ótrautt mun eg hér á landi rækja,
Yðar rétt frá alþýðunni sækja —
Kaupi völd og virðing, sem er falt."

Steyttur storku-bylur
Stökk um gil af múlum —
Matsæld, ölværð, ylur
Undir væddum súlum.
Afstýrð ísa-krepjan,
Úti-tjölduð hretin.
Vos og veður-nepjan
Vel af stokki setin.

Þverá.

I.

Úti í eyrar-slakka
Áðu tveir í næði,

Sveiptir söðul-klæði,
Söðull undir hnakka,
Hirðmanns hesta-sveinar —
Heiman skyldu-kvaddir,
Hlífðu ei hömlur neinar,
Hvar sem væru staddir.

Áttu ei tjaldrúm. Skamt var heim til hlaðs
Háttum ná í ekkju-sona garði.
Móður-húsið hinu-megin vaðs,
Heim að Bjargi ófær Þverá varði.
Þannig, undir eigin húsa-vegg
Úti um nótt á beru svæði lágu,
Vafðir líni loftsins skugga-gráu:
Norðan-sjónum. Nóttin gekk í hregg.

Svöl var sængin drengjum,
Sam-hlúð bræðra tveggja.
Enn var eitt rúm beggja —
Árfoss lék að strengjum,
Stór-raddaður straumur
Stundi og gall, úr hyljum,
Eins og gljúfra glaumur
Gengi á með byljum.

Sjöstirnið við syðri Haukatind
Silfur-skildi yfir Nónskál hengdi.
Heiðt til jökla, frosin fjalla-lind,
Fallið élið, nætur-bitru lengdi.
Þverár-bólga að blána upp við skör
Byrjuð var, og Hvirfilberg að hække.

Skolavatn í vöngum þess að lækka,
Fyrir ofan straumsins steypi-för.

II.

Hinztur hélt til náða
Halli, að lága tjaldi.
— Leik-fífl, höfð í haldi,
Háttum sín ei ráða —
Ósamvali ins æðra
Eftir vöku-notin.
Njósn um náttstað bræðra
Nú í brjóst hans skotin.

Stundum fann hann þurð í þessum sjóð
Þjóðar-rógs, og hæðnis-sögu burðar.
Minni von, að verða myndi góð
Vistin þá, sem alt til haldið snurðar.
Sérhvert hler var helzta von til fengs
Honum, vönum flugusagna-skytja,
Um hvern ljóð og lastyrði að sitja
Haft um stjórn, í mæli manns og drengs.

Tómlega frá tjöldum
Tölti læðu-fótum,
Eftir eyrar-grjótum,
Út að bólstað köldum.
Eimdi ei andardráttur
Upp úr híði gilsins,
Hljóð né hjartasláttur
Höfga bjarnarylsins.

Kulsöm var hún, þessi fýluferð
Fyrir Halla, lengi við að haldast,
Þó að nú, í næsta morgunverð
Naumast sæi, hvað var til að gjaldast.
Í þær herkjur ekkert varð nú sótt.
Inn í tjald að bóli sínu sneri —
Var sem forlög fryst hann inn úr hleri
Við sig hefðu, hlutsöm þessa nótt.

III.

Rót varð rúms í leyni
Rekkjunnar í bakka —
Sagt í sæng í slakka:
"Sefur þú ennþá, Steini?
Eg, við útból frerið,
Átti ei drauma blíða.
Hefi í vöku verið
Vaðið hér að ríða."

"Kuldinn sveið mér svo, í hverjum lið,
Sárt af járnum vorra ættar-hlekkja.
Hirzlan gjaldlaus, göngu-þrælar við,
Garður fallinn, húsmóðir vor ekkja —
Hvernig helzt sem hlotnast þetta vald
Herrum, sem ei keyptu lönd né byggja,
Finn eg eymslin, undir því að liggja —
Skamt eg næ, en næst er þetta tjald."

"Undir dúk þess dvelur
Danskan uppgangs-mesta.
Innlent, okkar versta,

Á þar styrk og felur.
Eflir ásælnina
Óréttlæti og grandi.
Velur sér til vina
Varmenskuna í landi."

"Völd sín misti Lárus innan lands,
Lengi myndi ei kúgun honum tjóa.
Upp í skauti erlends höfuðsmanns
Ómagar og þjóðníðingar gróa.
Örugt, til að vera skálka-skjól,
Skipa rangt en dáðalaust til starfa —
En við Þverá ætlum slys til þarfa,
Áður en fjörum út, með næstu sól."

"Þurfti eg, Árni, eigi
Yfir því að vaka."
— Svo kom svar til baka —
"Sá fyrir mörgum degi
Minni og höfuðsmannsins
Meinbægð hérna ljúka,
Fleyttri úr framtíð landsins —
Foss yfir báðum rjúka."

"Ókjör get eg flúð, sem faðir minn
Formenskuna á konungs-skipi áður.
Betra er að endi vegurinn,
En að vera ei sinna spora ráður.
Vil eg einn, en óvaldandi að þér,
Ættarharma vorra reka og deyja.

Þú átt móður okkur svo að segja
Kveðjuna og mannslátið frá mér."

Gegndi hinn: "En hví að
Hanga og drukna, Steini?
Björgun bregzt, sá eini,
Báðir ganga í það!
Þótt með þessum hætti
Þoki ei land að hefja,
Það er þó sem mætti
Þjóðar-morðið tefja."

Þú veizt glögt, um helreið höfðingjans
Hverjir yrðu líklegir til sagna,
Og að bróðir banamannsins hans,
Ber um samráð, þyrfti ei lífi að fagna!
Mér er nægju-sælla ef tilraun sú
Setur haft við ofbeldið í landi,
Glepur það svo — þó á litlu standi —
Líkara væri að lífsins freistir þú."

"Haga-Laufey langa
Lífsraun á og grætur,
Eigi hún allar nætur
Ein til hvílu að ganga.
Gæfu-gætni þinni
Gegndi að bjargast heldur.
Eg fékk munum minni!
Móður-skapið veldur."

"Sama veiztu, og væri þér, er mér
Vandkvæðið á lífi mínu að halda.
Auk þess væri líf að látnum þér,
Lengsta og þyngsta hefndar-skuld að gjalda."
Mælti hinn. "Það hæfir fyrir mann,
Hefna þungt, en að sem skemst það sárni.
Eg um fossinn fylgist með þér, Árni,
Út til dóms í dag, með hirðstjórann."

IV.

Reiðhestarnir róu
Runnið höfðu ei frá þeim,
Bitu barðið hjá þeim —
Beit sig út af drógu
Lesta-hesta hinna:
"Háfeti" og "Valur".
Skjólin möttu minna —
Melurinn var þó svalur.

Árni leit við: "Eitt eg ekki klíf
Óhvarflandi — finn þar bifun mesta —
Ofurgjaldi er eytt í vonds manns líf:
Að þessi förgun kostar slíka hesta!
Verður aflögð okkar drengja-leið!
O'n af vaði í sporð á Hvirfilbergi,
Sundhlaup fornt, ef sást til okkar hvergi,
Vatnið tært, og austur-álman reið."

"Vel má, hygg eg, hlýða
Hestur laus sér forði."
— Andæft var því orði —

"Útaf skulum ríða,
Strengja-slög þar slakast
Slengja, að bergi flötu.
Mörum mætti takast
Mið, á þektri götu."

"Af því einir vaðið þekkjum við,
Vorri leiðsögn neyðast menn að hlýða.
Svo á strenginn, sinn á hvora hlið,
Saman skulum við með jarlinn ríða.
Þar sem verður ei, "ef út af ber
Aftursnúið, fram af vaði" kreppa.
Losna af hestum, lykkjum tauma að sleppa —
Dáðlaust væri að drekkja þeim með sér."

"Feti" stóð hjá fleti,
Flipa stakk við lófa,
Ýrðum ysju snjóa —
Árni reis úr seti:
"Stæltu styrk, að svamla
Streng, og dýpi kargað!
Geti bein þér bjargað,
Beizlið skal ei hamla!"

Bjarg.

I.

Lifnuð ljósa-skifti,
Léttu nætur-skugga —
Björg á Bjargi lyfti
Blæjum stofu-glugga.

Farið henni hafði
Heimvon sinna að lengja.
Var þó vör, hvað tafði
Vegleið ferða-drengja.

Stofu-rúmið, umbúið, var autt,
Enginn hafði lagt sig þar til hvílu —
Sól var uppi, austrið skýja-rautt,
Á og hvammur hulinn mistur-skýlu.
Fjöllin tróðu, í miðja morgun-hlíð,
Mar-vað lygnu-grárra þoku-vatna.
Bjarg stóð fram við fjarandi og víð
Flæðiborð, sem gryntu og vóru að sjatna.

Grámuð gljúfra-böndum
Glóberg, austrið fólu.
Vest'r í ljósa-löndum
Langt, og öndvert sólu,
Hæð og hlíðar-tofti
Hnigu og stigu bæði —
Sem í lausu lofti
Liðu hálfgerð kvæði.

Nið'r á eyri heyrðist manna-mál,
Malar-glam'r og reiðar-skvamp á vaði,
Fast við vegginn. Undir þoku-ál,
Eins og færi dular-lest í hlaði —
Líkt og Hildur, Hyndlufjalli á,
Hljóð á beð' og vafurloga slungin,
Björg sat uppi, ein við morgun-brá,
Æfi-löngum sigur-harmi þrungin.

Ilt, um Ísland leggja
Út frá Höfuðsmanni
Ugði hún, alt til veggja
Inn, á sínum ranni.
Nú hve nær hann tefði
Nauðug varð að eygja,
Sem á hnjánum hefði
Hræ, en mætti ei fleygja.

Mótspornandi véla-valdi hans,
Var það enn, sem mann sinn hníga sæi,
Heldur en að sjálfs-eign sæs og lands
Sinna feðra, úr konungs-leigu þægi,
Bænda-þrælkun, þegar fyrst bar við
Þjóð-ok danskt á fólk á Suðurlandi —
Átti í veði húð og héraðs-frið,
Hver sem ekki laut að sínu bandi.

Úr ef einhver taldi,
Undan ráni slaka,
Réttlát vörn gegn valdi
Varð til stærri saka —
Ennþá sá hún sama
Svip af fyrirmanni
Sneyddan fjöri og frama,
Feldan konungs-banni.

Þegar alt varð upptækt, líf og féð
Ofdirfingsins, hafð' 'ún skirzt að falla —
Eins og Helga, húna sína með
Hólmann flúð, og lagt á sund til fjalla.

Líkt og örnin, unga-hreiðri kaus
Efsta bergið, torkleift hremmi-vargi.
Hugðist myndi verða voða-laus
Við öll rán, í fátæktinni á Bjargi.

II.

Dáð og dugur hvelfdist,
Dygð og gæfa hneyktist.
Ódrengskapur efldist,
Innlend mannsemd veiktist.
Erlent, hafði alla,
Óréttlæti í fargi,
Milli fjöru og fjalla —
Færðist norður að Bjargi.

Harðsótt fanst þó helzt það stjórnar-vés
Hirðstjóranum, makræðinu vönum.
Vel var orðið séð um Suður-nes,
Sérhver bóndi konungs-eign, með Dönum.
Örðugt var til útfjórðunga að ná —
Átti nú að herða á gjörð og bandi,
Konungs-böggum klakkinn lyfta á
Klár-hestanna, á öllu Norðurlandi.

Beini brautar-manna
Bjargar drengir vóru,
Óleið öræfanna
Öðrum betur fóru,
Her-ör höfuðsmannsins
Heiman skyldu-reknir.
Inn til æðstu landsins
Aldinborgar teknir.

Leiðangurinn hlaut að tefjast þar —
Hér varð Þverá töf á sunnan-reiðum.
Móður-augun vöktu. Hérna var
Vænst að gista á þessum norður-leiðum —
Björg sat uppi ein, með hugsun þá:
Ill sé ferða-gæfa höfuðsmannsins!
Aldrei þurfi mögu sína að sjá
Svona ferðast, móður Norðurlandsins!

III.

Björg frá Bjargi lítur.
Bærist sólskins-lokan,
Opnast hvammur hvítur,
Hvarflar beltuð þokan,
Upp úr gljúfrum gráum
Greidd, þó enginn sæi.
Sem af líkbeð lágum
Línið einhver dragi.

Bjarg sat, líkast hauk, á hamra arm
Hátt í lofti, yfir gil og kletta.
Það var eins og yf'r á lægri barm
Örskamt myndi vænginn sinn að rétta —
Vör var Björg, að skrið og fóta-ferð
Fyrir nokkru hafin var í hvammi.
Yfirförin hál, að hálfu gerð,
Horfið tjald við eyrar-barðið frammi.

Næst, á sjónar-sviði
Sín-megin á eyri,
Sá hún lenda liði

Lárus, og þá fleiri.
Hann, með fang-svip föttum,
Fúll og vika-tregur
Drundi að lesta-dröttum,
Digurbarkar-legur.

Hinum-megin beið með "Konungs-Brún"
Beizli og týgjum lagðan, höfuðsmaður,
Fylgdar yfir ána, væri hún
Öllu fær, og tryggur viðtaks-staður.
Lestar-megin drengi sína sá
Söðulreiði, Björg, af hestum spretta,
Ganga frá því, snúa út í á.
Eftirlegu-mannsins bið að létta.

Sterkt er straumur kafinn,
Streng um hnútur brýtur,
Makki og höfuð hafin,
Hæsta lendin flýtur —
Vel er vaðið riðið,
Vana-leikur drengja!
Næmt er mjaðað miðið
Milli gígs og strengja.

Létt og skjótt tókst yfir-reið um á.
Óðar lagt með höfðingjann á vaðið —
Þar sem sízt var svigrúm, bærist á,
Sýndist hrekja, eður við þar staðið?
Inn í skóg sem skotið væri ör,
Skefldist svelgur yfir menn og hesta —

Áin söm, og engin spora-för
Ofan strengja-fallið roku-hvesta.

Björg' varð ekki að orði,
Ótta-hverft varð henni.
Hneigði höfði að borði,
Höndur krepti að enni.
Tundur hrökk á taugum —
Tigna svipnum brá hún.
Undir luktum augum
Enda-lokin sá hún.

IV.

Hrökk svo upp, við óp og brýnda raust
Eftirstaddra. Skipa tók og banna
Slysa-fátið, fangaráða-laust,
Felmtaðra og æstra lestarmanna —
Auga Bjargar óðar' flogið var
Ofan Þverá, nið'r að Hvirfilbergi.
Lausir hýmdu hestar uppi þar
Hennar sona, en reiðmenn þeirra hvergi.

Gufaði gljáa hána,
Gjörð né taumar engir.
Hinzt er hleyptu á ána
Henni þótti, að drengir
Báðir bitla rétta,
Beizlis-hringjur reisa,
Kjálka-keðjum spretta,
Kverka-spennur leysa.

Búist við: sem smeygjast ætti af
Auðveldlega, svo sem gert það mundi
Til þess yfir öldufalla-kaf
Engir taumar vefðust fyrir sundi —
Vissi Björg, að von sem fyrir brá
Var nú lokið. En í feigðar-móðu
Dánarvitnin horft hún hefði á:
Hesta þessa, sem þar uppi stóðu.

Yfir drektra dysjum
Drúptu á kletta-riði.
Föx og tögl í flysjum,
Fætur undir kviði,
Háls-lengd höfuð fallin,
Hálf-rifað í hvarma —
Eins og steypt í stallinn
Standmynd tjóns og harma.

V.

Lestamenn ið sama höfðu séð:
Svona óvænt skeða björgun hrossa —
Allir þustu Þverá niður með,
Þeystu og runnu í bjarga-hvörf við fossa.
— Gestur hafði, á beði, í Bjargar garð'
Blundað, meðan gerðist þessi saga —
Björgu mæddi mjög, að rjúfa varð
Morgun-drauma Laufeyjar frá Haga.

Skyldi ei fögnuð fylla
Fjandsamlegra greyja,
Henni óvænt, illa

Ótíðindi að segja —
Hreykni að skömm og skaða,
Skapraun hver til gleði
Var ins varhlutaða,
Valdi er yfir-réði.

Laufey hafði átt þau erindin:
Yfir Steina hættu-för að skína
— Hans, sem yrði bráðum bóndinn sinn —
Breiða á leið hans ástar-kveðju sína.
Góðar nætur, gengi sérhvers dags
Gefa, og heim-bros afturkomu-fegnum.
Vernd og kvæmd, úr klípum ferðalags,
Kossinn sinn, að vegaleiðslu og eignum.

Björg fann beyg — sem tefði
Bugað þrek við rakna —
Eins þó oft 'ún hefði
Orðið svona að vakna,
Sína að sigra og þekkja
Sorg, við ill-sköp landsins —
Langrar-æfi ekkja
Ágætasta mannsins.

Fyrir öllum erfðum hans að sjá
Átti skyldu: Lífsvon þess að treyna,
Sem að óstyrkt undir höggi lá,
Íslenzks mannblóðs — Tapa, en sífelt reyna.
Þrjózkast við, svo landið lifði af —
Loksins hvarf hún inn að rekkju sinni.

Hversu vært, á vangann, Laufey svaf,
Væn og ung, á koddanum þar inni.

Hverfð að hvílu-stoðum,
Hvít í morgun-ljóma,
Sem úr vorsins voðum
Vaxinn knappur blóma.
Prúðhærð, léttbrýnd lá hún,
Láns-barn hvíldarinnar.
Værum blund' ei brá hún,
Björg þó gengi innar.

Varð ei þrætt um það, hún væri fríð,
Þar sem hana klæddi morgun-sólin —
Ljóða-Edda, aldið penna-smíð,
Upp' á rúmstokk hélt sér fast í stólinn.
Hún var opin enn, við kunna grein,
Um að Helgi, á sinna daga banni,
Bana-særður sat við Frekastein:
Sváfu og hefndir gifti öðrum manni.

Björg úr rugli rétti,
Rúmklæðin á henni,
Kúr'ðan koddann slétti,
Klappaði á enni:
"Lyftrar morgun-lýsu
Löngu síðan gætti!
Svafstu vel að vísu.
Vekti ei þig, ef mætti."

Laufey vaknar. Skærum augum í
Óðum sýndist drauma-bláminn fjara.

Jafnótt skína upp skilningur á því
Skorðum-bundna. Hún varð fljót til svara:
"Þú ert, móðir, árrisulust enn,
Aldrei mistir fyrsta sólar-rofið.
Eru komnir okkar ferðamenn?
Af mér hef' eg góðan morgunn sofið."

"Þrátt til fóta-ferða
Flýta værðir naumar.
Oft þeim eldri verða
Erfiðari draumar,"
Mælti Björg, "og borgun
Bjásturs-lúans minni.
Mig greip það í morgun,
Meira venju sinni".

"Þverá hér við rekkju-stokk vorn rann.
Reiðmenn þekta sá eg yf'r um leggja.
Mér úr lest, með háa hirðstjórann,
Hurfu af vaði svanir okkar beggja!
Gat ei dregið, við að vara þig" —
Vöknuð Laufey réð' í skeðan voða:
"Hrelli-draumum hrygðir þú ei mig!
Heldur ertu druknun þeirra að boða."

Hermdir háskafeldar
Heyrði 'ún drúpin-hvarma.
Heitir uxu eldar
Ósefaðra harma:
"Angrið eitt að rækja
Eigum nú. Í fossinn

Sælast væri að sækja
Sess og bónda-kossinn."

Björg lét hníga að barmi sínum milt
Bljúgan harm og sviftra vona reiði,
Meðan félli í faðmi sínum stilt,
Fyrsti skúr úr dimdu æsku-heiði.
Beið, sem sólroð, unz að upp var stytt —
"Ástir slíkt við fyrstu reynslu segja.
Er hún lengist, læra að stærra er hitt,
Lifa sínu kærsta, er hlaut að deyja."

"Þótt að þýið flýi
Þeim á vald, sem hyggi,
Verjandans í vígi,
Valur snauður liggi,
Meiðsl og mein þó standi:
Móður-hjörtun glöggu
Firra föðurlandi
Falls, með — barna-vöggu."

'Þá er hinzta lands og lýðsins gröf
Loksins tyrfð, ef móður-erfðir dvína,
Sem að niðjum geta í vöggu-gjöf
Gefið minning, slíka eins og þína.
Aldrei deyr úr sögu sigurvon,
Sem á stöðugt nýjan mann í skarðið.
Lífuð framtíð fóstrar annan son
Fyrir hvern, sem litlu bættan jarðið."

Laufey fanst hún finna
Fró við Bjargar ræðu,

Örmagn sorga sinna
Sjatna af hennar glæðu.
Hrifu afl og ylur,
— Orðin sljórra og kaldar' —
Angrið að eins skilur
Eymdir sínar taldar.

Veigur Bjargar varð að styðja sig
Veikum mátt, frá rauna-barni þekku:
"Fylg mér út, þar frjálst um þig og mig,
Fjöll vor hækka sig við hverja brekku.
Það er eins og, þar sem rými er
Þrengslin kunni helzt frá brjósti líða.
Klæðsu nú, og komdu á fót með mér.
Komu-manna frammi skulum bíða."

Björgu uxu aftur
Öflin hugprýðinnar.
Hennar kjark' varð kraftur
Kraftaleysi hinnar —
Stærsta styrk, ef sætti
Stór-raun út af bæri:
Nema minni mætti
Máttarstoð hann væri.

IV.

Heiði á hlíða-þiljum,
Hæst að fjalla-burstum.
Skreið að skugga-giljum
Skin. En báru að hlustum
Hóftölt, hælum snjáðar

Hol-götur frá vaði —
Björg og Laufey báðar
Biðu út' á hlaði.

Þar fór Lárus. Leitum snúinn frá
Lesta-sveitin, einkis-vör hvar feldist,
Það sem horfið hafði framm' í á —
Helzt var sýnt, að norðurförin dveldist!
Valdið týnt, og höfuðlaus var her,
Herra-tignir allra kannske í veði.
Óvíst mál, hver mætti smeygja sér
Mjúkinn í, hjá þeim sem næstur réði.

Líksins varð að leita
Líka. Aftur ríða
Suður. Út til sveita
Sækja lið og bíða —
Vita feng sinn falla
Fyrir slysið þannin
Illa beit á alla —
Enginn syrgði manninn.

Þyngstan huga sér hver samt þar bar
Sveina til, er leiðtog slík þeim vóru.
Glópskan þeirra völd að þessu var,
Vandræðanna tvísýnunnar stóru.
Lárus átti hæst í húfi þar,
Heiftin var hans ráðaleysi að brýna.
Halli, fíflið, fann hve sárt það skar,
Fyrir þetta að missa útgerð sína!

Lárus leiðar-greiðans
Launin hugsar blóðug
Björgu — er úti beið hans,
Beiskju-grætt en hróðug.
Sárra — en grárra gjalda —
Greypilegra efnda,
Ættar ægi-skjalda
Óvopnaðra hefnda.

Þegar riðu þeir í húsa-hvörf,
Þarna beið hún væntu tíðindanna,
Tiginöldruð, drengileg og djörf.
Dyravættur sneyddu átthaganna,
Sigurfríð hjá fórnum, dýrri sér,
Föðurlands í stundar-þágu greiddar.
Öllu svift. Og sinna stunda hér
Síðstu rauna-bætur vissi eyddar.

Hennar ættjörð aldna
— Ólík suður foldum —
Bauð ei hátíð haldna
Hennar látnu moldum.
Og fyrir unga mögu
Aðeins hafði að bjóða
Gröf — í glötun sögu,
Gleymsku allra ljóða.

Lárus hvesti hlakk-rödd sína í sér,
Sagði hvelt, en vonzkan skein af bránni:
"Tíðindi þau, Björg, við berum þér,
Báðir glópar þínir liggja í ánni!

Makleg afdrif. Hefði ei hirðstjórinn
Hjá þeim týnst, og gæfa betri manna" —
Björg stóð föst, við illu albúin,
Undir storkun þyngstu hrakfaranna:

"Leitt er: lepp sem prettum
Lands síns að vill hlúa,
Gott þó færði í fréttum,
Fallvalt myndi að trúa —
Liggi feigðar-fölur
Framinn illra dáða!
Sæl eg legg í sölur
Syni mína báða."

1912

Kolbeinslag.

Hjá höfðingja þessa heims.

Mansöngur.

Vil eg yður velkominn!
Veit eg siðinn, herra minn·
Opna hliðið álotinn.
Aðgangs-miðinn? Stígið inn!

Ríma.

Já, víst er hann kvongaður, húsbóndinn hér,
Og húsfreyja á karl þar í drögu.
Og giftingar-leyfið hans á eg. Það er
Til umvitna, í gamalli sögu.

Eg skýzt yfir svip hans. Um skrök ferð í brígzl
Í skinnklæðum öðrum ef sér hann.

Er Blámaður, Hindúi og Breti á víxl —
En "brakún" í hvað sem að fer hann.

Hann eitt sinn, sem hinir, í hjónaband gekk.
En hæpið þær sakirnar stóðu.
Hjá kunningja sínum hann, fullreyndum, fékk
Þá frægustu nöldrunar-skjóðu.

En vantrúar-lýðum eg læt á það bent:
— Sem lízt, að um hann sé það skrítið —
Að flest er af guðum við kvonbænir kent,
Þó kvennafar hans spyrjist lítið.

En allur hans búskapur örðugur var.
Hann ungaði á flækinginn krakka.
Og það sögðu allir, hann ynni ekki par
Af öðru, en við Danskinn að makka.

Um vanhirta kosti varð konunni glatt,
Þeir klingdu 'onum sífelt í eyra.
Þó slægðist hún mest til, að segja 'onum satt,
Ef söfnuður kom til að heyra.

Á endanum varð hann svo ákúru-sár,
Og atyrðum stirður að gleyma,
Hann stalst burt í friðinn ið fimtánda ár,
Á föðurleifð óselda heima.

Þér stökkvið ei upp við þann hjónabands hæng.
Í hreinskilni tjái eg yður:
Þau skildu í bili að borði og sæng,
Sem bara er höfðingja-siður.

Hún flutti, sem aðrir, til lifenda lands,
Að lokum — og heim til hans bara —
Hún giftist að lögum, á hreppslægið hans,
Svo hvert átti 'ún annað að fara?

Og nú sér hér enginn um ágreining vott,
Hún er ekki ráðrík né baldin.
Og heimilið fyrirmynd, gengið svo gott,
Og gullbrúðkaup ártalsrétt haldin.

Og þó að hún hafi ekki í skapinu skifst,
Við skiljum það líklegast þannin:
Að hún var, sem aðrar er oft hafa gifst,
Hún elskaði seinasta manninn.

Og svo var nú annað, sem að skyldi gáð,
Og öllum er ljóst, að eg vona:
Að karl hennar hafði þar niðri sér náð,
Svo nú var hún stór-ríkiskona.

Og tæplega verður oss við þetta bylt —
Til vitnis þér haft gætuð flesta:
Að skorturinn spanar upp eðlið vort ilt,
En auðurinn ræktar vort bezta.

Hér áttu þau gervalla "myrkranna makt" —
Þó megnuðu á Hornströndum öngu.
Þá vóru þau aumingjar, eins og var sagt,
Á Íslandi á "hillunni röngu".

Eg held, að þér getið nú heimilið þekt —
Ver hnýsinn sem stjórn-snati svarinn,

Að standa á hleri er hirðsiðalegt —
Sko, hér kemur drotning og Sarinn!

F r ú i n:

"Æ, heyrðu mig, góði minn! Kirkjan var köld,
Þeir kunna ekki í ofninn að leggja!
Hjá páfanum hérna er heimboð í kvöld,
Og hann á þar von okkar beggja."

H ö f ð i n g i n n:

"Hver ólukkinn! Meinlega á þessu stóð!
Því aðra ferð hef' eg mér búna —
En þú ferð samt uppeftir, elskan mín góð,
Og afsakar fyrir mig núna.

Eg vinn það sem mannanna virðing er flátt,
Hef' von um að fanga þá alla.
Að afmenna hvívetna, hátt eins og lágt,
Er hernaðar-kænskan mín snjalla.

Ið greiðasta skeið til að skrílmenna þjóð,
Er skemdir á tungunni að vinna.
Frá hugsanaleysi er afturför óð
Til apanna, bræðrunga sinna.

Þó ómenskan hepnist ei eins og eg vil,
Eg af hef' þó stórmiklu bisað,
Því Gota og Hellena heimsloka til,
Nú hef' eg með latínu slysað.

En þó að hún væri mér verkfæri þar,
Er voði eg stefnt gat ei beinna,

Því mannvitið í henni ofmikið var —
Menn álpast á það kannske seinna.

En svo hefir tregnúinn tíminn sér breytt.
Og tiltækin spá mér nú illu,
Í kirkjuna þýzkuna Lúther gat leitt —
Ið leiðasta í allri hans villu.

En eg held, in íslenzka þjóð yrði þjál
Að þrælseljast uppskafnings dönsku.
Svo breyti eg um vélar, um vog og um mál,
Og viðeyk þá skrælingja frönsku.

En skáldunum sumum mér óþörf er í,
Og enga við meinlegri fundum,
Því það er sem guðspjöllin, gömul og ný,
Í grun þeirra spretti upp á stundum.

Á Fróni hóf latínan mig ekki mjög,
Þó málæðið spilti þar huga.
Með dönskunni hef' eg nú lærdóm og lög
Svo lullað, að vel mætti duga.

En alþýðu-skáld eru þröskuldur þar,
Í þjóðernið lífseigju kliða.
Og þráin til alls, sem að veglegast var,
Hún vaknar, er stuðlarnir iða.

Þar býr nú sá maður, sem kveðandann kann,
Hann Kolbeinn. Og fyr en þeir deyð' 'ann
— Þó lítill sé slægur í slíkum sem hann —
Mér slyngara finst þó að veið' 'ann.

Eg á honum staðinn til freistingar fann,
— Því frávikum held eg hann tími —
Með íslenzku skáldanna ágalla þann,
Að alt verði botnað í rími.

Hann getur mín oft, og til ills. Það sem fer
Þar aflaga, og gerir menn smærri,
Það lætur hann heita í hausinn á mér —
Eg held nú það sé ekki fjærri.

Eg heim til hans Kolbeins sem kunningi fer,
Að kveðast á, slíkt er þar siður,
Og læt hann í ósigri ánafnast mér —
Og oft kvað eg skáldin svo niður.

Svo er þú í boðið til föðursins fer,
Og fulltrúum hans undir messu
Þú tjáir það alt, sem að tollir í þér,
Um tilhögun mína á þessu.

Ger mér-betri afsökun. Ef það er skamt,
Sem úr þessu manst eða þylur,
Af rugluðu molunum sjá þeir það samt —
Því samverka-maðurinn skilur."

Svo kvöddust þau hæverskt. Er hettan stóð lyft
Á hnakkasvip farandi vinar,
Hún hugsaði brosandi: Bezt er eg gift!
Og betur en skrukkurnar hinar.

Eg veit að þeir hafa um 'ann um-mæli ill,
Á illræmi hvílir 'ans hróður —

Hann má vera óþokki eins og hann vill,
Ef að eins við mig er hann góður.

Hann auðlegð og gersemar upp á mig ber
Á eilífu skemtana-sveimi.
Og stjórnmála-garpurinn stærsti hann er,
Sem starfar í gervöllum heimi.

Og svona gekk Höfðinginn breið-slétta braut
Af borginni, er logandi glóði.
Og múgurinn allur með lotningu laut
Á leið hans — og bölvaði í hljóði.

Á hnjákollum lágu þar safnarar seims,
Sem seðlum í vasana tróðu.
Og raðir af frægustu herkóngum heims
Með hattinn í lúkunum stóðu.

Á Kolbeinsstöðum.

Mansöngur.

Þann sem yztur þræddi og hrauð
Þjóðar lista-stíginn,
Spurðu ei fyrst um eign og auð —
Úti-vistin sú er snauð.

Þó að spör á „eld" og „örk"
Yrðu kjörin ferða,
Axar-för í bjarka börk
Benda á örugg leiðarmörk.

Áfram þjörkuð alstaðar,
Og með hörku-brögðum,
Inn á mörku eilífðar
Eru þar slörkin framtíðar.

Ríma.

Sko, svona er kotið hans Kolbeins í ár!
Sá kol-beinastaður er auður.

Samt orti hann þarna í þrjú hundruð ár
Og þar býr hann lifandi og dauður.

Í ár er það svona. En seinna það má
Í sveit auka túnvelli og bögu.
Og stuðlarnir þruma enn þústinni frá,
Um þrjúhundruð-áranna sögu.

En fátt var þó kempulegt Kolbeini á:
Um kinnarnar útigangs-skorpinn,
Og ei fyrir mann var hann mikill að sjá,
Og myndin hans dökkýrð og korpin.

Í knjám var hann hokinn og bak hans var bent,
Og bárur um lófana stóra.
Hann leit út sem túnjurt af hendingu hent
Á hrjóstur, að visna eða tóra.

En hitnaði skap hans, þá beið hann sitt barr,
Í bragðinu snjallur og þorinn,
Og ljómaði upp, sem ið kræklótta kjarr,
Er knapparnir springa út á vorin.

Og skýlið hans kallaðist bæli og bás,
Og búlandið skriður og keldur.
Fyrir hurð sinni átti hann alls-engan lás —
Og ei fyrir trú sinni heldur.

En út yfir heiðarnar hentust hans ljóð,
Og háseta til fram á víði.
Og hann var þeim myrkfælnu hjálpin í óð,
Og héraðsins átveizlu-prýði.

— En þá, eins og oftar, var hert að 'ans hag,
Í harðbýli mannláns og veðra —
Hann reri til hlutar á haf þennan dag,
Sem Höfðinginn kvaddi þar neðra.

Því skammdrjúgar urðu, hans ómaga fans,
Þær afganga-leifar til neyzlu,
Sem brúðurin knýtti í hálsklútinn hans,
Sem hróður-laun síðustu veizlu.

En einrætt var trog hans, og tvær höndur lið
Og trafala andkul úr mekki.
Svo um það, hvort hann komst þá hraðar' á mið
En Höfðinginn, veit eg nú ekki.

Af erfiðismunum varð afkoman smá —
Á öngulinn gráðugt var bitið,
Því fádæma óður var fiskurinn þá.
En færið drógst alla tíð slitið.

Hann kom svo að aftur, að álíka hag —
Að aflanum þurfti ekki að gera —
Hann grunaði hálfgert, að hreint þennan dag
Á hafsbotni myndi ekki vera.

En að tók að skyggja. Í skyndi til legs
Hann skelina dró, upp að hjalli.
Þá rásuðu brunandi rollur hans sex
Fram rifahjarns-gler, upp'í fjalli.

Hann rauk þeim til bjargar. Í hættu þar hékk
Öll hjörðin, og kannske var töpuð.

Og áður en komist hann fyrir þær fékk,
Var forustu-ærin þó hröpuð.

Og frjárprýðin var hún og konunnar kind,
Og kenjarnar ei hennar siður —
Og Kolbeinn sá uppkast að einhverri mynd,
Sem eltandi skaut henni niður.

Loks kom hann þeim fimm heim í fjárkofann sinn
Um flug-hálku og kveldseturs blindu —
Þær létu sem vitlausar, vildu helzt inn
Í vegginn, sem dyrnar ei fyndu.

Það seig nú í Kolbein. Inn kærnar hann fer,
Sem kolþreifa-myrkrin ein buðu.
Og hrópandi fór hann: "Hver fjandinn er hér?"
Í frýjun hans vísurnar suðu.

"Þeir kalla mig Gamla! Í grenið mig dró
Úr gustinum. Varð hér að una,
Á erindi við þig" — var kveðið í kró —
Og Kolbein fór misjafnt að gruna.

Því honum fanst vofulykt, væmin og heit.
Hvort var þetta höfðinginn? Eða,
Það gat verið einhver úr annari sveit,
Sem erfiljóð bæði 'ann að kveða.

Og loks hafði 'ann falið þar fénaðinn sinn,
Er féll yfir náttmála-sortinn —
Þeim aðkomna brautingja bauð hann svo inn
Á baðstofu-ylinn, og skortinn.

En nú átti ei fengsælum, fólk hans, af sæ
Að fagna, né gesti í boðið!
Því daufleg er heimkoma, í hungraðan bæ,
Og hafa ekki dregið í soðið.

En húsmóður þunglega fjármissan féll:
"Það fór eins og vangæzlan skapar,
Að beita út fénu á flughálku-svell
Í fjall, þar sem melrakkinn hrapar."

"En svo er það alt saman maklegt á mig
— Því mér hef' eg steypt í þann voða —
Sem tók ekki fjármanninn fram yfir þig,
Á Fjósum — sem stóð mér til boða."

Þið afsakið skætinginn öll, að eg hygg,
Og eruð því samþykk í hljóði:
Að ekki sé kynlegt þó konan sé stygg,
Ef karlinn er dæmalaus slóði.

Og Xantippu var nærri vorkunn á því,
Sem vasaði búsins að gæta.
En Sókrates hennar svo eyddi því í,
Við Aþenu burgeisa að þræta.

Sem Aristófanes að dómstól ei dró,
Né draslaði upp æsingi nýjum.
En lá upp við súluna sjálfur, og hló,
Að sjá sig þar leikinn í "Skýjum."

Það komumanns fylgjan, hjá Kolbeini var,
Að konan hans gerði 'ann svo hyskinn —

Hún náttverðinn gesti og bóndanum bar
Úr búrinu — seinasta fiskinn.

Af mjólkinni bar hún þeim aleigu að,
Á örlæti þurfti ekki að hvetja.
En kúabús-nytjar á Kolbeinsstað,
Hvert kveld varð hún þannig að setja.

En gesturinn réðist þar óðara á,
Og ósigndum, borðhaldið viður.
Og ei þurfti langsýni, löggina að sjá,
Er lagði hann sleifina niður.

Svo jaxlar hann fiskinn. Og jafnt að því fer,
Sem járnbraut í landssjóðinn boðin.
Því styrtlur og hnakkann hann hændi að sér,
Að húsbónda þunnyldi og roðin.

Það tók ekki lengi þann tilþrifa-gest,
Að tína í það, sem var holur.
Svo vék hann að mötu-naut: "Býzt við sé bezt,
Eg beri upp erindið, Kolur"!

Gamli:

Öll eru skrimsli hafs á hleri
Hérna út hjá Draugaskeri.
Tveir á kryppu klettsins, gætum
Karlvega þar hangt í sætum.

Leystu nú, Kolbeinn, kvæða-vandann!
Kveðstu þar á við skálda-fjandann.

Hvor sem þrýtur þá að svara,
Þú eða eg, á glæ skal fara.

Kolbeinn:

Þá skal efna að upphafinu:
Út kem eg frá dagsverkinu,
Þegar á kveldi, kuldagjörnu,
Kolblámar um vestur-stjörnu.

Áskil mér svo annars-vegar,
Úti skuli rimman, þegar,
Þenur yfir Þverfells hyrnu
Þverri-máni, feiga glirnu.

Gamli:

Þér skulu veitast bragar-bætur
Botnins, fyrri helming nætur,
Eg mun svara síðstu hending
Síðan, fram að mótsins ending.

Kolbeinn:

Skömtum jafnt, svo skakki ei halli,
Skiftumst á með sjávarfalli —
Þú skalt aldrei, illu feginn,
Ísland teyma á refjaveginn.

Gamli:

Kolbeinn, svaðil-söngva sterki,
Svíkstu nú ei undan verki!

Fært er ekki að fyrirtregðast.
Fæ eg þá sem heitum bregðast.

Kolbeinn:

Lesum upp vor lög við skerið.
Langa æfi hef' eg verið,
Litlum gæðum upp að inna:
Orðheldnina feðra minna.

— —

Og Kolbeinn sá spjátrunginn spretta á dyr,
En spurði ekki hvernig hann færi,
Því hann var nú öryggri á því, en fyr,
Hver aðskota-maðurinn væri!

En konan hans förinni eggjaði af
Sem óþörf, og vonleysu um borgun —
"Frá Draugaskers-álnum er hálfróið haf,"
Kvað hann, "út til fiskjar á morgun."

Kolbeinn:

Þann skagfirzka ofláta er skorar á mig hér,
— Eða hver
Skrattinn sem hann er —
Eg læt hann ekki, að óreyndu, ögra lengi mér,
Að eiga við sig gamanleik: hvor rím af öðrum ber.
Eg fer!
Við Kölska. er um að eiga,
Nú ætlar hann mig sér.

———

Úti í Draugaskeri.

Mansöngur.

Lýst að storð er loft til fulls —
Leika í skorðu geimsins
Leiftur-borðar lýsi-gulls:
Ljósin norður-heimsins.

Hljótt að kalla um hættu-færð
Hafs og fjalla styrkra —
Sem þar fallið vofi í værð
Veldi allra myrkra.

Vetrar-raunar lofts og lands
Lúra, en kraumar á þeim —
Væru-draumar vöku-manns
Vaxa naumast hjá þeim.

Ríma.

Hvort hefir þú skynjandi skygnst um þau lönd,
Sem skáldin í huganum vitja?
Með ljóðið í önd og árina í hönd,
Í andófi á þóftunni sitja.

Á ferju sté Kolbeinn, þar leiðin upp laukst
Frá landi til skers, út af vogi.
Í skriði var hending, er stefnið fram straukst,
Og stuðlar í árar-togi.

Því eðli Kolbeins var yfirment.
Hann orkaði því, sem er fáum hent,
Að lepja upp mola um lífsins stig,
En láta ekki baslið smækka sig.

Hans hugur flaug sjálfstætt og óþvingað, í
Hvern atburð og tíðir og geima.
Og venjan við barning, er þýðing á því,
Hann þurfti sig nú ekki heima.

Og út-togið fyrsta í árunum kvað,
Sem ofan í ljóða-haf þrifi:
Í riddara-brynjunni, Englending að,
Hve Ólöf reið fjöruna í Rifi.

Og næst léku stokkarnir stökur við sund,
Um straumbönd ins kjal-tætta löðurs,
Um mannfreka, þrágifta Þórunni á Grund,
Í þjóðhetju-týgjum síns föðurs.

Og þá átti Norðurland þrjátíu menn,
Sem þorðu að standa og falla.
Og það lengdi stef fyrir stefninu enn.
Í stuðlana reri 'ann þá alla!

En skerið tók við — trylt á svip,
Sem týndra sálna flótta-skip
Þar lægi hvolft, að dómsins dvöl,
Með dauðra svipi reidda um kjöl.

En Kolbeinn festi, og kleif upp þar —
En hvar var hinn til stefnunnar?
Hvar upplaukst honum auðnin blá,
Í eyði-kletti, nótt og sjá?

En eins og leiftur, ljósmynd grett
Þá logaði upp úr hörðum klett.
Að eyra Kolbeins andlit skauzt,
Sem ögraði svo með hæðnis-raust.

Kölski:
Ljóða-hætti viljum vér
Veikum mætti rýra.

Kolbeinn:
Góða vætti lagið lér —
Leikum þætti dýra!

Kölski:
Snýkjum þjóðum fremri frá
Frægum ræðu-sniðum.

Kolbeinn:
Ríkjum, sóðum ofar, á
Okkar kvæða-siðum.

Kölski:
Hvellum gómi yrkjum, af
Innan-tómum huga.

Kolbeinn:
Dáðin hljómi, stuðla staf
Studd, sem rómar duga.

Kölski:
Við skulum hnjóða úr múgnum móð,
Mærðar-ljóðum gildu.

Kolbeinn:
Ragri þjóð, við röskvan óð
Renni blóð til skyldu.

Kölski:
Feitu skjalli skal á alla
Skruma galla, ef eiga völd.

K o l b e i n n:
Lýð, sem fallinn líður halla,
Ljóð vor kalli, að heimta gjöld.

K ö l s k i:
Við skulum anda eldibrand'
Yfir landið, hrauni og sand.
K o l b e i n n:
Fagna, að vanda, fjari grand
Fyrir handan sérhvert strand.

K ö l s k i:
Eilíft tjón úr yfirsjón
Eldri lýða smíðum.
K o l b e i n n:
Um hvern þjón þinn, frægð og Frón!
Frjálst og bónlaust skerpum tón.

K ö l s k i:
Tökum hvaða tungu er flyzt,
Tudda-mál að skrifa.
K o l b e i n n:
Skynjum, að í orðsins list
Alda-sálir lifa.

K ö l s k i:
Festum gála grun í sál:
Glapið mál sé tapað mál.
K o l b e i n n:
Fótum kröfu á fremstu nöf:
Flónsk uppgjöf sé stundar-töf.

K ö l s k i:

Ljóðum á þá lund að dá þá lengst sem smá þá.

K o l b e i n n:

Skulum fá þá eigin ásjá,
Út úr lágþrá, kvíða og váspá.

K ö l s k i:

Gerum lit að list, en vitið ekki.

K o l b e i n n:

Látum hita hugsana
Hrína á gliti orðanna.

K ö l s k i:

Engu dugum, dægur-fluga verum.

K o l b e i n n:

Fullum huga lifum lífs!
Ljós úr smugum berum.

K ö l s k i:

Hefjumst upp á afskekt set í eilífðinni.

K o l b e i n n:

Stefjum fet í framförinni.

K ö l s k i:

Við fyrsta stefið stóðstu á önd! Þú stuðlar öll hin
Eins og steyptur steinn í völlinn.

K o l b e i n n:

Styrkist eg við háttaföllin.

Mansöngur.

Hróður er spunninn helmings-langur
Hér, af munnunum —
Byrjar unna undirgangur
Inn'á grunnunum.

Foku-dólgar flytja um verið,
Flóðs á ólgunni.
Svellur kólgan svört um skerið,
Sýður í bólgunni.

Glíman vendist öfugt — eður
Orða-sendingar:
Fyrstu hending Kolbeinn kveður,
Kölski endingar.

Nið'r í hylji hamar togar
Hrönn, sem kyljar á.
Þeim við iljar svelgur sogar
Sem hann vilji þá.

Ríma.

Kolbeinn:
Draugar forðast dómstól ljóss, og dratta í sæinn.
Kölski:
Skammdegi var skift í haginn
Skröttum, til að eyða bæinn.

Kolbeinn:
Styttast fer til mána-móts, und morgni lyftum.
Kölski:
Ferleg verða svefni sviftum
Sjónum, glöp í ljósaskiftum.

Kolbeinn:
Árgala á íslenzkt vor og útsýn ljóða.
Kölski:
Myrkrið hérna heim skal bjóða
Hjátrúnaði ríkra þjóða.

Kolbeinn:
Út munum sækja sannleiks-ljós og siða-gylling.
Kölski:
Eins og tungl í eldgoss-fylling,
Eir-rauðir af Hafnarspilling!

Kolbeinn:
Dæmið þar mun rausnar-ráð til reisnar leggja.
Kölski:
Á það sem að svíkur, eggja.
Saman fellur hagur beggja!

Kolbeinn:
Sanngjörn verði vináttan í valda-bandi!
Kölski:
Óheilindin öll í landi
Æsi hún, að með sér standi!

Kolbeinn:
Þeir skulu aldrei af sér láta ættjörð kúga.
Kölski:
Ómenskunni á sig trúa,
Og þeim bezt, sem naprast ljúga.

Kolbeinn:
Þeir skulu ríka veltu-verð á vang og færu.
Kölski:
Farga bæði frelsi og "æru",
Fyrir "prís" á sauðargæru.

Kolbeinn:
Sveitir for-ráð eiga enn, og óðul kjöru.

K ö l s k i:
Kauptúnin af hverri þvöru
Kaupast upp, með lýð og vöru.

K o l b e i n n:
Landsins varnar-vættir ennþá vaða á sjóinn.
K ö l s k i:
Þegar einhver útlands króinn
Ykkar rakar leiði gróin.

K o l b e i n n:
Hönd og vilji hefjast skal í hverjum ranni.
K ö l s k i:
Lúta einum æðsta sanni,
Óbeit sinni og dyni á manni.

K o l b e i n n:
Æska á heima í hverjum bæ, og hún vex yfir.
K ö l s k i:
Þú, með öðrum, áður skrifir
Undir veð, í því sem lifir!

K o l b e i n n:
Vissi eg, þú ert sá er sjaldnast satt orð talar!
K ö l s k i:
Þeim, er svona sjálfsdáð galar,
Sannleikurinn er til kvalar.

Ríma.

Hver úrbótin Kolbeins, hlaut álaga-svar —
Sem útrunnin nótt fyrir honum —

Hann sá nú, hvar flærðin í fyrstu var,
Og falin í samningonum.

Því genginn í bragar-raun, bar hann þá trú:
Af botninum mest stæði hættan —
En fann, það var hægra, í nauðum sem nú,
Ef niðurlag vísunnar ætt' 'ann.

Og nýstuðlað lag var því nauðbeita-höfn,
Og notfæri síðustu lýju —
Því skrattinn og ófrelsið eru helzt jöfn
Á óleikni í háttunum nýju.

Mansöngur.

Öldur skvampa áfalls-slag.
Er sem krampi um hnjúkinn fari.
Hengi-lampi á höfðalag
Heljar, glampar út frá skari.

Kiprar brána, kengboginn
Korku-máni í elli-beygjum,
Fyrir nána fjallsgnúpinn —
Flökti í Rán í dauðaleygjum.

Ríma.

Kolbeinn:

Ef er gálaust af að má
Eins manns blóð úr lífsins sjóð,

Kölski:

Kolbeinn! Svona hátt er hvergi að hitta í sögum.
Þú ert leirskáld, þrotið bögum.

Kolbeinn:

Hvað mun þá að hyggja á
Heillar þjóðar erfi-ljóð?

K ö l s k i:
Þetta er hvergi í rímna-lögum!

K o l b e i n n:
Karl, í sæinn kiptu þér,
Kunnirðu ei bragi slíka!
K ö l s k i:
Yrkirðu, Kolbeinn, alla hætti og eykur vandann?

K o l b e i n n:
Líf á glæinn gleymskan ber,
Gleypir hræin líka.
K ö l s k i:
Þá ertu ekki fyrir fjandann!

K o l b e i n n:
— Svo meinlega er maðurinn gerður,
Og misleggur herra-dóm sinn:
Að þrælslegri en þrælarnir verður
Loks þræla-húsbóndinn.

Og Kolbeinn skaut árum við útræði löng,
Með unun frá nóttinni horfnu:
Að enn mátti finna upp sigur og söng,
Í samhljómum laganna fornu.

Leiði í landauðn.

Mansöngur.

Eftir brek mín undangengin,
Ekki er sekum friðvæn höfnin —
Rómnum tekur eftir enginn,
Einhver reki-stefna um nöfnin.

Myndi kvíða Kolbeinn, yrði
Kergju-stríð um erfða-safnið,
Kjósa að tíðin heldur hirði
Háttu fríða, en kljást um nafnið.

Þó fyrir hrafna, að hverjum óði,
— Heitið jafnan á sem blína —
Þá, sem nafn ei þekkja af ljóði:
Þuklaðu um grafna stafi mína!

Ríma.

Sóley tindrar tóftum á.
Töðulit hvert sumar brá
Eyðiból hans á.
Beðið hans hérna, bakkanum á,
— Bletturinn kannske er stend eg á!
Illvíg varð honum á.

Förnum í rúmið að rífa 'ann úr frið.
Reyndi 'ann í kistunni að spyrnast við
Ágang og aflagið —

Sveit, munu álögin á þér,
Eyðingu ljá þig í vald? —
Lestamenn ung-róma á hér —
Inni við lækinn sést tjald.

1913

Jóla-bylur.

I.

Holtasel, hátíðagleðin þekti vel.
Inn, oft kom hún þar, í hlýindin,
Þó þar væri ei annað jóla-nóg.
— Gestrisnin gegndu þar búi, og fátæktin.

Jólakvöld jafnast verða fjallaköld.
— Nú, næturhríðar grimdarsúg,
Bær byrgðan varla úti fær.
Hríða-haf, hamslaust, sökti öllu í kaf.

Um það el ófært var í Holtasel.
— Tó, túngarðs-lausa í eyði-mó,
Hver hitta mun, ef blindhríð er?
— Hátíðin, hvarf frá slíku þetta sinn.

II.

Holtabýlis húsfreyjunni
Hagur var ei jóla-mjúkur:
Kjöltubarn og bóndinn sjúkur,
Bólsett eirðu í fjalrekkjunni.
Hölluð upp við hvílustokkinn,
Harkar af sinn jólalestur,
Skelfd við högg í heimaflokkinn.
— Hríðin úti, næturgestur.

Hann var eftir allan daginn
Ókominn — né séð hvar lendi —
Drengurinn hennar, sem hún sendi
Sveitarleið í Efstabæinn.
Komin nótt, og hann fór heiman

Hraðbúinn við morgunskímu.
— Hverjum henti um háska geim þann
Halda lífi, slíka grímu!

Fáein jóla-föng, í vonum
Færð sér þangað, smá hún átti
Fagurviðris-mildum mátti
Morgni trúa fyrir honum.
— Nær í einu andartaki
Illviðrið um hérað dembdi.
Eins og leyndi að blíðu-baki
Bylur sér, svo alt 'ann hremdi.

Hans var svar — er hrædd að voga
Hún var ferð þá, gerða í dagan —
"Áleiðis og út í hagann
Ærnar rek. Sem fætur toga
Hleyp minn veg og verð ei lengi.
Vitja fjár á heimleiðinni.
Aflokið svo öllu fengi
Áður en mamma kveikir inni."

Fús, en óvön, fyrirvinna
Fátæks bús var hann. Nú lágu
Á hans herðum, hraustu en smáu,
Heimastörf, og öllu sinna.
Árin tólf sér á baki,
Óskabarn í móður-skóla.
— Er þá eigi von hún vaki
Viðutan, með guðspjall jóla?

Þegar hríðar skafla skriðu
Skelti yfir frosið þakið,
Og við stormsins trölla-takið
Tóftar-veggir fengu riðu:
Voðahrylling, hver ein stroka,
Henni fanst sig nísti inni.
Eins og væru menn að moka
Mold á hann, í kistu sinni.

Meðan upp úr frosnu fenni
Fyltu gúlinn rokuhviður,
Eins og dytti ofsinn niður
Augnablik — sú ró varð henni
Stundarhlé, í hræðslu-lúa.
— Hlustun tóm, ef úti kyrði —
Sem það hríðar-hik að rjúfa
Hugsuð von og bæn ei þyrði.

Er úr móki maðurinn veiki,
Mitt í lestri, spurn þá gerði:
"Kom ei Ingi? Ætli 'ann verði
Úti, í þessum grimdarleiki?"
"Hann hefir náð, í byrjun bylja,
Bæjar til, á miðjum degi,"
Sagði 'ún örugg — Varman vilja —
Vonleysuna sína eigi!

Þegar lýkur hún, og hættir
Húslestrinum, upp að rísa,
Skreppa fram og láta lýsa
Ljósið, út um hálfar gættir,

Framan í nætur niða-myrkva
Nístings-frost og hríðariðu.
Hana í voða, vöku-styrkva
Verkin gerðu. Og stundir liðu.

Hugur lét ei hana kyra:
Hlynna að sjúkum, standa á erli.
— Nóttin varð að fóta-ferli,
Flótta milli rúms og dyra.
Loks sást morgun-grámi, í glugga
Gegnum snjóinn, þokast vestur —
Dagur kom, ei hana að hugga,
Hríðin söm, og enginn gestur.

III.

Aftan þenna, einn við lestur
Efstabæjar næturgestur,
Reyndi að dylja raunasvipinn,
Rólegur, en nokkuð hnipinn.

Ferðakapp hans komst í vanda,
Kyrsett þar af húsráðanda,
Er hann vildi út í bylinn,
Erindis við loka-skilin.

"Hæpið var þú hingað næðir
Húsum. Þú í dauðann æðir!
Hér var fyrir ferðagestur
Fullorðinn, sem upp var seztur."

"Eg þarf heim að bægja baga —
Beitti í morgun fé á haga —
Ætla mér sem örskot renna —
Ærnar vorar hrekja og fenna!"

"Kallar að þér feigð að fara!
Fíflski strákur. Eg skal bara
Binda þig við bælis-oka,
Bæjar-dyrum að þér loka."

Heimfús mjög en hríðarteptur,
Hann sat þarna inni kreptur.
Ei þó væri opin gata,
Auðvelt honum fanst að rata.

Hann, sem hverja þúfu þekti
Þessa leið, svo engu skekti.
Og í hríðum hárviss sagði,
Hvernig snjóinn um þær lagði.

Fann nú hvergi færi að gleyma
Fénu týndu, mömmu heima!
Jóla-sagan, sem hann kunni,
Sat nú dauf í minningunni.

Mörgu-sinni, síra Snjólfi
Sagði 'ann hana, á kirkju-gólfi,
Stafrétt eins og orðin skipast —
Á henni stamað nú og, fipast.

Risinn upp á réttum hrammi
Rakkinn hans, við dyrnar frammi,

Sýndist út úr augum stara
Á hann bón, að koma og fara.

— Bundinn hömlum burt að ganga
Biðina þoldi næturlanga,
Við að hugsa, hlusta, þrauga.
— Honum kom ei dúr á auga.

IV.

Það var nón, og þá sást rofa
Þveran völl, í tungarðinn.
Fyrsta hlé í fannburðinn,
Virtist hríðar-lokum lofa.
Nepju-kóf stóð nið'r um traðir.
Næstu hnjúkar sólrofaðir,
Eins og jakar, yptu trjónum
Upp úr rennings löður-sjónum.

Ókominn frá úti-gegning
Efstabæar húsbóndinn
Þá var líka. Þetta sinn
Fráverandi, að hóta hegning!
— Jólasveinninn beið ei boða
Bjóst og kvaddi. "Sér í voða
Stofnað er, á ófærð slíka,"
Inti hinn, en bjó sig líka.

Upp kom vetrar vegabótin:
Víðátta af kvikasand'
Samkyngds snjós, um sokkið land.
— Þó var Inga ei þungt um fótinn,

Sjálfur frjáls og ferða-kátur.
Fylgirakkinn mikil-látur,
"Tryggur" hans, úr spori sprettir.
Spakfær samfylgd drógst á eftir!

Skamt var unnið áleiðis
Áður falst það hafði birt,
Snjókomuna saman-syrt.
"Snúum við, að varast slys,"
Réði til með rausnar svari
Rekkurinn eldri, varfærnari.
Svarað er, "Eg áfram hvata,
Eg til baka síður rata."

"Snú þú aftur einn, að forða
Útidauða, ef treystir þér!
Heim eg betur bjarga mér.
Hvarf til baka, er ekki að orða.
Enn þá næ eg Háa-hjalla,
— Hann er skamt út leið, að kalla —
Treysti fótum feril allan
Finna þaðan, ása-hallan."

"Seinast er um auðan snæinn
Yfir fentan Langamó,
Hæpnara — en hæg-gert þó —
Hríðblindur að hitta bæinn.
Slétt er yfir áar-bakka.
Ef þér vestar kann að skakka,
Við þér húslaus heiði tekur —
Hrjúfagil, ef austur rekur."

V.

Inn kom Steinn í Efstabæ,
Eftir lokin málaverk .
"Svo var hríðar-harkan sterk:
Hugði, tvísýnt ef eg næ
Fjárhúss-spöl, og hitt á húsin fæ."

Það var ávarp allra fyrst
Inn úr dyrum þegar brauzt.
— "Hvar er Ingi? Ó-vitlaust
Eldra fólk ei hefði mist
Strákinn, út í slíka vetrar-vist."

"Einn að því hann valdur var,
Við hann réðum ekki neitt.
Ei var honum á það beitt!
Eldri mann til samfylgdar,
Hefir líka" — eitt var allra svar.

"Hann! sem veit ei, vorgenginn
Veginn þar að koti heim.
Smá er hjálp í hjassa þeim.
Hann drepst fyr en strákurinn!
— Sárt þeir farist hér, við húsvegg minn."

"Brjótast hlýt í Holtasel,
Hvenær sem að rofar til
Svo eg finni fóta-skil.
Fer í nótt ef rofar el.
— Lífs og dauðra leita þeirra vel."

VI.

Sami ofsinn upp var genginn
Yfir Holtasel.
Hræðslan lengri, hraðfrétt engin
Hvað var stígið fyrir drenginn.
Ekkert kvikt um mó né mel.

Meðan þar stóð hlé, í hlaðið
Hafði Kúfa ein
Snjóinn heim til húsa vaðið —
Hrossið úti næturstaðið,
Kom úr haga, háttasein.

Húsmóðirin henni á stallinn
Hleypti, í jólagjöf.
Hafði snjó, við hurðir fallinn,
Hliðrað um. En drifinn mjallinn
Fylti aftur gerða gröf.

Bóndann sinn og barnið vakið
Bæði hafði glatt.
— Heyrði nú á hurðar-flakið
Hristast — gegnum veðrabrakið —
Drepið högg, og dyra kvatt.

Kunni þó, á kenzlum glöggum
Kenna, að Ingi sinn
Átti þar ei hönd í höggum.
— Hríðbarðir, með klaka-böggum,
Karlmenn tveir þar komu inn.

"Þegar við í fjárhús fórum
Fyrstu Holtamenn
Seint í morgun, varir vórum
Við, að rek af kindum fjórum
Stóð við hurð, og hjarði enn."

"Vala" hefir veginn brotið,
— Var það ykkar fé! —
Fundist sér ei fært í kotið.
Forustunnar sinnar notið,
Stefnt á næsta húsa-hlé."

"Þegar loks í lofti birti,
Lögðum við á stað
Hingað — ef að hjálpar þyrfti —
Hríðarbylinn aftur syrti.
— Féð sem vantar, fent er það."

"Svo rauk upp, í einu bili,
Ofsans myrkravald.
Fengum varla fótaskili
Fleytt í bæ úr Hrjúfagili —
Örskotsleið og undanhald."

— Húsfreyja úr hinu leysti
Hvernig stæði á.
Það var sem hún þarna treysti
Því, að fyrsti vonar neisti
Myndi vina-vottur sá!

Veðurloka vænni bíða,
Vóru einu ráð —

Klóraði svona hrammur hríða
Hurð? Sinn grun, um slíkt að þýða
Hún þaut framm, og hafði gáð.

"Enginn!" kvað hún. "Upp er lokið
Að eg fékk, eg sá
Eitthvað þjóta út í rokið,
— Eins og "Trygg" — sem hefði fokið
Vörðumelinn austur á."

VII.

Ásar undir snjónum
Áfram voru keptir.
Leið, úr Langamónum,
Loksins var þá eftir.
— Beint mót norðan-blindu
Babbi, að húsin fyndu!

Að þeim víga-völlum
Veðra, í hríðargarði,
Skauzt úr áttum öllum,
Undan hverju barði,
Framhjá stapa og stöllum,
Stormur, af sæ og fjöllum.

Þar við ása-enda,
Ingi stóð í spori.
Hvernig heim að lenda?
Hafði í mun og þori.
Hér á móa mótum,
Mjöllina þreifar fótum.

"Hér eru kröfsin Kúfu!
Kreppin vel í ylinn,
Hefir hér við þúfu
Hamað sig í bylinn.
Húsi heim ei náði —
— Hart blés fyrst 'ún áði."

— Leið, í lokaslaginn
Lá gegn veðri hörðu
Miðuð, beint á bæinn
Blint — eða aust'r á Vörðu.
Hitta varð á hópuð
Húsin, yfir sópuð.

Bæri af vegi vestar,
Villur hlytust ljótar,
Yfir fennur festar —
Fyrir engu mótar,
Út á eyðiheiði
Opið dauðaleiði.

Grunnvog áar greiðan,
Gróf nú skafla-þilið,
Þar sem bláa breiðan
Brotnar fram í gilið —
Hann, með hug og erju,
Hafði á sumri hverju,

Fest þar brú á fljóti,
Fram af eyrar-nöfum,
Bygða úr bæru grjóti,

Bogaða tunnustöfum.
Brotna, ef báran hækkar.
Bætta, er áin lækkar.

Var er vel-kunnugur,
Villist blindur álfur.
Veginn vissi hugur.
— Vörðuna hlóð hann sjálfur,
Og með augun bundin
Oft af drengjum fundinn,

Sem ei sviku leikinn —
Sáu, það að gera
Hreysti-vinnings hreykinn
Hindraði mann að vera.
Það var til að týna
Trú á íþrótt sína.

En — ef Vörðu-vitann,
Vanur kynni að missa,
Mátti í haldi hitann
Haf', að yrði skyssa,
Hrap í Hrjúfa gilið
Hver vill eiga skilið?

Klett í krumma-hreiður
Kleif þar einu sinni
Hrekklaust. Hrafninn, reiður
Hnýsins forvitninni,
Flutti í hengið hæzta
Hreiðrið, vorið næsta.

— Leiður á lengri slórum,
— Landafræðin skilin —
Ingi, í stigum stórum,
Steypti sér í bylinn.
Heim til húsa barði 'ann.
— "Hvað er þetta? Varðan!"

Gönu-hlaupa hryggur,
Hraflaði snjó frá enni.
Þarna teygði "Tryggur"
Trýnið upp úr fenni!
— Nú var stutt við staðið
Stökk, sem náði, í hlaðið.

VIII.

Öll hvelfingin skein yfir Holtasel,
Með himinglöð ljós þessa annars-dags nótt,
Á heiminn í reifum, og hjúpaðan vel
Í hvítavoð snjósins, og mildi-rótt.

Og kveldfægður máninn brann aftankyrð í,
Sem altaris-blys, þetta næturlag —
Hann gránar á lofti, sem geislaský,
En gengur ei undir um skemstan dag.

Í Seli stóð hátíð, er hurðin var knúð
Og hrundið upp jafnskjótt. En manns-slóð á snæ
Sást, strikuð í auðn hans, við stjörnuljós prúð.
— Hann Steinn var þar kominn frá Efstabæ.

"Og gott er nú," sagði 'ann, "eg kem ekki í kvöld
Að kofunum auðum — á skíðum, við staf!

En, Ingi ætti að taka þess greypileg gjöld,
Að gana svo burt, að eg vissi ekki af."

"En fyrst að hann bjargaði Friðmundi og sér,
Að fara í þá sálma eg tæplega vil.
Vel gert. Þú Ívar frá Holti ert hér!
Og heilsan þín, Björn minn, er alkomin til"!

"Því linunar-vonin er líklegust þá,
Ef léttir að kveldi þeim fár-sjúkur er.
Því nóttin legst, vitaskuld, veikburða á.
Þú við ert að rakna, eg sé það á þér."

"Hvað líður um ærnar! varð lífsbjörg á þeim?"
Að leysa úr því móðirin dró ei í töf:
"Þær komust af fjórar. Fyrst hann fékk eg heim,
Eg hugsa mér skaðann sem jólagjöf."

"Að svelta undir hjarni," kvað Holts-Ívar þá,
"Ef hjara þær kunna, um það ber eg önn.
— Hver hengja skal rofin sem Hrjúfagil á,
Frá hungrinu dregið hvert lífsmark úr fönn."

Skyn-Þúfa.

I.

Skipakoma! Skagfirðingar,
Skip er lagst fyrir Borgarsandi.
Leystir nú frá Norðurlandi,
Náheims-jökla hafbyrðingar —

Ykkar ljóðum léttur andi
Lyftir, sveitar hagyrðingar!
Þrotinn fimbul-vetrar vandi,
Vorharðinda afgirðingar.

Hólmur og dalirnir komast á kreik,
Kappreið frá sérhverjum bæ —
Sporvakrar stigu, sem léttúð í leik,
Lestirnar, út að sæ.

—

Svo hófst kauptíð — ei til auðs,
En til brauðs —
Þau eru lögin skipuð skýrast:
Skorturinn kaupi ávalt dýrast!

Búðarloka blikað klæði
Bauð til fals, og taldi upp þessi gæði:

"Serkurin er úr silki,
Í sjö stöðum gerður:
Ermi á Íra-landi,
Önnur norð'r á Finnmörk.
Slógu Saxa meyjar,
En Suðureyskar spunnu,
Vófu Valskar brúðir,
Varp Óþjóðans móðir."

Lofuðu flestir lita-glans
Léreftanna utanlands.
Skraut-hugfeldnin glys-gjarna,
Gizkaði á sig prúðbúna

Kápu úr því klæði.
Bráða-álit æskunnar
Einum rómi gaf það svar:
"Öll eru í vefinn vafin gæði —
Vænn er hann og fagur bæði."

"Sel mér næga bót í búning!
Borga að loknum sauðfjár-rúning."

Happa-kjörið eignast öldin —
Eins litaður skartar fjöldinn.

Bóndi, á blásinni Þúfu
Bæ sem hafði reist,
Einn hafði önnur
Aðkaup sín leyst.

Hafði klæðin heima-tætt,
Heima saman-þrætt
Hvert sitt fat og heima-bætt
Hvað sem á þeim sá.
Fé, sem upp í föng sín galt,
Fyrri daga gróf upp alt
Heima-Þúfu hjá —
Ráði þessu réði frá,
Reiknaðist kaupið happa-valt:

"Ó, kaupið það eigi,
Ó, kaupið það eigi!
Eg sé það og segi
Eg sé það og segi!

Í þessum dúk er dauðablóð
Og drepsóttir, úr feigri þjóð —
Voði í verzlun enn —
Varið ykkur Þúfu-menn!

Segi það til sorgar-varna,
Sé, að hafa í dúkinn þarna,
Táið hrumar, hnýttar mundir,
Hendur visnar kembt og spunnið —
Verkja-sjúkir vefinn unnið —
Stjörnur þessar stirndar undir
Storknum augum kramar-barna —
Þveginn upp úr þurrum tárum
Þeirra kvenna, er framúr-rakna
Hýstu ei von frá æskuárum,
Alls sem minstu, einkis sakna —
Þæfður af föngum fótasárum. —
Þessi sorta-bliku blá,
Bekk og rönd sem skreyta gljá:
Hún er pent, sem púði á
Pestarmóða hræjum frá.
Sama og ólgar yfir val
Ógröfnum, í sólskins-dal —
Vo er í verzlun enn.
Varið ykkur, varið ykkur! Þúfu-menn."

Svo varð ekki um það meira —
Öllum þótti spaug að heyra.

II.

Hamborgarinnn hlaðinn,
Í höfuðstaðinn

Aftur sigldi sinn —
Kátum afreks-orðum,
Yfir veizluborðum,
Rímaði svona reikninginn:

"Fyrst um sinn mun fátt um mann
Fróns í sveitum hrjúfu.
Uppi kjara kannske kann,
Karlfýlan á Þúfu.

Færi eg þangað framar inn,
Findi eg garðinn auðan.
Þeir hafa nú selt mér, sinn
Síðsta lagð fyrir dauðann.

Þó hyrfi um stund af hólma þeim
Hlutur gróða-vona,
Til eru ótal horn um heim
Hæf að vinna svona."

III.

Þyrmdi yfir þjóð um hérað,
Þar var einhver feikn á seiði —

Sem við gól í galdramanni,
Gufan upp úr fornu leiði
Virðist rjúka, rísa, blána,
Raða sér í mynd ins dána:
Utan af hafi mistur-móða
Mjakast sást inn fjörðinn góða.

Tröllsleg ókind einhver dregin
Yzt á hnjúka, báðu-megin.

Stórra-stugga vættir,
Stikluðu fjallabrún,
Þöglir sem þokan,
Þungbúnir sem hún.

Inn í alla bæi,
Æsku og kör,
Hristu af hverjum fingri
Helsóttar-ör.
Doði dauðans smó í
Drápstóla för.

Landið alt, varð leiðum steypt —
Lík- klæði það hafði keypt.

IV.

Gagnvart Þúfu, um gnúp og skörð
Göngu sinni önnur vættin léttir.
Þrumaði rödd um þveran fjörð:
"Þúfu höfum skilið ettir!"

"Það er skyn í Þúfu,
Þar komumst ei vér að!"
Heyrðist svar um hérað,
Hátt frá Móðarsfelli.

Yfir grjótið glerað,
Gos sem aftur félli —
Bænda-lífi ljúfu
Lifðu fram á elli,
Hjúin þar á Þúfu.

—

Hvar sem fólkið fer,
Sveitar vettvang víðan,
Bæjarnafnið ber,
Sögu bóndans síðan.

1921

VII.

VÍGSLÓÐI

Ræfla-dans.

Dönsum nú hratt! svo hlekkjanna okkar við njótum —
Gnauði um hönd gróin bönd
Glamri nú járn á fótum,
Kveðum stef, stiklum skref,
Stígum nú dans á spjótum.

Þrælkaðir, rægðir, rúðir — og aumkvaðir líka!
Horgrind hver sópi að sér
Sauðnekt tötur-flíka!
Af oss er ofklædd hér
Ómegðin lærða og ríka.

Guði er sama, hvers vagni um veg hans er ekið —
Dansi því hver hold af sér
Og hugvit — svo það verði ei tekið!
Hæsta skuld hnífjöfn stuld —
Harmanna okkar skal rekið!

Gnauði um hönd gróin bönd,
Glamri nú járn á fótum,
Kveðum stef, stiklum skref,
Stígum nú dans á spjótum —
Dönsum nú hratt! svo hlekkjanna okkar við njótum!

1911

Assverus.

—

Það er ekki ósatt æfintýrið
Um mig, tveggja þúsund ára gamla:
Eg gat ekki Kristi unt með krossinn
Kofa-þilið mitt sig við að styðja.
Eg er sá sem hrindir þeim sem hníga,
Honum líka. Það var ei sá fyrsti.

Eg er jafnt í sögum kappa og klerka
Kyntur, sama lund í hamaskiftum.
Sat með grímu og andlit Ögmunds Flóka
Oddi fyrir, bæði á sjó og landi.
Krossinn helga og hálftungl Arabíu
Hengi á stangir yfir val og þýjum.

Aftur og fram frá Faraós pýramíðum
Fótspor mín um kynslóðirnar liggja.
Til að þenja um þjóðlönd eyðisanda
Þrælum fékk eg skorðurnar um Nílá.
Gríp með krumlum heimsku og illra heilla
Hug og sálir, jafnvel góðra manna.

Sérhvert morðvopn, alla heimsins heri
Hef' eg vígt til glæpa og afturfara.
Dreka Þynar, dauðatól frá Essen,
Dráps-vit manna brýni fram til heifta.
Hákon Saxa, Hölgabrúði Engla
Herði, að blóta Erlingi til sigurs.

Víti kendi eg leiðir til að ljúga
Lýti af því sem stendur fyrir sönnu.
Norður á Finnmörk, austur yfir Indland,
Allra sveita ráð og Kaupa-Héðinn.
Alþýðunni sel eg kött í sekknum,
Sjóðum ek í Fáfnisbæli auðsins.

Eg geng um í allri kenslu-sögu
Undir gervi-nafni smáðrar dygðar:
Ef að frelsi auðnast það, að sigra,
Að kemst eg og legg því glaparáðin,
Ber svo róg um of-frelsi og ærsli
Allar götur milli skyns og heimsku.

Sue kom að mér. Horfði á mig henda
Höfuðskeljum sjö af bræðrum mínum,
Heyrði á mig bölva dauðum beinum —
Bani þeirra allra hafði eg verið,
Um þann glæp hann grunaði mig ekki!
Gröfin þeirra var fyrir löngu þögnuð.

Það var misgáð, sem að honum heyrðist:
Heiftar-sorg í orðum mínum brytist,
Öfund sár, að ekki mætti eg deyja
Eins og þeir, og gleyma mér og hvílast.
Eg, sem hef' ei nokkurt annað eðli
Eða þrá: en fá að lifa sjálfur.

Hitt var það, að mér var brjóstið beiskt til
Bræðra minna, því þeir dóu glaðir!
Sýndust liðnir sælli en eg, sem lifði,
Sigraðir í leiðangri með framför.

Thomsen eitt sinn mætti mér við Jöklu,
Mannleið utar, vofu á eyðisandi.
Grind mín hnýtt og göngusár á fótum
Grunaði hann að myndu örkuml vættsins
Sem að gæti ei myrt sig — aðeins meitt sig.

Það vóru örin eftir stríð við frelsið —
Innan-rifja stærri þó og dýpri.

Líttu á mig! Þekkirðu ei þennan Gyðing?
Þjóðsöguna, flæking land úr landi —
Sjáðu: eg er afturhaldsins andi!

914

Hleiðra.

I.

Hleiðra stóð í báli og brandi.
Blossaði yfir þjóð og landi
Verstu galdra og grimdar nótt.
Nú vóru ekki hispri huldar
Hrekkvísin og grálund Skuldar.
Fallinn gekk þar óðar' aftur
Allrar vonzku heljar-kraftur
Níðs og heifta drauga drótt.

Hart var þar að Hrólfi sótt,
Bezta drengnum illrar aldar.
Augum hans þó væru faldar
Alls hans ríkis raunir kaldar,

Rán og spilling — skammsýnn mjög
Þegar hann með hrekkja-bragði
Hjörvarð glapti, svo hann lagði
Konungs-sverð í Kraka hönd,
Helgaði sér 'ans hjör og lönd —
Þýddi kæna lygi í lög.

Auðveldast er argra næmi
Óvandaðast konungs dæmi,
Afsökun hjá ilsku hverri
Eftirleiksins hálfu verri —
Ósköp lands eru eftirdrög.

Fremstur Kraki falli varðist,
Frækilegast sjálfur barðist.
Odd-djarfastur áhlaups beið 'ann.
Aftastur á helveg reið 'ann.

II.

Einn sat Bjarki auðum höndum
Inn' í höll,
Móðhugaðri en eggjun öll.
Orkaði á hæfni í höggi hverju
Hleiðru-kappa, og dug í verju

Fáliðanna, er hallar hliði
Héldu fyrir ofurliði:
Auknum múg við mannaföll —
Banahöggvin blóðlaus tröll
Kóklast reyndu á kné sín aftur,
Kviknaði nár af ilsku-hug.

Flögðin erfðu ins fallna dug —
Sá er heiftar kyngi-kraftur.

Undur þau að yfirbuga
Orkaði Böðvar sigurhuga —
Íþrótt kunni, af sem bar,
Eggjar deyfa vonzkunnar.

Ýmsir reyndu að lyfta, í löndum,
Laufa úr 'ans dánu höndum,
Greipan engum garp sem kemur,
Geymdan þeim sem friðinn semur.

III.

Seildist fram og hrökk á hæli
Hrólfs í flokk', og aðra knúði
Framar, Hjalti hugumprúði.
Höggum þó sem oft sig fæli —
Kappinn, sem við sumbl á kvöldin
Sverðinu barði hæzt á skjöldinn,
Skelfilegri í skrumi en fjöldinn,
Skjótfyndinn á drýgimæli.
Hrólfi minni vörn en vandi,
Vígahrotti í hverju landi,
Herraður með hrósnafninu
Höfðingjans í þjóðdrambinu.

Skimast hafði á báða bekki
Bjarka ettir.
Nú sást hann á undan ekki
Andstætt venju, hvar sem þéttir

Fjandmenn geystu fyrirsettir.
Þetta lét 'ann herinn heyra
Hátt, svo gengi í konungseyra —
Slíkt er ótta-æstra venja,
Öllum vilja saman-grenja.

Hjalti kvað:
"Hvað er að?
Böðvar hvergi að vígi vikinn!
Verst er hættan drottins-svikin.
Hann verð eg úr höll að kalla,
Hann skal með oss standa og falla."

Upp úr kliðnum kvað hin glögga
Konungsröddin, milli högga:

"Bjarki sinni orku etur
Á þeim stað sem gegnir betur —
Hyggur þú, að Hrólfi líki,
Hjalti prúði! og á þá víki
Ills til getu, að hann svíki
Auðnu vora, sæmd og ríki?
Láttu hann sig einan eiga!
Okkur nema viljir feiga."

Hjalti engra boða beið.
Beina leið
Þaut á flana-fótum hvötu
Fornkunnuga bæjargötu.
Leit samt inn til unnustunnar
Áður en ræki liðsafnaðinn,

Áhyggjunum um það hlaðinn:
Ef hann fjelli að verja staðinn,
Kossana fengju fjanda-munnar.
Þeim að spara sprundsins blíðleik.
Spilti hennar snoppu fríðleik,
Örkumlaða ekkju og ljóta
Óvinirnir gátu fengið,
Myndi fáa fýsa, að njóta
Fegurðar, er svo var gengið.

Hötuðum til að hindra veginn
Heimskan spillir sínu eigin.

IV.

Hjalti Bjarka heimsókn gerði,
Hjá 'onum stóð með brugðnu sverði:

"Situr þú ragur við að verjast
Voðanum? þegar aðrir berjast."

Vopnið sló úr Hjalta hendi
Hinn, og fram á gólfið rendi:

"Illfylgjur sem Hleiðru hlaða,
Hjalti, með þér uppi vaða."

V.

Heyrðist þytur, hár og hvellur,
Hleiðrargarðs til endimarka.
Æðru-hik á illvíg fellur,
Allir þektu lúður Bjarka,

Skorðuðust þeim sem orð í eyrum
Ómar frá hans sterka barka:

"Vonzkurnar vopnist,
Valaskjálf opnist.
Hel-hrun á alla
Hleiðra mun falla,
Vörn og sókn fer öll til Heljar-halla.
Vígahugar viltu,
Veltast skulum í
Bræðra-byltu
Hennar til, við Hildar-gný.
Fossi sem af fjalli
Flóð,
Mannablóð —
Úrfelli á uppgang stormsins.
Flýtt skal svo falli
Máttugs Þórs og Miðgarðsormsins.

Yfir hark og hræja-fallið
Heyra muntu lúður-kallið,
Halda aftur heim
Utan úr útlegðinni,
Týgjaður sterku viti og von:
Vöggur, fóstri, Kotungsson!
Valinn heygja af vargöldinni,
Valinn af oss og þeim.

Hvítum skildi friðar-Fróða
Fela glæður Leiðru hlóða —

Voldugasta víkings-höndin
Vopnin brýtur friðar löndin."

1914

Ögranir.

Þegar sérhver ganti og gjóstur
Grunnhygnina æsti í róstur,
Fús til sig og sína að spara,
Sjálfur ætlar hvergi að fara!
Eggjaði hæzt á múga-mannsins
Mannablót til fósturlandsins,
Viss, að bera í sínum sjóði
Sæmd og auðlegð frá hans blóði,
Tómum köllum kok-hreystinnar
Kaupa nafnbót lýðhyllinnar:
Stærstan huga þurfti þá,
Að þora að sitja hjá.

1914

Svefn ins réttláta.

Sætt mun veslings sannleikinn
Sofa um þessar mundir,
Hlekkjaður við höggstokkinn
Hermanns breddu undir.

1914

Tíðindamaðurinn.

Hoppandi dauðinn um heimsbygð og sæ
Hrópar nú inn í sérhvern bæ:
Liðsinninn héðan er lemstrað hræ,
Loginn burtu í stríðið — Hæ!

1914

Vopnahlé.

Formáli.

Kveddu í mig klökkva,
Karl, með ljóði þínu!
Hreyfðu ei höfði mínu,
Hlífðu þessum nökkva.

Eftirmáli.

Taki ei vit á tilfinningu
Taumhaldið, kann enginn segja
Hvernig hennar brautir beygja
Byljir á tíðar straum-hvirfingu.
Hún hefir verið voði, í höndum
Vanhyggju, í öllum löndum.

Skothríðin um stundar-bil var stytt upp,
Stöðvað snöggvast áhlaups-geys og viðnám.
Hrævalurinn hafði hvorutveggjum
Hindrað tök, að láta brytja niður,
Fylkingarnar hvergi í færi komist,
Kösin milli borið skildi á vopnin.

Morkið, hrannað, kviksyndi af náum
Ýldu-svörtum, sumstaðar á iði.

Samist hafði því um fárra tíma
Vopnahlé, því valinn átti að ryðja.
Að því búnu aftur skyldi hafin
Orustan, á ruddri braut til heljar.
Sérhvert peð á sínum reit á meðan
Sitja kyrt, og manndráps-taflið standa.
Orða-skila bil var blóðvallarins
Breidd, á milli vegendanna fremstu.

*

Öðrumegin, bak við reittan runna,
Réttist upp á kné sín áhlaupsmaður.
Skarn og blóðpoll skriðið hafði á grúfu
Skothríð undir. Síðan kveldið áður.
Niðr' í leirnum legið hafði flatur
Langa haustnótt, dregið líf og nötrað.

Ljúf var ennþá æskunni hans sterku
Upprisan í sólskinið og friðinn.

*

Gegnt á móti, gægðist upp úr fúlli
Gryfju sinni, framvarðsliði roskinn.
Föt hans vóru blaut og dreyra-blettuð,
Blóðug skóvörp, þó hann ósár væri.

Þarna hafði hann legið milli líka
Langa sólarhringa, í fremsta vígi.
Yngsti sonur hniginn lá til hægri,

Hafði á vinstri aldavin sinn fallinn,
Skorðaður hræjum, andaði nálykt að sér
Undir fellibyl af kúlugosum.

Upp að setjast, fá að hengja fætur
Fram af sínum eigin grafarbakka,
Einnig honum mattist stundar-miskunn.

*

Manninum fyrsta er leit nú ofanjarðar,
Óvininum, útlendingnum grimma
Andspænis, sem hafði um líf hans setið,
Kannske verið sonarbani sjálfs hans,
Samt gat hann nú kompánlega heilsað
Eins og sveitung', samfélaga í böli
Sárra rauna, hatramlegra slysa.

*

"Góðan daginn! fyrst þú fékst að lifa,
Félagi, og holl er okkur hvíldin!"
Sagði hann og mælti á hans máli.

Móðurtungan, eins og vinarkveðja
Óvænt heyrð, brá hýru á flóttasvipinn
Hins, er var svo glaðreift ávarpaður.
Jafnvel þessi litla lýzka í rómnum:
Líkt og tungan mælti úti á þekju,
Sem að fylgir sjaldtöluðu máli
Sérstaklega manns á roskins-aldri,
Fanst honum gera orðin innilegri,
Eins og barns, sem streitist við, að mæla
Orðaskil hins eldri manns sem skýrast.

*

"Óskir mínar beztu," tók hann undir,
"Heilsa þér, minn fjandi fyrir skemstu,
Faðir núna."

*

"Son þig bæri að kalla,
Fyrst þú mig með föðurnafni kveður.
Finn til, að eg get ei ennþá nefnt þó
Annan son en hann, sem hérna liggur
Hjá mér lík, í gröfinni okkar beggja.
Það er ekki óvináttumerki
Okkar milli."

*

"Hlé á meðan stendur,
Þeim sem ver eins vel og þú í elli
Virðing föðurlands síns, getur lotið —
Svona stundir — óvinur hans yngri."

*

"Aldri mínum ber ei þessi hróður —
Eg á hvergi fet af föðurlandi!
Fyrir það ei gripið hef' til vopna.

Fram í kyn er ætt mín leigu-liðar
Landeign svift. Einn drottinn vorrar þjóðar
Kúgaði af oss óðöl vor in fornu.
Aðalsmanni sínum gaf hann ránið
Fest í erfðir. Eða svo er sagan
Sögð af þeim er fullvel þykjast kunna.
Eitt er víst, að ósár dvelur heima
Óðalsherrann minn, en eg er hérna

Til að láta líf og sonu mína.
Líklega átt þú föðurhús að verja?"

*

"Föðurhús, nei, eg er borgar-búi!
Bara markaðs-vara þeirra herra
Sem að ráða verkastund og verði,
Vinnugögn og bæjar-rúmið eiga —

Þú hefir, faðir, flanað út í stríðið
Fyrir það að land þitt er svo herskátt,
Enginn sem að siðar það til friðar,
Sem hjá okkur. Þjóðin vor á marga
Friðsemjendur, sem að hafa bæði
Sungið honum lof og gjöfum ausið."

*

"Hér er eg ei vegna þess oss vanti
Vanefnd friðarlæti, ykkur fremur.
Oss, sem vórum forsprakkarnir fyrstu
Friðarverðlaun Nóbels karls að hreppa.
Skutum þó, sem þjóf, í fyrstu hviðu
Þann, sem reyndi að stilla nú til friðar.
Auðmenn vorir orðstírsmiklu af gulli —
En engu frægra — ruku til í elli
Hatta sína að hengja á alheims-friðinn
Hrúgu-fulla af skuldabréfum lýðsins,
Hrósverð mannúð helzt svo kynni að verja
Heitin þeirra fyrir snöggri gleymsku.

Nú þeir hafa skift um sveif og segja
Sjálfsagt þetta stríð, og ætli að hjálpa.

Loka-sennan verði það að vera,
Vitnið bezta um trúna sína á friðinn.

Kannske friðar-tungur þinnar þjóðar
Þannig hafi ei vafist sér um tennur?"

"Þær hafa dugað ykkur líkt og okkur
Okkar skáld. Þau sungu hálfan aldur
Frið á jörð, um samúð, sátt og kærleik
Svo sem kristnir menn. En tóku að belja
Hersöngvana hver í sínu lagi
Hávært, strax og fyrsta skotið glumdi,
Þar til sérhvert leirflag út um löndin
Líka drundi. Gamlir vígabarðar
Sem að altaf einir höfðu blásið
Arg um styrjöld, þótt við aldarháttinn
Hjárómaðir, mistu næstum málið
Mærð þá undir, líklega af fegni.

Við höfum öldung einn í mínu landi,
Æfilangt á ráðstefnum og þingum
Hefir fyrir fátæklinga hópinn,
Fyrirvinnur heimsins: verkalýðinn,
Krafist frelsis, friðar. Háði og hatri
Höfðingjanna stóð hann löngum undir,
Jafn-trúr máli í velgengni og voða.
Vildi aftra þessu fólsku æði,
En það vórum við: hans skjólstæðingar,
Við, sem stukkum upp og reiddum hnefann,
Organdi um: Þú ættir að þegja!

Það varð honum loksins nægur hnekkir,
Rænuhorfið raunabarn í elli
Reikar einn og sér um grafarbakkann.

Svo er mælt, að vantrú ný sé voldug,
Viðráð kirkju guðs í þínu landi
Hafi engan hemil nú á lýðnum,
Heiðindómur ykkar valdi þessu.

Hefir þú, faðir, fyrir þeirri öldu
Fluzt, og kannske nauðugt þér, í stríðið?"

*

"Það er hvorki vantrú eða veiklun
Vorrar kirkju, sem mig leiddi hingað.
Kristni og heiðni kemur saman vel, um
Krossferð þessa, standa í sömu fylking.
Klerkar vorir biðja flestir bits og
Blóðs á vopnin okkar, fyrir ríkið.
Ígildi við sóknarprestinn sjálfs mín,
Sem að hafði fimtíu jólanætur
Boðað fólki komu friðarkóngsins
Kærleiksorðum, meðan engir börðust.
Þegar heróp hljóp sem skjálfti um landið,
Hann tók þegar undir það í messu.
Sótti í skápinn sjálfa biblíuna,
Sannaði, að hver sem ekki berðist
Nú, fyrir málstað guðs og góðra siða,
Gæti ei hafa skilið kristindóminn
Blindaður af heiðnu hugarfari.

Hitt kann vera, að í þínu landi
Heilög kirkja og öflug, svo sem okkar,
Altarisklæðin beri þar á vopnin."

*

"Nei, hún leysir nú úr óefninu
Nauða-líkt og ykkar. Vígðir henni
Hirðirar og feður kristna flokksins
Fallið hafa, sjálfir undir vopnum.
Jafnvel helgust hátign vor í landi,
Höfuð lýðs og guðsríkis á jörðu
Kvað hafa borið fyrir fylking sinni
Frægstu skurðgoð okkar sönnu kirkju,
Knéfallandi herdeild þá úr hlaði
Hátíðlega þannig vígði Óðni.
Annars kváðu gamlir guðleysingjar
Gerast aftur sóknarbörn og trúa,
Kirkjur fyllast afturhvarfsins öldu,
Áður tómar. Siðabót í vændum.

Berst þú kannske við oss svona í von um
Viðréttingu fornu guðhræðslunnar?"

*

"Kirkjan okkar vígt hefir til víga
Vopn mín, eins og hinna. Mig samt ekki,
Fárátt hróp um afturhvarf og iðrun
Ærir mig ei. Til hvers myndi, að flýja
Bróðerni og friðsemd meðal manna
Meinbægðu, á náðir fornra venja,
Trúar, sem í tvær þúsundir alda
Tekist hefir siðabótin okkar

Eins og þessi völlur hérna vottar.
Viss er reynslan, aldrei var hún gleggri.

Hitt var, eg gekk—samkvæmt lands míns lögum —
Lærðaskólann í sem kendi að myrða.
Mér var enginn munur á því, lagsi,
Manndráp eru skyldunám hjá okkur.
Stríð var kveikt upp, eg í herinn heimtur,
Hefði eg afsagt, var eg sömu stundar
Drottinssviki, dauðamaður sekur
Dæmdur svo af herrétti, og skotinn.

Eg á börn og vildi voga að lifa
Vegna þeirra. Stríð er opinn dauði,
En þar verður stundum feigum forðað,
Fyrir herdóm aldrei. Stríðið kaus eg.

Þú hefir sjálfsagt sjálfviljugur hervæðst
Sjálfboðinn í óherskyldu landi?"

*

"Hlutdeild mín í hernað' þessum, faðir,
Hún er svipuð þinni. Áður stríðið
Skall á, vóru verkaföll í landi,
Vinnuekla, kauplækkun og dýrtíð.
Heimurinn sagður ofbirgur af öllu
Öðru en gjaldi, sveltan stæði af nægtum.
Lánardrotnar heimsins hafa vitað,
Hvað bjó undir stjórnar-kápum ríkja:
Stærra veð í fjárhags-þrælkun fólksins
Festa mætti, taka í skulda-gisling

Ófædd börn, til aldurloka jarðar,
Erfiðandi að gjalda vöxtu af lánum.

Sá er orðinn fyrsti fyrirboði
Fyrir stríði: skortur á öllu nógu.
Fæstir skildu þó hvað var í vændum.

Vígbúnaður hófst, og þá var lokað
Friðar-iðjum þeim sem manni miðla
Málsverð' dagsins. Forlög mín það urðu.
Húsbændurnir hættu öllum starfa,
Helmings-kaup samt buðu þeim sem gengi
Út í stríðið frá sér, fær að verja
Föðurlandið. Ríkið geldur mála.
Mér varð það svo eina leið að ala
Önn fyrir mömmu og sjálfum mér. En hún er
Hermanns ekkja, heim úr fyrra stríði
Hann kom sár og tórði lengi í ómegð.
Þegar eg komst upp á drengja-aldur
Eftirlaunin vóru af honum klipin.
Þjóðin var um þunga skatta að mögla,
Þarna sagðist stjórnin geta sparað.
Fær eg væri orðinn um að vinna
Okkur fyrir. Loforð sitt hún aftur
Tók við pabba, eins og ótal fleiri.

En ámeðan barist get og lifað,
Borgar ríkið málann minn til hennar
Mömmu. Því í byrjun verða að spyrjast
Góðar efndir, meðan það er þörf á
Þúsundum, sem fyrir slíku gangast.

Sérhver maður fellur í fyrirlitning
Fólksins vors er setið getur heima,
Bjóði 'ann ei og heimti sig í herinn,
Hana er ungum manni verst að þola.

Eg hef' barist við þig vegna þarfar,
Við mig stríðir þú af lagaskyldu.
Munar bara, að einvaldurinn ykkar
Upptökunum sagður er að valda."

*

"Ekki heldur er eg svona staddur
Af því, að í mínu landi hafi
Snemma í ágúst einn mann þarna hjá oss
Æði gripið. Djúprættari er sagan!
Áðan drapst þú, drengur, góm á stærra
Dráp ræði, sem þessu kom til leiðar:

Fólkið, eftir hálfrar aldar hugsun,
Hungurs-friður sinn við aukinn þrældóm
Gruna tók, að léki um eitthvað öfugt,
Út það breiddist. Máttarstólpar valdsins
Fóru að titra af ótta, þeir sem eru í
Öllum löndum sömu, og verða að styðjast
Hver við annan. Þjóð í þjóða-stríði
Þrautum sínum gleymir heimafyrir.
Kúgararnir verndar-vættir landsins
Virðast henni, meðan æðið stendur.
Þjóðhrokinn er þörf og stundarfriður
Þeim sem völdin hafa í hverju landi,
Streitan við að steypa upp allan heiminn
Stolti sinna þjóðvenja og tungu,

Þó að hróf það hryndi strax í mola —
Heims-menning er allra þjóða smíði
Reist á háttum lífs í hverju landi,
Landa, sem að hvergi eru samtæk.

Svona er í mínu landi, lagsi,
Líklega sástu vott um þetta heima?"

"Jú. En, það er annað haft hjá okkur
Orðtak, slíkt er nefnt: að vernda frelsið.

Man eg þó, er þegnar vóru í herinn
Þúsundir af okkar múg í Falsborg,
Bæjarstjórinn sagði: Vel það væri,
Við fengjum um stærri mál að hugsa
Held'r en kjörin okkar eigin stéttar.
Ófriðurinn væri heima-blessun.

Svo var annað: aðall vor úr bænum
Innanvígis, fær sér skemtileyfi
Til að aka út að herbúðunum
Okkar, þegar bezt er hlé á slagnum.
Hrósa oss og hjartanlega spyrja,
Hvers við æskjum, alt í té það skuli,
Sem þeir ráði yfir. Okkur hefir
Aldrei hugkvæmst svar. Við kunnum ekki
Við, að særa velvildina þeirra
Vafalausu, og biðja um þessa einu
Gjöf, sem kysum, en þeir geta ei gefið
Guðs-fegnastir: lok á þessu stríði.

Svo var það, einn daginn við að dysja
Dauðan valinn, svipað eins og núna,
Sama spurn við oss var endurtekin.
Orðvart skinn er herlæknirinn okkar,
Samt er björg og böndin hans um sárin
Betri en mælskan hans. En upp úr þurru
Þarna fékk hann þetta sinni málið:
Þið getið, sagði hann, tekið ykkur reku!
Fyrst þið viljið eitthvað hjálpa okkur,
Ofurlítið ræstið til af þessu
Pestarketi. Við höfum ekki við því,
Við erum þreyttir. — Hve þeir voru fljótir
Þá að kveðja og fara. Framar ekki
Flokkinn sama vissi eg koma hingað.

En eg hygg, að ef þú vissir, faðir,
Önn sem berum fyrir vorum sáru
Dást þú myndir: hvernig ofurefli
Að við fáu gátum móti staðið.
Hreystin þeirra er minna mark, sem vita,
Mergðin sín að eigi vísan sigur."

"Sigur! vinur, mér er sama um sigra!
Sigur ríkja er fall á næstu grösum.
Sigruð þjóð, sem lofað er að lifa,
Lifir til að hefna — því að valdið
Fellur æ á sínum eigin sigrum
Samt að lokum. Þeir eru hefndargjafir.

Róm sér eyddi í að sigra heiminn,
Einvalarnir hennar vóru fallnir,

Ættlerar og herleidd hjörð af þýjum
Hlaut að gefa upp öll in teknu vígi.
Sömu forlög sigra okkar bíða.

Sjálfs míns vilji er fis í þessum stormi,
Skynlaust, marklaust, leikfang allra átta.

Eða, hvaða björg er í að græða
Kvala-sár, og senda okkur grædda
Samstundis í ný-afstaðnar píslir?
Miskunnsemin blinda verður bara að
Bölvun lengri. Slík var okkar reynsla."

*

"Mig hefir líka gripið, eins og gengur,
Grunur, sem þó aldrei varð að hugsun,
Líkur þessu, sem þú sagðir, faðir,
Svo mig rámar til þess hvað þú átt við.

Þegar okkar litlu þjóðar landvörn
Lofuð var, sem nú er títt, að sönnu
Státnin af því yfirgnæfði löngum
Athyglina á niðurstöðu hennar.
En, ef leit eg við, á verksummerkin:
Val og rústir, sló mig stundum einhver
Hrollur um það, hefir ei stjórn vor unnið
Heimsku tóma, verið blind og ráðlaus?
Syndgað áfram, leitt yfir landið okkar
Loksins hingað sína eigin Kongó?
Þetta greip mig þrátt, en veit að landráð
Það er kallað, svo eg drap það niður.

Eg hef' verið sjálfur einu sinni
Særður græddur, legið dauða-þjáður
Undir hönd, sem hjúkraði í mig lífi.
Heilsu minni fagnaði eg aftur,
Leiddi hug frá hvað svo við mér tæki.

Hverft varð mér þó við það allra síðast,
Daginn sama sem þeir ný-framgenginn
Sendu mig á blöðvöll þennan aftur:
Sárum manni, eins og eg var áður,
O'n í bólið mitt var þegar holað,
Hálf-dauðum af þjáning svo hann þagði —
Þig skal eg á nokkrum vikum hafa
Bæklað upp! kvað læknirinn hans. Lítt' á!
Lagsmann þennan, jafngóður sem áður, —
Benti á mig — sá skolli fyrir skemstu
Skrámu hafði, eins og þú. Á förum
Aftur, græddur heilbrigður, til hersins. —
Hressa vildi 'ann sjúklinginn á þessu.
Það var sem alt fjör og fát ins veika
Funaði upp: "Nei, aldrei, aldrei, bófi!
Heyrðu það! mig lækna skalt, að líða!
Lifa upp aftur pínsli mín í valnum,
Dægrin þrjú, af þorsta-bruna og verkjum,
Því að eg skal deyja undir þínum
Höndum fyr, hvern hrekk sem þú vilt reyna,
Held'r en lenda í kvalastað þeim aftur."
Mér varð bylt, svo mér gekk næst, að hugsa
Mína hagi. Stökk burt til að forðast
Það. Sá maður, auðvitað, var óður —
Enn mig hryllir hvílíkt vit hann sagði!

Þú munt búa að huggun okkar hinna:
Hrinan þessi, sem um veröld gengur
Stríðisins dauða-stríð að muni verða?
Stytti upp, þá ljómi friðarheiði
Fram um nyrztu náttmál okkar jarðar.
Nú sé barist um að flýta þessu,
Við að herja út frelsið til að fá það,
Fyrirstaðan ykkar til að sansast."

*

"Höggvumst við um frelsi að vera í friði
Fáráðarnir, þú og eg? sem höfum
Engan rétt til atkvæða um sjálfa
Okkur — leyfum það sé okkur fornspurt,
Hvort við skulum myrða og láta myrðast.
Meinleysi er hvergi frjálst að vera,
Hérna banna herlög slíkt, en þarna
Hleypidómar lýðsins. Það er jafnvægt.

Erum við ei sjálfir hingað sendir
Sviftir vilja, háðir annars valdi?
Báðum sama erindið er ætlað,
Enginn munur hverja leið er vísað.

Það er satt, við höfum hugsað okkur
Heimsfrið settan, við sem gerumst hrörir,
Horfnir mætti að hugsa um það lengur.
Hvar er æskan? við sem taka ætti
Lengri framsýn, djarfleikurinn, dáðin?
Drepin út! Það liggur hérna í valnum!
Næstu framtíð hnekt við það, í hendur
Heiglinga og sérgæðinga einna.

Friðurinn verður friður máttleysingja —
Fáist hann — og týndra möguleika
Stríðsins sjálfs til sigurvalds í heimi.
Svona kaupir næsta kynslóð friðinn.

Áður léku heimsins stjórnar-herrar
Hræsnisleik á kurteisustu vísu
Hver við annan. Tömdu sér að teygja
Tvíræð orð um misfellur í samning,
Út á hræsis-brekku bófaskapar
Bera nú hver annan. Dagblöð ganga
Um með þjóðróg. Hatursorðum hreyta
Hver til annars lærðir menn og spakir.
Smáþjóðum sem utan við þann ofsa
Auðnast stöð, það mætti verða gæfa,
Voldug lönd ef kostuðu síður kapps að
Kreppa að þeim, bara til að láta
Féndur sína sýnast hafa logið,
Svívirðingar þeirra af sér núa.

Gaztu, þó þú vildir, vera látið
Vopn á mig að bera? fyrst þú hafðir
Sigurvon og máttinn til þess, maður!
Mínum gerðum réði eg ekki heldur.
Þeir sem ríkjum ráða, sín á milli
Rázka á laun og veðsetja hver öðrum
Lýði sína og líf vort. Ganga í félög
Liðveizlurnar um, á bak við þingin,
Huldar, unz þær upp komast í styrjöld.
Alþýðan, sem finst hún vera að stjórna,

Seld er upp og út úr sínu landi
Einvalds dutlung sjálfra harðstjóranna."

*

"Við höfum, faðir, fundið þetta líka —
Fúsir eru ei banda-liðar vorir
Til að verja okkur, útlendinga, —
Eins og von er — jafnvel þó svo mæli,
Er sem skorti eldmóðinn og röggið
Átthagans, þá fyrir hann er barist.
Hvað sem sagt er: sjáum við og finnum,
Samúð þeirra er dregin út með krókum.

En oss skilst: að okkar-megin standi
Undir vopnum, neydd til þess að verjast,
Gervöll mannheims menning, sem á jörðu
Muni komin hæst og vera frjálsust.

Þið hafið sjaldan fetað fyrstu sporin
Fram á leið, til gagnsmunanna helztu
Vorrar frægu uppfundinga aldar.

Óáran og kyrstöð myndi fylgja
Sigri ykkar, farg yfir alla framför,
Farast það sem unnið var. Þið hafið
Hugsað ykkur völd, en síður séð í
Sölurnar, er gripuð nú til vopna.

Þér hefir, faðir, sjálfsagt orðið örðugt,
Auga að koma, heima í þínu landi,

Á þá sem að öndvert geysa og falla
Undirstrauma í þessu dreyra-flóði."

*

"Það er satt! Eg hef' ei hæfni til að
Henda á lofti hverja söguskýring,
Feta stutt á eigin athugunum.

Einu sinni var, að mínu landi
Blæddi þó í þrjátíu ár til muna.
Það var kannske fyrir lítið efni,
Aðeins það: Hvort leyfa mætti lýðnum
Leið til guðs síns eftir bezta viti,
Eða þurka allar samvizkurnar
Út með smíðum lærðra kirkjufeðra.

Nú er líka önnur almenn kirkja
Uppi, sem að drotnar yfir heimi,
Hinni verri, ríkari en sú í Rómi.
Róm og páfi er nú í hverju landi
Æðsta ráðið, þau eru véla-valdið!
Vitið misbeitt: hefndargjöf þeim ríku,
Þrælkun fjöldans, þurfamanna smiðjan.
Þjóðríkjanna haturs-kapp um markað,
Til að fleyta ómegð sinni á öðrum
Allsþurfandi og smærri — svo þau bítast
Ekki um frelsi, en villimanna verzlun.

Vitið — okkar dáðu uppfyndingar,
Það á skuld á skelfingunum hérna.

Skaðræðið í höndum óvitanna,
Gæðalistin beitt til verstu vonzku.

Verða kannske endalokin manna
Sálgun undir sínum handaverkum?
Setja þeir jafnört brellur móti hrekkjum
Unz þeir komast hvorki fram né aftur,
Kurlast niður sigurvonalausir,
Neyðast til að bjargast undan byrði
Bákna-vits síns, þreyttu að eyðileggja?

Hefir ei þjóð þín hlynt að þessu valdi
Helzt og mest, og tekið lof sitt fyrir,
Ögrað svo með eftirdæmi sínu
Öðrum fram, að keppa sömu brautir?

Kannske þessi bylur af manna-blóði
Brjóti okið. Hver sem nú vó fyrstur!"

*

"Þetta minnir mig á lítilræði:
Manntjón, sem við biðum hér um daginn,
Okkar-megin, við að verja ykkur
Vígvél okkar beztu í skothríðunum.
Það var Helgrind, stórkýlan vor stælta,
Strá-drápvægast morðtól vort á ykkur,
Gorgó stríðsins, eftirlætið okkar.
Ákaft sóttuð þið, að taka hana.
Okkar völ varð loks um fall og flótta.
Fyrirliðinn okkar stóð sem vargur,
Hamóður, og hergrimmur á svipinn,

Henti hverjum liðsflokknum af öðrum
Fram til varnar fyrir þetta goð vort,
Feldum jafnskjótt, hvern á annars hæla,
Brá ei hót þó hryndu allir niður,
Hörkulegri sýndist altaf verða.
Loks er átti engum á að skipa
Útför sína — vopninu þið náðuð
Senn af valnum — glúpnaði þessi gammur,
Grét sem barn, er óvættinn þið sprengduð.

Þig hefir kannske, faðir, dreymt um frægðir,
Freistað svona gæfunnar í stríði
Háður uppreisn þeirra kreptu krafta
Kotungsins, sem fæddur er til dáða?

Okkar fornu kappar eru kærir
Krökkunum, það eldist seint af manni."

*

"Frægð af stríði! fyrir okkur, peðin
Færð af hönd, oss sjálfum óvitandi,
Sem fær alla tekju af þessu tafli,
Teflir í veð og lætur af sér drepa
Vísvitandi beztu menn á borði.
Bara í þeirri von, að andstæðingnum
Sjáist yfir seinni leik í máti.
Sigað er oss í dauðann fram til reynslu.

Við erum smöluð hjörð, sem undir hnífinn
Húsbændurnir ráku inn í kvína,
Grunlaus um hver fara skal til frálags,

Fyriróalausir hverjir verða
Settir í bráð á vetur, guð og gaddinn.

Glingrið sjálft, þeir óverðugu krossar,
Hittir: hvern af hending, eins og kúlan!

Hugrekkið og vopnfimin var áður
Sjálfráð eign hvers afarmennis, sífelt
Óhindruð og kunn hjá vin og óvin,
Snildin við að sigra og sér að forða
Sannleikur, sem kappinn naut og átti.
Þá var stríðið vígafrækni vargsins
Vilts en frjáls, og snildin hrífur ennþá.
Nú eru stríðin kör og dáðlaus dauði,
Drepsóttir, sem ganga yfir heiminn."

*

"Það mun satt, úr orrahríðum okkar
Æfintýrin beztu séu flúin.

Eg kann sögu um sveitapilt hjá okkur
Sem fékst aldrei til að ganga í herinn,
Hvattur til þess, kvaddur til þess, neyddur,
Knúður hótun, spjáður, fyrirlitinn,
Dáðlaust afhrak allra feðra sinna
Álitinn, og skræfa hrædd við dauðann.
Þó að fyrir hug að halda friðinn
Hrakyrði og allra misboð þyldi,
Eins og seinna sást. — Í herkví okkar
Sveit af ykkar liði vissum stadda.
Flýta varð sér, annars slapp hún undan.
Okkur varð ei sýnt um skemstu leiðir,

Gripum þennan pilt til vega-vísis
Vorum mönnum. Þetta var í bygð hans.

Lengi fór hann fyrir okkar liði.
Foringjanum þótti gatan togna,
Miðaði svo á sveininn spentri byssu,
Sagði: Komir þú ei oss í færi
Við þá fjanda, innan einnar stundar,
Amlóðinn! eg skýt þig dauðann, hundur.

Sveinninn leit við byssunni og brosti:
Boð þitt get eg ekki framkvæmt, herra.
Nú þið aldrei óvinunum náið,
Afleiðis eg hef' með ykkur farið.
Til að frelsa fáein líf í bili
Fyrir mitt — og láttu skotið ríða!

Tugir riffla tafarlaust þá hvæstu,
Tætt í sundur skildu þar við hræið. —

Það var litlu seinna, að eg sagði
Sögu þessa fanga úr ykkar liði. —
Báðir vóru í skapi til að skiftast
Skringi-sögum á og reynslu í hernum —
Hann hló dátt að þessari upp úr þurru.

Þarna fékk eg ástæðuna! sagði 'ann:
Þegar þeir gamla Fálka okkar færðu
Fram og upp í raðir hertoganna
Fyrir snild hans í því undanhaldi —
Yfir hóp þeim var hann fyrirliði —

Og þeir stríddu að stjörnumerkja karlinn,
Stritaði hann gegn öllum þessum heiðri.
Sagði: að ei sú virðing færi að verðung,
Á vanagangi sínum hefði 'ann sloppið!

Yfirlætis-leysi gamla Fálka
Lýðir dáðust að. En jafnan mátti
Festa trú á fullyrðingum hans, sem
Fáar vóru. Eg ræð af mörgum líkum,
Að hann kysi allra-síztur manna
Utan á sér bera þessa lygi,
Ef hann vissi hví og hverjum heyrði
Heiðursmerkið — sem sé: drengnum ykkar.

Finnurðu ei á þér, faðir, að loknu æði
Fólkvígs þessa, að svipir slíkra manna
Munu gægjast gegnum valkestina
Glöggséðari af heiminum en áður, —
Helgari við hlið á þessum viðbjóð —
Hika framtíð manns við slíka glötun?

Kannske, faðir, lánsdagur þeim litlu
Löndum rísi upp af þessum myrkva,
Þessum sem að hlutlaus hafa staðið
Hjá, en yfir skörðum rétti setið!"

•

"Hlutlaust! góður, hvaða þjóð er hlutlaus?
Höfum við ei kunngert allri veröld, —
Oss til hróss, en fjandmönnum til felmturs —
Framhald þessa leiks um árafjölda
Hefðum ráðin á að láta endast,

Án þess sjálfir þyrftum til að verja
Lands vors auði. Ávextir af lánum
Öðrum þjóðum hjá, því dável fleyttu.

Hver er hlutlaus, fyrst að allir eru
Um að borga oss fyrir niðurskurðinn?

Þið, og hinir, sjálfsagt líka sýnið
Svona reikning. Allur heimur geldur
Toll í okkar önn að eyðileggja.

Að eins, gæti nokkur þjóð um veröld
Stýrt hjá því, að sínu bezta blóði
Blæddi út í þessum mannaskaða,
Manndóm sinn hún eftir myndi eiga
Óskertan — og kannske framtíðina.

Einn mun bezti vilji til þess verða
Vonspá góða að kveða fram í eyður
Huldra alda, gagnstætt tímans táknum.

Tryltum vígmóð blása í allar þjóðir
Viðburðirnir. Hermenskan er hróðug,
Hún á leikinn. Illra mála sönnun
Fagna allir víga-hrottar heimsins,
Hræðslu manna strax við þetta uppnám
Nota sér og hrópa á meiri herskjöld.

Hjá þó vilji eitthvert ríki sitja,
Völdin þau sem hófu þessa hildi,
Hleypa reyna með sér út í bálið.

Lokka, kúga, lofa, rægja, hóta
Liðveizlum og tortíming og hefndum.
Öllum heimi steypa vilja í vítið
Versta með sér. Illviljaðri hinum
Ríka manni, í kvölum sinna klækja
Kappkostaði, að forða bræðrum sínum
Frá því, sem hann sjálfur varð að líða.
Sagan um það jafnvel þó sé rugluð,
Það hefir aldrei rúm í víddum Vítis
Verið fyrir smæsta þel af mannúð.

Hver hafa orðið forlög foringjanna
Fáu, þeirra er ekki hafa brugðið
Friðarmæli sín, og vildu ei svíkja
Sannleikann í voða? Einn[1]) er myrtur,
Annar[2]) fyrir sömu sök er gerður
Svívirðing í eigin hóp og dæmdur,
Yfirgefinn rænulaus af raunum
Reikar nú sá þriðji[3]) um grafarbakkann.
Jafnvel sjálfur Rómverjinn, sem ríkir,
Rógsbræðrunum storkar: Sjáið manninn!

Helzt við aumkvum þá, sem drepnir deyja,
Deyja og falla, og hafa skemst að bera.
Hatrið alt og eymdin, sem að lifir
Eftir, væri tífalt hörmulegri.

Eg að einni huggun hvarflað huga
Hefi stundum: þeirri, ef morðsótt þessi
Legði í valinn heimamann úr húsi

---

1) Jean Jaurés — 2) Liebknecht — 3) Keir Hardie.

Heimsins hverju — son og bróður, eða
Eiginmann, og eftirsjáin brytist
Inn um hverjar dyr, og settist niður
Óvelkomin, aldrei til að víkja —
Alvörunnar samúð kynni að lokum
Sættast yfir allra manna skipbrot!
Efldust tunga sannleikans er reynslan.

Þú og eg, og fjöldi þarf að falla
Fyrst. — Og nú er rýmt til fyrir okkur!"

*

"Víst er, faðir, okkar hvíld senn úti!
Er að mestu ruddur þessi valur.

Eg hef' gleymt, að eg í malnum mínum
Málsverð átti. Þó eg soltinn væri,
Fýsti mig þó meira um þetta við þig
Mál að ræða . Nú sezt eg að borði!"

*

"Bíð þú, meðan að eg sný mér undan!
Ekki get eg horft á þínar krásir."

*

"Gríp og þigðu! — Þú hefir lengur soltið —
Þennan bita. Eg kemst af til nætur!
Sko, nú hef' eg hent 'onum þarna til þín."

*

"Hafðu 'ann sjálfur. Þú er svangur, drengur!"

*

"Það er satt! En matarlyst eg misti!
Mundi, að þú í fjóra sólarhringa,
Hvíldarlaus og fæðis, varðst að verjast
Vorri sókn. Við skiftumst á með dægrum,
Fengum matarfrið og sleikju stundum."

*

"Fyrir mannúðina, beztu þakkir!
Að hún tórir — mest hjá hversdags-mönnum,
Múgnum okkar — hér, í þessum fjandskap,
Eina vonin er. En litlu skiftir
Aðbúðin við mig, því skamt mun eftir.

Ekki þorði eg, sveinn, að sjá þig snæða.
Soltnum úlfi í glorhungruðum maga
Treysti ekki að standast slíka storkun.
Staðráðinn þér ekkert mein að vinna
Mæltist til, eg mætti snúa frá þér."

*

"Mál er nú að hefja leikinn aftur,
Lúðrar vorir blása æst til áhlaups!"

*

"Okkar trumbur drynja fyrirstöðu!"

*

"Tak þér vara á vopni mínu, faðir!"

*

"Velkominn í gröfina til mín, sonur!"

1915

Brot úr hestavísum Fjósa-Páls gamla.

—

Mér finst all-flest munuð frá:
Marsins stallinn auðan sjá,
Kveðju valla framar fá
Fyrst ei kallar hnegg mig á.

Leitt varð gnauðið galta nóg —
Gekk með trauð-viljugri ró
Fram hjá dauða-þögnum þó,
Þegar auð varð grísa kró.

Blakkur stóð hér, búgull manns!
Bás er hljóður léttfetans.
Út á blóðvöll bardagans
Ber eg móð af sölu hans.

Verða harm-leið verkin máls,
Viknar barmur Fjósa-Páls.
Sviða í hvarminn, kökk í háls
Kosta garminn stökur sjálfs.

Eignar-ráð með ófengin
Ekkert tjáði viljinn minn,
Ef þar náði í arðinn sinn
Aura-gáður húsbóndinn.

Teymdi eg kvikan blakk úr bygð
Burt. — Það strik í mína dygð
Er svo mikil afbrots-hrygð:
Eins og sviki vin í trygð.

Vinna sending vikamanns
Varð, að bending húsbóndans,
Bera úr hendi brallarans
Blóðugt endurgjaldið hans.

Tjóðrin slitið hefði hann
Hefði 'ann vitað kaupmálann.
Hönd mín titra á hlýra vann
Hans, við bitran skilnað þann.

Kveðju-tal í augum er
Eygðum kalalaust að mér:
"Farga í dvalir svo frá sér,
Sízt í kvalir, ætla eg þér."

Hef' eg fundið huga í,
Hvað 'ann mundi líða af því
Hrekjast bundinn hers við gný:
Hver ein stundin skelfing ný.

Með hann skeiða, skynd við eim,
Skutur og reið um ferða-geim .
Tuggum eyðir tregt frá þeim,
Tórir á leiða sínum heim.

Þá mun rænan þögul-stríð
Þrá hjá bænum engin víð,
Völlu græna, heima-hlíð,
Hagan væna og gróður-tíð.

Vetrar-hríð um hjörnin gljá
Heima-blíð er minning þá,
Skjól — sem tíðast tókst að ná —
Taglið síða og skeflan há.

Gruna eg lotinn, langdreginn,
Lífi þrotinn drösulinn
Byltu nota, er bregzt á kinn
Bana-skotinn riddarinn.

Fljótt hefir skipast foli úr klár —
Fótinn lipra kenni eg skár!
Er sem gripi á sig frár
Æsku-svip við banasár.

Finst eg sjái fáksins neyð,
Fældur þá hann snýr af leið, —
Sundur-táin brjóstin breið —
Brokkar náinn hinzta skeið.

Flest sem þótti fegra hest
Fékk mér ótta, að spilt er verst —
Að mér sóttu augun mest!
Ofboðs flóttaleg og hvest.

1915

Faríseinn í hlutleysinu.

Kristur sagði kotalýð
Kapítula úr sögu minni,

Sönnu næst á sinni tíð —
Síðan þá, í veröldinni
Alt sem dreif á æfidaga
Orðið hefir lengri saga.

Vittu: eg er uppi enn,
Ætíð réttlát störf að vinna!
Heiminn geta ei hrekkjamenn
Hremsað, vegna dygða minna.
Sérhvert boðorð utan á mig
Uppfylt hengi — að minkunn-slá þig.

Geipað hef' eg fjas um frið,
Formælt þeim er styrjöld valda,
Af því eg stóð utan við —
Ef á vopni þurfti að halda
Hver á annan fjandinn fjáði,
Fékk það sá, er til mín náði.

Ef við tveggja áflogin
Annar bað á þessir lundir:
"Sel mér, kæri, kutann þinn
Karlinn á, sem liggur undir,"
Hvernig má eg hlutlaus heita,
Honum ef eg skyldi neita?

Ef hinn deyr þar af, er bert,
Í mér til hans var ei guttur.
Eg gat ekki að því gert,
Að 'ann var svo fingrastuttur —
Vöru hef' eg hverjum fala!
Hvað við mig um not að tala?

Mig, sem hef', þar hjá eg sat:
"Hættu!" jafnt til beggja orgað —
Það, að selja þeim sem gat
Þörfum sínum náð og borgað,
Fólska er mér til lasts að leggja —
Ljúfast var mér gullið beggja!

Yfirvöldum á ef lá
Almenning sín ráð að dylja
Löngum hef' eg haldið þá
Hæst á lofti þjóðarvilja
Væri í horfi hugnun engin
Hjásetning við valdafenginn.

Ef að kóngar hvísla að mér
Hvað fyrir mína þjóð skal gefa,
Drengskapinn eg dæmi af þér,
Dóninn, farir þú að efa:
Mér sé leyfð, hjá lýðum jarðar,
Leynd á því, sem alla varðar.

Fólksins traust skal til mín sett,
Trúað mínu ráðalagi.
Af því sem eg engan rétt,
Ef hann stækkar mína hagi —
Óhegnt skal því ei, að gruna
Utanhafna samvizkuna!

Inst í guðshús, æ og sí,
Áður rauk eg sjálfhælandi.

Núna sezt eg efstur í
Öndvegið í mínu landi —
Það er vorum högum hægra,
Hátíðlegra og stórum frægra.

1915

Stjórnarbótaheit á stríðstíðinni.

—

Skrattinn gekk til skrifta,
Skelkaður við kveisu,
Hét í heilsuleysu
Hegðun um að skifta —
Sviftur sjúkdóms eisu
Særin kvaðst hann rifta,
Gera, ef leyfði gifta,
Guði skömm og hneysu.
Skrattinn gekk til skrifta,
Skelkaður við kveisu.

1915

Úr Opinberunarbókinni.

—

Góðra heilla höfnum frá,
Heldur þá um stýrið
Heimskringlunnar hripi á,
Hróðugt afgrunns dýrið.

1915

"Í Babýlon, við vötnin ströng."

—

Með burtulöngun bandingjans
Og beiskju vegna strandsins,
Með ferðaþrá ins frjálsa manns
Til fyrirheitna landsins,
Með ferjulausa flótta-von,
Í fljótum girtri Babýlon
Tók biðin þeim að þröngva. —
Er sprungna lúðra og lagða frá,
Og lestar trumbur, skríllinn sá,
Hann særði þá til söngva.

Þeir hlýddu, léku, reyndu róm —
Sú raustin vængi þandi
Svo nemur enn þann heima-hljóm
Við hjarta í hverju landi. —
Þeir sungu: "Hversu örðugt er
Þá óláns-götur kyn þitt fer!
Sem sporin þarflaust þyngja,
En þú hefir leið til sælu séð,
En sam-nauðugur fargast með,
Og verður samt að syngja."

1915

Viðbúna landið.

—

Læt eg bát á bárum
Biðar-dok sér gera.

Uppi held eg árum,
Inn til landsins hlera.

Þursar: "Sjóðum! sjóðum!"
Svarra uppi á björgum.
Setja að svælu-glóðum
Soðkatla í hörgum.

Hönd og höggvinn strjúpur
Hanga á steikar-teinum,
Krauma höfuð-kúpur,
Kynt er mannabeinum.

1915

Einvígið.

Kom á víga-völl, að hasla 'ann —
Vopndjörfust að hverjum leiki —
Íþróttin og uppivazlan:
Egill skáld og Ljótur bleiki.

Þarna áttu afarmenni
Einvígi með sér að þreyta.
Ljótur — vargur, bæja-brennir,
Brúðaspillir, fyrst og seinast,
Sem að minni-máttar nennir
Meinalausum bændum leynast.

Egill, til að hlífa henni
Hrakgifting sem kveið að neita.

Gestur, fyrir greiðann fúsa
Gestgjafann af hólmi að leysa,
Við þann komna her til húsa
Hann sem mátti ei skjöld við reisa.
Fús að leggja Ljót að velli,
Landið frelsa, að ei sé vakið
Níðingsvíg á æsku og elli,
Ættarspell og frillutakið.

Enginn las þó Agli í svipinn,
Að honum blæddi kona hnipin.
Harðsnúðugu hetju-geði
Huglátssemin fór þó svona:
Lét sér ant, í gesta-gleði
Glúpin hví þar sæti kona,
Óljúf fyrir Agli að skriftast
Um þá nauðung: Ljóti að giftast,
Eða vita frænda feigan
Fyrir það að neita að eiga 'ann.

Agli í metnað mikilþægðar
Mildi rann, sem lind í fjalli —
"Eg skal, meyja, mæta karli
Mitt á hólmi," Egill sagði,
"Tefja honum för til frægðar."

Fríður þótti hann þessu sinni,
Þar hann stóð á hólmi búnum.
Var sem afl og íþrótt brynni
Undir skugga-dökkum brúnum,
Dró ei grimd, en geð á enni

Grópað djúpum hyggju-rúnum —
Lágt er tröll hjá mikilmenni.

Úfinn gein og roga-reiður, —
Risahönd í skjöldinn undin —
Ljótur á borð við hryssings-hundinn,
Hnakkakýldur, lendabreiður.
Svall í honum leirskálds-lundin:
Lurkinn með að standa gleiður.

Var að fólsins grenji og geysi
Glettu-skáldi létt að spotta.
Illra gáfna gæfuleysi
Glórði úr vitum ófrýns hrotta.

Dólgur hafði í dauðann viðað,
Dalaður bæði á fæti og hausi —
Egill gat, hvað getulausi
Gylfi Noregs kunni ekki:
Vörgum landsins verða að hnekki.

Bleikan glópald gat hann siðað.
Gunnhildinga veldi friðað.

1916

"Syndir feðranna í þriðja og fjórða lið."

—

Þú mátt bera, unga öld, —
Og með stun og tárum —

Feðra-heimsku hrópleg gjöld
Og heimaland í sárum.

1916

Vígahrottinn.

—

Hugur gjörður hans mun — þá
Hræi í svörðinn éljar —:
Niflheims-vörður, norðan á
Nætur-görðum Heljar.

1916

Sláturtíðin..

—

Evrópa er sláturhús, þar myrða þeir af móði,
Og mannabúka í spaðtunnurnar brytja í erg og grið.
Við trogið situr England, og er að hræra í blóði,
Með öllum sínum kaupmönnum og bæjargötu-lýð.

1916

Þegar eg var ritstjóri.

—

Með tárin í augum eg aumkvandi stóð
Ef einstaka bófi var flengdur.
Mér versnaði, væri 'ann hengdur,
Og þyngdi svo mikið að þá fékk eg hljóð.
En þegar í manndrápum öldin varð óð

Og umheimur gervallur hrækös og blóð,
Og myrtir í þúsundum þegnar og fljóð:
Eg þagði og tvíráður stóð.

Því eg hlaut að lifa, og leika við "móð",
Og lýðheimsku var eg þó tengdur.

Eg sat þarna samvizku-rengdur —
En svo hún ei gelti né gæfi af sér hljóð:
Eg falsaðri afsökun í hana tróð,
Og eggjaði mína þjóð.

Kvenland.

Hvar mun ofsótt andagift
Eiga hælis nú að vona?
Þegar Frakklands föðurlausa
Fokið er í skjólið svona.
Útlæg snildin átti forðum
Afdrep þar og griðastað,
Alt sem heima of-djarft kvað,
Jafnt með penna, pensli og orðum.

Ekkju-sveitin sonalaus!
Sérhver aldin-runni skarður,
Þjóðbraut hver um líkhlið liggur,
Landamerkin kirkjugarður.
Ættar-nöfn í síðsta sinni
Samninginn um dýran frið

Hinzta röðin ritar við,
Göngu-hrygg úr manna-minni.

Heitmey ung, í hverjum bæ,
Heima verður með að sitja
Fingurgull frá sínum sveini,
Sem mun aldrei bónorðs vitja —
Á að bjóða útlendingum
Öndvegin við starf og brauð,
Þau sem standa ein og auð?
Lána dóma á listaþingum?

Frakklands ætt er ennþá heil,
Allri sinni framtíð ræður!
Ekkert getur lógað lífi
Landsins, sem á slíkar mæður!
Enn úr missi og fátækt, fegri
Fötin sér hún sníða kann
Lofnin franska, og mikla mann.
Rísa úr tjóni tígulegri.

1917

Fjallkonan, til hermannanna sem heim koma.

Mér hrynja tár um kinnar,
mér hrekkur ljóð af vör!
Við heimkomuna ykkar,
úr slíkri mæðuför,
Með skarð í hverjum skildi,
með bróðurblóð á hjör.

Þann allra stærsta greiða —
en vildarlaust — mér vann,
Sá vopnum fletti börnin mín!
Og sátt er eg við hann!
Um gest minn síðan óhrædd er,
og hult um heimamann.

En vei sé þeim! og vei sé þeim,
sem véla knérunn minn,
Að vega blindra höndum
í grannaflokkinn sinn,
Eins hermilega og Höður,
til óráðs auðsvikinn!

Minn frið til þeirra er féllu.
Þú kyrð og kös þá geym!
Og Kains-merki leyndu
undir blóðstorkunni á þeim.
En að fá þá minni-menn,
sem heimtast aftur heim
Er hugarraun mér þyngst.

1917

Aðgangurinn.

Læsir Hljóðyn, Hlé og ský
Haturs-glóðum tveimur,
Dauðra-blóði drukkinn í,
Djöful-óður heimur.

1918

Ad Abenddon.

—

Engill morðs og skemda: skál á veginn!
— Skynlaus veröld senn mun blóði þvegin —
Renni í arm þinn afdæmd sláturhjörðin,
Örara en heimskan fyllir skörðin —
Skál! Nú fækkar flónum öllu megin.

1918

Líkberinn.

Þýðing á „The Stretcher-Bearer"
eftir Robert W. Service. —

—

Af börum mínum blóðpollinn
Hér berst eg við, að þvo og má.
Og á mig sækir angistin,
Við alt það sem eg heyrði og sá —
Með vítis-kvala Kains-mark
Í kinnar brent leið nóttin hjá.
Á guð í hæðum hjarta og kjark,
Að hrökkva ei tár, en slíkt að sjá?

Og hulið er mér, hver helzt sá er,
Sem hratt á þennan glapa-stig.
Með heiftarsálm í hjarta mér
Eg hefði ei skap að bæna mig.
Mig skortir fólsku, um fána og kyn,
Að fleipra, við þau bróðurmorð,
Við hjörtun öll sem harma vin,
Við héruð brend og eydda storð.

Og eg dró út úr eldi og mökk,
Frá aftni gærdags, blóðug hræ —
Sjálf birtan upp með hrolli hrökk
Við helreið kúlna um morgunblæ.
Og sól, að veröld bræði og böls,
Sem blóðrautt auga úr firnum stelst —
"Til særðra og feigra! og fram til kvölds!"
Ó, friðarguð, þér dvelst! þér dvelst!

1918

Undanþágan.

— Vikið við úr ensku. —

Hver einstakur segir fyrir sig ......
"Komið heilir, og hýðið
Út í herinn og stríðið,
Hvert einasta mannsbarn, á stað eða stig.
:,: Takið kvenmenn og karla :,:
:,: Takið einn, takið alla, :,:
Takið mág minn og móður,
Mína systur og bróður,
Takið börn mín og konu,
Þið stríðsgarpar góðu!
En í guðsbænum takið ei mig!"

1918

Orustan við "Yankee-Bluff".

Bandaríkin bryddu á því,
Bylurinn frá sér yrði "rough" —

Þó féll svo sem enginn í
Orustu við "Yankee-Bluff".

1918

Þegar Kristur varð herprestur.

Úr helgum ritum hef' eg það í minni,
Að herprestur varð Kristur einu sinni.
En stutt var ræðan, sú er sagan getur,
Og sem hann flutti: "Sliðra sverð þitt, Pétur!
Því hver sem bregður sverði, sá skal falla
Á sverðs-eggjunum" —. Við slíka texta alla,
Nú blæs til liðhlaups lúðrasveit guðs nýja —
Sem leigumenskan úlfinn sé að flýja.

1918

Eugene Debs.

I.

Loks gat meinráð megnað því:
Lengur, en væri lífs að vona,
Leifum fjörs á aldri svona:
Dýflissu þær dæmdust í.
Þennan vininn veslinganna,
Vandlætara rangindanna!
Lengi hefir lymskan elt hann,
Loks á þessu bragði felt hann —
Honum þó á kné hún kæmi,
Keypt er það, að skammgóðs dæmi.

II.

Sjá, þann hetju hjarta yl:
Hann er brosir vina til,
— Aumingjanna er eftir hýma —
Sæll að gera — og salinn rýma —
Sannleikanum síðstu skil:
"Hér er ei efni í ófögnuð!
Réttlætið, inn góði guð,
Geymir í hönd síns henta tíma."

III.

Sonur Mannsins, sjáðu manninn!
Sjálfur varstu leikinn þannin.
Hann hefir friðlaus, fyr og nú,
Aumkvað tárum sömu sorgar,
Sinnar þjóðar höfuðborgar
Afhöfðanir, eins og þú!
Setinn um og svefns einmani,
Sveizt með þér í Getsemane,
Fyrir sigri, í sömu trú —
Þinna vegna, þungir draumar
Þjáðu konu Pílatusar,
Kvíði um mál þitt, Mannsinsson —
Samvizkan í þámi þusar,
Þessara háu í Washington:
Fyrir-hefnda hugboðs-straumar.

IV.

Ef að virðist tvísýnt tíða
Tafl: hvort lömbin sigri refinn,
Öll er myrkvast efa og kvíða

Ameríka — Debs skal kveða
Inn í tímann vilja og von —
Enn er sú ei yfirgefin,
Er á skálmöld hróka og peða,
Á svo hugum-háan son.

1918

Jóla-erindi.

Friðarboðun, fagur-sungnu jól — — —
Fölsku hljómar — — — Tungur vorar stama
Mitt í söngnum! hljóðs og hjarta-lama.
Eins og deprar hnetti hröpuð sól.
Jóla-fögnuð' Friðarhöfðingjans,
Fylgdi ætíð harmaröddin sama:
Vofa kringum vöggu-minning hans,
Ungbörn myrt og mæðra-kvein í Rama.

Tilverknaðs, í trausti keisarans:
Trésmiðssonar jólaminning nýtur.
Heimurinn í hörmum sínum lýtur
Hjarta-láni þessa mæðumanns — — —
Við, með vöggu aðrahvora auða,
Ófrjáls guðsþjóð, höfum vilst og strítt.
Þessum sömu Heródesum hlýtt!
Bandamönnum drepsóttar og dauða.

Og á flótta, friðar góðviljann
Flæmdum við, að boði landstjóranna,
Sakamann, í auðnir Egyftanna,

Hvítvoðunginn elta, útlagann!
Þjáða æska, þú hefir guðshefnd gengið:
Grasgarðinn að Höfuðskeljastað.
Kaífasar kröfðust dóms um það.
Vald hjá okkur, öldungunum fengið.

Yngri kynslóð, hnígin, særð og svikin,
Saklaus um þær, vorar skuldir bar.
Hennar þjáning feðraverkið var!
Eyðilegging okkar handavikin —
Blóðhróps-vitni um breytni vora ranga:
Breiðan víða af krossmarkaðri jörð!
Líkþró föllnum legíónum gjörð —
Fyrir gef oss föstudaginn langa!

Blindu feður, aldrei yfirbætast
Okkar sök, með jólafriðnum á.
Samastað við hreppum áður, hjá
Þeim sem rændu — moldir okkar mætast.
Spá þá eina eigum, við að kætast:
Óvitarnir, reifabörnin smá
Haldi sælli sumar-páska — þá
Dánar vonir rísa upp, og rætast.

1918

Spurning og svar.

"Vildir þú ekki, S—., ferðast um vígvöllinn í Norðurálfunni, þegar stríðið er úti?"

Þó mér bjóðist braut og far:
Býður mér við, að koma þar
Sem heimsins stærsta heimska var
Háð, til mestrar bölvunar.

1918

Milli vita.

Kunnugir vórum við, fyr en hann fór
Fríliði í stríðið — það taldist svo göfugt —
Frægðin og heimkoman hans varð ei stór,
Hermannsins eydda, sem lánið gekk öfugt.

Ekki er hátíð í huga þíns lands,
Heimkoma úr stríði svo farlama bjálfa.
Vopnabit sneiddi upp hreystina hans,
Heilsuna að mestu, og skynsemi hálfa.

Það sem hann hafði af höfðinu mist,
Hagvizku manna og lagvirkni sýndu:
Það hafði nærfærin læknanna list
Lappað upp alt — nema rænuna týndu.

Örkumla-hælið mun, alla hans tíð,
Aðgægjum verja hann þjóðdýrðar-rýnis.

Glæðir ei vígmóð í veilhuga lýð,
Vandræða-gripinn að hafa til sýnis.

Rifjar upp kafla úr sögu sín sjálfs
Samt, milli þagna og vitfirrings-kasta,
Rekur þá sundur, til heils eða hálfs —
Heldur sér löngum við efnið það fasta.

Lesari góður! eg leyfi samt þér
Lausn þess: hvað ýkt eða satt muni vera —
Íslenzkum bragstuðlum hefi eg hér
Hnýtt því í línur, sem rímarar gera!

I.

"Til orustunnar fyrstu farinn,
Fullnuma og konung-svarinn,
Orðinn hjól í einhvers vilja,
Eiginmarklaust skaut og hlóð,
Geystist fram og grafkyr stóð,
Sneiddur þeirri þörf, að skilja.
Hvatarlaus en heimsku-herkinn —
Hafði staðist loka-próf
Hinzta bekks — en hæsta þó —
Handbragða við manndrápsverkin.
Nú var, upp til enda, kent
Efsta stig í vígament,
Sem snýst öll að einum rökum:
Íþróttinni í banatökum,
Þegar eiga í vök að verjast
Vitfirringar, sem að berjast —
Hverjum er nú líka að lá,

Lærðum svo? þó á sér finni:
Illfylgni í manndáð minni,
Líf og sigur leikur á —
Mér varð eitt til minkunnar:
Miskunnarverk gott var þar
Kent, sem okkur öllum var
Einhvernveginn vandasamast.
Vika-stirzt og gleymsku-tamast.
Það var: ef þú finnur fallinn
Fjandmann þinn, sem hefir velst
Banasár um koll, og kvelst:
Styttu líf hans, sting þú karlinn!
Þarna áttu að hitta 'ann helzt —
Í því kunni eg alt í molum,
Oft varð það að handaskolum."

II.

"Það er að koma að mér æði!
Að þér gæt, og komstu hjá mér.
Kastið eitt er nærri að ná mér.
Sem mér öllum svíði og blæði,
Öllum! Sjáðu á mér hnakkann.
Er ei sæmd að þessum hjálmi,
Dvergasmíð úr dýrum málmi?
Eg á lækna-list að þakk' 'ann.
Varð í görðum græðaranna,
Glys í hofi vísindanna,
Íþrótt þeirra að sýna og sanna.
Sálaður nærri, úr höfuðleysu,
Borinn úr vilpu valhræjanna.
Verður aldrei tölum talin
Tímalengdin sárindanna,

Sem eg, lífs, en logum kvalinn,
Lá með grafinn koll í eisu.
Hvort að það var öld eða aldur
Ei eg veit. Né hver sé valdur
Ágallans sem er, að var
Æxlað á sviknu leifarnar,
Þessa hálfa höfuðs á mér!
Hollari væri ótalfalt,
Gerðin ný og efnið alt.
Stundum óður, ávalt frá mér!
Og að trúa mér, er valt —
Kastið eitt er nú að ná mér!"

III.

"Innanum val og vofur marðar,
Vikur skreið eg neðanjarðar.
Vikur! eða var það öld?
Veit það hvorugt, ekki töld
Tíð mín varð í tímum þar.
— Tilætlanalaus eg var,
Bara eins og blauti leirinn.
Brælupest féll yfir mig,
Sama og loftið læddi um sig —
Fangavist, af armleik, eirinn.
Alt í mér varð yfir-þreytt,
Orðið gat ei bylt við neitt.
Hafði ei vilja, að vara mig
Víti sjálft þó hvesti sig.
Mér stóð alt á sama, um sjúka,
Sjálfan mig og dauðra búka.

Sigurvonlaust sarg og hikan —
— Svo kom uppstigningar-vikan:
Ofanjarðar orlof mitt,
Út í röð á hvíldra verði.
— Bar ei und né ör af sverði,
Né að skot mig hefði hitt.
Þó fanst mér, að allur ein
Illa gróin und eg væri,
Sem eg dreyra-drefjar bæri
Eftir götu, og brotin bein,
Braut mín, yfir Vígrið valsins,
Velt upp hraun úr gosi fjallsins.
Hvar sem augað eygði, gein
Veggja-rúst með ruddum þökum,
Rytjurnar af akra-flökum,
Hvergi skjól né skepna nein.
Dreginn stóð, á opnu auða
Eyðilands og mannadauða,
Krítaður með línum löngum,
Lás og neðanjarðar-göngum.
Djúpið þeirra, í díkið víða,
Dæmdu er þar í fjötrum bíða.
Sól og dagur sat á flótta
Í súld og reyk, með dauðans ótta.

Um nótt er leit eg — fjarri falinn —
Feigðar-dísir ríða valinn:
Reyks og lita ljóma-glætur,
Leiftra upp frá varðeld nætur
Yfir dölum, velli vogum,
Veröld alla í Surtarlogum,

Fangi varð eg, vætta styrkra,
Í vítis-fegurð yztu myrkra.
Urðarmánar blossa-blysa
Brunnu öfugt, hurfu skjótt,
Leiftruðu í öðru leyni ótt,
Rumskuðu nótt til nýrra slysa.
Brothljóð skulfu í áttum öllum,
Eldgíganna skutli sló
Niður í skuggans skerja-sjó,
Dauða-brims með boðaföllum.

Hvíldist eg við hreyfing þar.
— Hamslausar' en væri eg sjálfur
Lék eg mér nú — Vissi, eg var
Vígaguðsins alikálfur.
Þar kom að: Einn þokumorgun
Þreföld vínsins auka-borgun
Var oss skenkt. Það vissi á
Verkið, sem að fyrir lá.

Sértu kvaddur áhlaup í,
Andbanningur verður þú.
Finst, þitt insta eðli og trú,
Kveinki sér við návíg ný,
Bandi og mæli móti því.
Ekki, að hrollur háskans ótta
Hugprýðina reki á flótta,
Heldur legst þig óbeit á
Upp á sjá og vera hjá,
Þar sem lífsins leifum þjaka
Leınstur-sár, sem opin flaka.

Dignar, að etjast út í svaðið,
Özlið gegnum blóðugt spaðið.

Meinin þau á manni eigi
Mæða svo, um fjarska-vegi,
Þar sem langdræg skotvopn skila
Skörum heilum aldurtila.
Þá er Niflhels-list í leiknum,
Loganum og hrannmorðs-reyknum.
Vita, eins og flugur falla
Fjandmenn sína, í öðru landi.
Hópast fram, en hníga alla,
Hulið hvaða fár þeim grandi.

Svo til víga, veigum gladdir,
Vorum fram til áhlaups kvaddir.
Fylktir inn í flokksins æði,
Féllum út í geystri bræði,
Otað steyttum brodd að broddi
Branda vorra, hlið við hlið.
Röð við röð, og mið við mið,
Greip um skefti, auga á oddi.
Hvergi leið að líta við.

Greip mig ofsjón? eins við brá:
Andlit næstu, í röð mér hjá,
Umhverfð virtust öll, að sjá
Afskræmd, trylt og nákald-blá.
Ýgur syrti úr augum dimmum
Eins og skuggi af höggstokk grimmum.

Var eg í illra anda ríki,
Orðinn sjálfur þeirra líki?

Áfram, áfram! Verri vanda
Værum í, að hopa og riða!
Oss að baki beindar standa
Byssur vorra eigin liða.
Ef á flótta ætti að stranda,
Á oss banaskotum miða.

Við höfum æðis-org upp rekið,
Eitthvað hefir móti tekið.
— Fyrirbúið fjanda-lið
Fylking sinni lýstur við.
— Hverfist alt í blót og bræði,
Banafálm og slysa-grið,
Stangast vilt og varbúið —
— Verið engum slíkt að lá!
Það er stríð: að þjóðir fá
Illra dáða dug og æði."

IV.

"Hlýðið, piltar, hörfið frá!
— Það er að koma að mér æði!
Upp með vopnin. Sjáið þá
Fjanda, þessa vítis-varga,
Vaða að með heiftar-bræði,
Þjótandi og þúsund-marga!
Uppi stend eg auðum höndum,
Allur stunginn vígabröndum.
— Breddan horfin! Fá mér, fá,

Fá mér vopnið, maður! Með því
Munda eg þig í hjartastað.
Veg í fylking okkar — eða í
Óvinanna. Sama er það.
— Hér er ekkert um að hirða
Annað en það, að myrða, myrða!"

V.

"Hver er hann, á móti mér,
Morðinginn, sem þarna fer?
— Hversu slíkri villu er varið
Veit eg ei, en það eg finn:
Guði og mönnum get eg svarið
Gabblaust — það er faðir minn!

Hvað varð um hann? Heill eg er,
Hendur þó að féllust mér.
Gat hann hlíft mér? fram hjá farið.
Fékk hann þekt mig? drenginn sinn.
Feldi eg hann? En hef' mig varið.
— Hvað veit eg það! Felli menn.
Lifi, berst og brýzt um enn.
— Brakar hrun í heimi öllum,
Hann og eg í rústir föllum."

VI.

"Sko, nú legg eg augun aftur,
Út úr kvíðvænd næsta dags
Hníg í blund — en hrekk upp strax.
Andfælurnar leita lags,
Ímyndana óráðs-kraftur.

— Upp úr svefnsins óra-hljóði,
Orgar skrugga um náttmyrkrið,
Sem eg engist saman við.
Völlur, manna-kroppum krökur
Kringum mig, í leiftraflóði.
Dregur allan mátt úr mér
Óbeitin, sem um mig fer,
Þræslu-víman, þetta flökur,
Þefurinn af mannablóði.
Troðinn möru-óværð er."

VII.

"Æðið hefir aftur snúið
Á mig. — Eg get hvergi flúið.
Kastið eitt er nú að ná mér!
— Nið'r úr skýjum leið nú hjá mér
Líkhringing, frá kirkju-klukkna
Kór. Sem mér við eyra nam
Eins og sungið sé:
Requiem æternam
Dona eis domine —
Unz í gröfum opnum drukna
Ómar þeir, í legreit fram.

Veiztu hver eg var og er?
Vil þó ekki segja þér!
Eg er hann, sem grafir gisti:
Gadarinn sem mætti Kristi,
Er með sínum eigin tönnum
Af sér hold og klæði reif,

Hrædýrskló til hjartans þreif.
Bygði dys með dauðum mönnum."

1918

"Reconstruction."

— Svo nefndu stjórnmálaskúmar umbóta-heitorð sín við alþýðu, sem að þeir kæmu á að loknu stríðinu. —

I.

Þær rotturnar héldu sér ráðgjafa-þing,
Sem ráðdeildarsamastar þóttu
Og siglingum vanastar "kompásinn kring".
— Um krásadisk brytans þær sátu í hring,
Í matsal, um miðja nóttu.
Og ferðbúinn, hlaðinn, á höfninni lá
Nú hólkurinn gamli, sem þær stálust á.

Hann Tanngnjóður forseti stóð upp af stól
Og stílaði ávarpið svona:
"Á morgun fer skip þetta, Rothrip, á ról.
— Eg ritstjórum okkar þá tilkynning fól,
Sem leigjast til vara og vona —
— Þið vitið það, karl-rotta og kona,
Að laupurinn sekkur á næstunni nú
Með nagaða bita og klóraðan húf."

"Við þingrottur, skynjum hvar unnið var á,
Þau afrek í launkofum standa
Í skotunum dimmu — þar skemdir ei sjá
Þeir skipverjar, nauðugir leggjandi á þá
Framvissu feigð milli landa —

Óttast þann spásagnaranda,
Völskurnar hötuðu, ef flytja sér frá."

"Svo flytjumst í nótt á þau nýgerðu för,
Sem nú eiga bráðum að leysa.
— Með ógeði skipshöfnin verður þess vör,
Að við séum komnar, og trygging þess gjör,
Við sjóháska rönd mun' 'ún reisa,
Og þetta sinn fljóta — með fararheill þá,
Sem framtímans skipreika stýrir þó á."

II.

Og fyr en að skipráðast farsiglumenn,
Þeir forvitnast hljóðlega um rotturnar enn.

1919

Þvottadagur.

—

I.

Boðað höfðu víg-glöð völd á jörðu
Þvottadag, og þóknun sína mönnum,
Helgi-dagsett sigur-svall með lýðnum.

II.

Inn til kjarnans leit, í gegnum lætin,
Augað djúpa, sjónhvassara en sólin.
Snarfleygara, gegnum holt og hæðir
Þær, sem hylja hugi manna og vilja,
Heldur en svo að augu vor það eygi.
— Helzt sem bjarmablik í okkur sjálfum —

Þetta auga, er við nefnum myrkur,
Augað, sem í allra trúarbragða
Ímyndunum, Alskygn Forsjón heitir.

III.

Geisla einn við höfum höndum tekið,
Frá því auga ófundinnar tölu.
Geislann, sem við óupplýstan látum
Fyrir "x" í stafrófinu standa.

IV.

Geislann, sem að dreifir fögrum fylgsnum,
Inn að skuggum meins og beina-brota.
Í hans ljósi höndin fagra, hvíta,
Teygist að þér eins og svartar griplur.
Fegurð sú, í faðm er vefja þráðir
Verður þar að horfnum hugarburði.
Beinagrindar-hröngl og hnútur blakkar
Á þig stara eins og dauðahrollur.

V.

Hjartans-fegni um friðar-ríki á jörðu,
Rann í hvörf, er hvesti þetta auga
Ljós-sýn inn í lýðinn — Sigur-drambið
Gríndi á himin, holum augnatóftum.
Langir armar, kræktir, beina-berir,
Seildust út í heiminn eftir holdi,
Eftir maurum, möl og ryði þjóða.
Framhjá krossum gengu greypir skuggar,
Beina-naktar, bláar höfuðskeljar,
Riðandi, sem spottið hristi höfuð —
Það var hefndar-hlakkið, yfir falli

Andstæðingsins, hans sem miður mátti.
Hvæstu gin, sem varalausar vofur,
Spýttu um tönn, að hrækja yfir hræin —
Þar fór hatrið, yfirsterkt en ósátt.

VI.

Ofan úr lofti steyptist klukkna-kliður.
Mæni-hvolfin dýru dómkirknanna
Kváðu við, og vígðir turnar allir.

VII.

Hátíðdegið efldist niðri — — Í uppnám
Komu lýðnum, leikgull stríðsnornanna:
Útlent prang með púðurkerlingarnar.
1919

Sigurherrann.

Hann stóð þar, með þyrnikórónuna,
Þrár óleystar, kveðju minninguna
Áformanna, er ekki til hann vanst.
Stóð þar nú — þar næst þú bráðum stendur —
Naglaför í vinnuslitnar hendur
Alls, sem ljós og lækning honum fanst.

Hann stóð einn, við yzta myrkrið svarta,
Og með síðu stungna inn að hjarta —
Stungna blindni sinnar samtíðar.
Hæddur, fyrir hjálpræðin að skilja,

Hataður, fyrir góðfúsasta vilja,
Lygari, að sjá hvað sannleikurinn var.

Var ei raun, í vanþökk sinnar þjóðar
Við að skilja? og allar vildir góðar
Taka launa-lok þau? Honum sízt!
Takmark ásett, tilraun sína að gera,
— Týnst þó gæti hún — stærstu sælu vera
Guðs og manna, vissi hann fyrir víst.

Lánið mikla, lífsins-gjöf að skilja,
Látið geta djásn á bezta vilja
Verða, að lokum, þennan þyrni-krans,
Gerði myrkrið sjálft að leiðar-ljósi —
Lækkuð vóru, hvorki af þökk né hrósi,
Einu laun þau, verðug verki hans.

Dýpstu fró og fylling allra vona
Fann hann þar, að mega hverfa svona,
Jafnvel hníga úr minni guðs og manns.
Sælu-líf, sem fór um andann eldi —
Eins og ljóð, sem birtist skáldi að kveldi,
Eftir þyngsta þreytudaginn hans.

1920

Ekkjan í Windsor.

— **We have fed our sea for thousand years.**
Eignað Rudyard Kipling. —

Í þúsund ár við söddum sæ,
Og soltinn kveðst hann vera enn!

Þó sérhvert bláskaut hranna hans
Sig hjúpi um Bretlands sokknu menn.

Við bárum í hyl hans, það bezt áttum til,
Sem bráð fyrir skúma og haf-skrimsla ger —
Sé sækonungs-ríkið alls valblóðs þess vert,
Eg vitna til Drottins: það fullgoldið er!

Ó, eigðu ei við Ekkjuna í Windsor!
Sem eignar sér hálfdeild um jarðríkið alt —
Við unnum það handa 'enni báli með og brandi
Með beinunum okkar við lögðum það í salt.

Þú, Kromwells land, með opna und,
Sem eilíft þreytir veðskeið hörð!
Verðurðu að selja son þinn einn
Fyrir sérhvert aðkeypt fet af jörð?

Ó, England, þínir úrvals-menn,
Þeir eru hvar? Á Heljarslóð!
Und dánar-blæjum beiti-lyngs,
Við báru-kjökurs erfiljóð!

1921

Andmæli ókenda hermannsins.

—

Afnefningur, óbærlega þreyttur
Er eg nú, á mínum jarðarförum!
Sé eg enn þá, eða hafi verið,

Eitthvert ég? þá hafa með það farið,
Allar þessar greftranir og gangur!

Þjóðhöfðingjar lána leifar mínar
Landa milli, stöðugt, hver hjá öðrum —
Það er að segja: sé eg nokkrar leifar!
Nema þetta nafnleysi — og eyðan,
Hver eg var og hvað eg raunar gerði!

Eg hef' verið jarðaður í París,
Jarðaður í Lundúnum. — Og ausinn
Moldum, nú í Washington hef' verið —
Veit ei ennþá hvar eg næst verð grafinn —
Líklega er labbið varla úti!

Kóngar hafa húfulausir fetað
Hægt, á eftir líkvagninum mínum,
Herforingjar, Herramenn og Lofðir.
Yfir mig gengið dæmalausar dælur
Drottins þjóna og Biskupa — og orðgnótt
Mærðarríku Ræðuskörunganna,
Þessara, sem bezt tekst upp um ekkert!

Það er líka ein af ástæðunum
Mínum, um að í mér hafi ei verið
Þráður — nema þessar jarðarfarir!

Af sér reita alla sína krossa,
Ofan á mig, Ráðherrar, og flóknir
Málabræðslu-menn og Stór-hertogar.

Eg er þreyttur — óbærlega þreyttur!
Undir krossum þeirra svona að bograst,
Eilíflega á göngunni til grafar!

Og, að verða framar fyrir þessu,
Læt hér þversum-neitað! Sé eg nokkur —.
1921

Á rústum hruninna halla.

Tildrög:

Hvíslar við eyra bergmál hróður-hljóma
Horfinna alda, gegnum kaup-torgs róma,
Leikandi á gígju, girt við belti skjóma,
Flakkandi þegar ljóðið fór um löndin —
Fjarlægð og dag-skark depra þessa óma,
Drepa í stúf og slíta hátta-böndin.
Villa um hljóð, í hjáræmina tóma.

I.

Það kom óvart okkur báðum!
Óvart mér, hún byggi hér —
Henni, að eg, úr kynnum kominn,
Kveddi dyra nú hjá sér.
En eg gat ei af mér fengið
— Er um húsdyr gatan lá —
Án þess, við mig vart að gera,
Veggnum hennar ganga hjá.

Vísast, yrði í óþökk hennar
Óvænt heimsókn þetta kvöld —
Myndi 'ún hafa spurt og spáð í
Sporin mín um hálfa öld?

Minnisstæð samt mér af henni
Mynd, um ótal hugboð gekk,
Fimtíu ár, sem upp mér drógu,
Átta-hverf, frá skólabekk.

Til mín hvarf hún, frjálsleg, fögur,
Fegineygð sem hepnismenn.
Tign í svipnum, sölvi á kinnum,
Sem þó kunnu að roðna enn.
Nú var æsku-blóðsins blossi
Brendur dýpra í skap og ment.
Höfðu langrar æfi eldar
Eir úr þessu gulli brent.

Röktum við upp auðvelt aftur,
Æskuspor og skrefin þung,
Meðan þarna sátum saman
Systkin forn, en hjarta-ung —
Bjóst til farar. Harpan hennar
Hvíldi á bekk með slakan streng:
Send með mér, um svefnþögn kveldsins,
Söng þinn nokkurn, er eg geng!

"Mér er horfið magn úr hljómum
Meistaranna frægu nú.
Mér, eða þeirra, mætti farið?
Má þó reyna. Hvað kýst þú?"

Leik þú, syng þú engan orðstír,
Ekkert nema sjálfa þig —
Svanaklið úr lausu lofti

Lékst þú yngri fyrir mig.
Mig, sem les úr lækjarniðnum
Lög, og nem hvað þrumar sær,
Gegni forsöng fjallastormsins,
Fingrum sem á vegg minn slær!

II.

Það var nafnlaus, háttlaus hljómur,
Hún sem lék, úr stundar-bið.
Fann eg óðar', allar mínar
Ímyndanir kveða við.
Saman feldi 'ún hreim, og hljóðstaf
Hálfkveðinn, sem með eg geng —
Heyrði eg Áslaug hlæja og kjökra,
Heimis undir slegnum streng:

"Fyr í æsku-drauma dalnum
Dreng eg kyntist, lék við hann,
Hugljúf minn og ertni — eins og
Elfan sem um dalinn rann.

Fanst mér hann í leikjum leiða
Leynt — en gefa upp völdin öll.
Dular-þengill þeirra heima
Þar sem mætast höf og fjöll.

Rann í geig, að utar okkar
Áföngum, hans framtíð lá:
Að á múgsins millivegum
Myndi aldrei fram úr ná.

Ungur hvarf hann út í bláinn.
Eitthvað burt. Eg vissi ei hvurt —
Síðar löngu, í dagsins dásemd,
Dalurinn hans fékk til hans spurt.

Að í höllum höfuðborga
Hrós 'ans ræmdi tunga hver,
Þeirra, er yfir lit og lögun
Listaverka gamna sér.

Upp úr hvarfi álfasveinsins
Erfði eg skyn af harmi þeim:
Þegar um haust, frá sumri sínu,
Selráðskonan flutti heim.

Aftur hvarf hann orðstír fjöldans —
Allir snöggvast spurðu: "hvurt?" —
Þó hann dvelji í dalnum sínum,
Dalurinn hefir ei til hans spurt.

Hefir þar einum húsgang fjölgað —
Heim á kot og staði sótt
Flökku-skáld, sem fer um sveitir,
Falar gisting eina nótt.

Góðfólk undrast, hvaðan hafi
Höfðingsbrag og spakleg orð,
Þessi, í klæðum snotur-snjáðum,
Síkju-gestur við sitt borð.

Líkur þulum söngs og sagna,
— Sveitar-goði á föruslóð —

Þeim, sem forðum hlupu um hirðir,
Hallir prýddu glöðum óð.

Leiðir í tal sitt fjalls þíns fegurð,
Fólgið skraut um grund og sand,
Svo þér nýjum unaðs-augum
Opnast sjálfs þín heimaland.

Eða lúllar bæjar-börnum,
Barnagælu um leikfang nýtt —
Héraðsmál og heimasaga
Hans á tungu verður frítt."

Þarna hætti 'ún — horfði til mín:
— "Hér er eg á þrotum stödd!"
Áfram, áfram, leik þú, leik þú
Lagið — Hitt var fyrir-rödd.
Stundar-hugsa, hóf 'ún sönginn —
Hljóm þeim frá, sem kvað hún mér,
Allavega brotið bergmál
Berst, í mínum vísum hér:

"Árið liðu, yfir numda
Unga mey í kastalann —
Selda hönd, með ljúfu, lét hún
Loks fyrir bezta riddarann.

Var það þar, úr vori sumar
Vakna upp hún glaðast sá,
Þegar rós við rekkjustokkinn
Riddarans hennar fyrsta lá.

Það var sveinn — En faðirinn fríði,
Foringi í landsins síns
Frelsisverði, ef fjandmenn seildust
Föðurarfs til dýrsta þíns.

Fyrst var nýja líf það leikur
Lystisemda, í ríkisborg —
Kom samt að, við urðum bæði
Uppgefin á þeirra korg.

Yfir lognum sigur-sögum,
Svallaði líf og drambið gróf.
Ofsældin vann auðlegð bana,
Örbirgðin af skarni dó.

Höfum bæði lesið letur
Leyndra fingra á halla-þil:
Snúum heim í dal, til dvalar
Dægrin þau sem eigum til!

Búin nýjum brúðkaups-vilja
Bæði jafnt, við fluttum heim —
Sæl var okkar dvöl í dal, með
Drengjum okkar — sonum tveim.

Blómöld ný, og fagur-fundin,
Framtíð brosti kringum mig —
Aldurinn fyrir unga byggir,
Æskan leikur fyrir sig.

Yfir veröld varalausa
Voðinn skall, sem bar á glæ

Vonir mínar, feigðar-fjall sem
Fennir skriðu á kotabæ.

Napóleon, Alexander —
Einhver Sesar blóðs og stríðs,
Skar upp heimi herör, út í
Helreið stærstu jarðar-lýðs.

Líkt og svangra úlfa ýlfur,
— Einbúans við kofann sinn
Út í vetrar-skugga-skógi —
Skerst í allar taugar inn:

Brutust heiftar-heróp þau í
Hreysi hvert og sali inn.
Bergmál það, frá blóðgum tungum,
Barst, sem skrugga, um dalinn minn.

Ótti greip mig um, að væri
Árs og friðar telft um veð,
Væri sig að hreinsa heimur
Hjartablóði sínu með.

Hné að minni vo og vonum,
Viljugt eldri sonurinn —
En með fáleik hrópin heyrði
Hermaðurinn — bóndinn minn.

Sveinn með fögnuð fór í stríðið.
Faðirinn þögull hvarf svo með.
Báða kvaddi eg harma-hróðug.
Hvorugan fæ eg tíðar' séð!

Ásækir mig einatt síðan,
Óráðin sú gátan duld:
Hverjum teljist hærri hlutinn,
Heimi eða mér, í þeirri skuld!

VI.

Þarna sleit hún sönginn sundur,
Sem við sting af bitrum óm:
"Nú get eg ei leikið lengra,
Leiddi úr strengjum hroll um góm!
Þótti mér, sem í þeim ymdi,
Inst úr fylgsnum hörpunnar,
Andar fornra-býsna brúða:
Brynhildar og Guðrúnar."

Jafnvæg þeirra, lengi lifa
Ljóðin okkar myndu nú,
Ættum við eins háan huga,
Heilan, fyrir vora trú!
Leik þú, syng þær heiftir héðan!
Harpan þín á til það mál
Sem að fælir vofur víta,
Værðu æðisgenginn Sál:

"Ánægð hafði eg unaðs-gengi
Alt við sonu mína fest —
Sveið mér þó, ef óvart unni eg
Yngri drengnum mínum bezt!

Hæfulaust þó hughvarfl væri —
Hvorugan eg setti hjá —

Vonum mínum vaxinn bregðast
Virtist hann, er reyndi á.

Neitaði ávalt hann, að hlýða
Herskyldunnar lagakvöð,
Lét sig heldur heiman reka,
Hugleysing, á fangastöð.

Ungur fór. Kom árum síðar,
Umskiftingur nærri kör —
Faldi mig í faðmi sínum,
Feimulaust með bros á vör:

Frá þér, móðir, þrek að þola
Þáði eg meðan var eg brott
Þó með naumu yfir-inni
Ögranirnar, raun og spott.

Samt hef' eg þó sigrað, móðir!
Svo af mínum völdum nú,
Hvergi syrgir saklaus ekkja
Sonarmissi, eins og þú.

Á við þá sem fóru og féllu,
Föðurland mitt kært mér er —
Væri eg sannur son þinn, móðir!
Sviki eg ið dýrsta í þér?

Þegar barna-börnin verða
Beztu drengir sérhvers lands,
Hlotnast þeirra mæðra-móður,
Metorð æðsta verðleikans.

V.

Áfram hélt nú, ótilknúin,
Eftir stutta hvíldar-bið,
Líkt og ekkert óútsungið
Ætlaði sér að skilja við.
Nú var, yfir hverjum hljómi
Hugarléttis gleðiblær.
Svo sem yfir aftanheiðið,
Öðrum morgunroða slær:

"Mér sú lausa lyga-huggun
Loksins vanst til einkis góðs:
Týnt ei verði um alla eilífð,
Einum dropa hetjublóðs!

Hvort sér hafi ei eytt til einkis,
Efi brennur mér í sál,
Þeir sem láta líf sitt fyrir
Logið, ranglátt, tapað mál.

Ein hjá mér sú vona viðreisn
Vakir, á skari framtímans:
Síðar verður þrekið þeirra
Þjónn í ríki sannleikans.

Spáin sú er huggun helzta:
— Horfi eg fram um drauma-lönd —
Yfir tál og tjónin okkar,
Tendrist viti á hverri strönd.

Grun þeim að mér gat hún hvíslað:
Guð og Paradísir manns,

Eru draumar óframkomnir,
Ávísun á framtíð hans.

—

Það hefir mér viðhald verið,
Vetrarkveldin dimm og löng!
Eins og vorsins frelsis-fegni,
Fagnar lóu og þrasta söng''.

VI.

Út var sungin harpan hennar.
Höndlaði strengi þögnin löng,
Eins og hljómnæm hallar-kirkja
Hljóðnar, þar sem kórinn söng —
Eg spratt upp. Hún sat að sínu,
Saknaðsfögur, niðurlút.
Rétti henni hinztar kveðju
Hönd, og hvarf í skuggann út.

Kæra þökk fyrir kveldsöng þennan!
Kvaðst oss báðum vöku-þor.
Löngu fyrir aftur-elding,
Út þó brenni ljósin vor!
Ómar hans um húmið fylgja,
Hrakningsmanni um tál-lönd ýms.
Sem á brjósti, að heiman hafður,
Helgur dómur pílagríms.

1921.

———

Endur-ómar.

— Úr dæmisögunni um ríka manninn og sálminum: „Stabat mater dolorosa". —

—

Hrokkinn upp úr hinztu kvölum,
Helsár, starði augum fölum
Hermaður í hnignum val —
Alt var feigra blóði blandið,
Bælið hans — og föðurlandið,
Jörðin hverfð í dauðans-dal.

Eins og blossi úr eldibrandi
Út sem sloknar, snar-leiftrandi
Hendist upp í hinzta sinn,
— Þó fyrir augum skjóti skýi
Skref úr síðsta lífsins vígi —
Opnast hjarta-himininn.

Þá er gleymd öll fölsuð fræði.
Friður á jörðu, sátt og gæði
Verða instu óska köll.
Hjöðnuð fjarlæg hæða-löndin —
Heima-jörð á lengstu böndin,
Fastheldnari en önnur öll:

Ekki fyrir mig — en mína!
Móðir jörð, í ásýnd þína
Fram sé borin bænin mín —
Lát ei koma í kvalastaðinn
Kyntan mér, og framúr vaðinn,
Börnin þín né börnin mín!"

"Lægri dýra linkind gladdur
Lazarus var betur staddur —
Það hef' eg með þjáning lært —
Stríð er grimm'ra en taki tárum!
Til að mýkja úr banasárum
Hingað var ei hundum fært."

1922

Aðfengið.

Æ, gef oss þrek! ef verja varð,
Að vernda æ inn lægri garð.
Og styrk til þess, að standa ei hjá
Ef stór-sannindum níðst er á.

1923

VIII.

SKRÁVEIFUR

Mýgrúturinn.

Mýið gremst, ef grút þess hjá
götur liggja þínar,
Hyggur þú munir miða á
Mykjuskánir sínar.

1918

Upphöf og afleiðingar.

Send voru mér, um sönghús þvert,
Seildu hæla-slögin.
Þar hef' eg aldrei upphaf gert,
En af mér bitið lögin.

Þeir sem annars yrða á mann
Ætlast víst til svara.
Vanheiðrun þeim virðast kann,
Við sig orð að spara.

1922

Athugasemd: — Í þessum flokk eru þau erindi ein, kveðin um einstaka menn, sem að fyrra bragði höfðu fett fingur að höfundinum, í ljóði eða lausu máli. Þær stökur eru allar merktar viðurnefnum, sem þeir höfðu sjálfir valið sér eða aðrir gefið þeim. Meirihlutinn er því almenningur, þó nokkrir gerðu mér þann greiða, að látast þekkja þar sjálfan sig, sem var sönnun þess, að óvart mark hefði þó hitt verið.

Alt í þessum flokk, merkt " ", eru annara orð.

Engin bönd halda.

—

Kvenna-lán ei hamlar hót
Himnaflutningonum.
Jafnvel Drackmann, Danabót,
Dó frá mörgum konum!

1908

"Faðir vor."

—

"Aðeins eitt sinn
Hefig áður kveðið
Fylki lof —
Sá var faðir þinn."

Lýðsins trú þó lifi í hor,
Lafir hún nokkuð — því að
Flestir lesa: Faðir vor,
Fyrst hann Jón gekk í það.

1908

Skilnaðarsökin við Dani.

— Eftir öðrum tekin. —

—

"Vort kvennafar og trúleysi, er tekja frá Dönum!
— Sú tízka í Danmörku úr Parísar-frönsku —"
Nú stendur það vottfast og vísindum í.
Um sáttmála gamla og þjóðrétt, á þönum

Ei þarf nú að vera, um lausn frá þeim dönsku!
Því skilnaðar-sökin er sönnuð með því!
1910

Biskupsefnið.

Þroskuðust inn' á þöngul-tignu
Þorskafjarðar hrogna-lygnu,
Morandi og sundfær seiði,
Sem ei voru étin veiði.

Móðir þeirra gerði á grunni
Gildi að barna-fermingunni.
Sérhver fiskur, fær í soðið,
Feginn matnum, sótti boðið.

Einn bar þar af öðru lengi
Efnilegu barnagengi:
Smó og lék, sem liti af skyni,
Leynidyr úr hverju gini.

Gleypi-eygur, aftur-sleppur,
Óðsyndandi, vazt um kreppur.
Glætu-blár og gagnsær búkur,
Greiðari leiftrum, háll og mjúkur.

Halann var í leir að lykkja
Langær, framvís tindabikkja.
Skygnum hvelfdi á kinnbein niður,
Kipraði börðin, rumdi viður:

"Öllum, held eg, hamli að greipa' 'ann
Hálka roðs, og aftur-sleipan.
— Þarna á yngri þjóð í stefni
Þorskafjarðar biskups-efni."

1910

Nábjargir.

Þú fima kirkju-list, að nota náinn,
— Og næstum volgan — eg hef dást þér að!
Eg á við þína teknu trygð, við það:
Að telja þér hvern frægan óvin — dáinn!
Samt virðist mér, að manndóms-ára þráin
Þig myndi biðja: Æ, tak ei þetta hjarn
Sem sannleiks-dæmi, um ylinn við minn arn
Eins og hann var fyrri — þetta bleika blað
Af broddi lífs míns—meðan "heil var háin!"
Því "tvisvar gerist gamall maður barn".

1910

Uppgerðir:

Forsjáll ætti ei yfir því
Orða-vali að gína,
Sem er málum annars í
Eigin gogg að brýna.

1910

Heima-garðurinn.

—

Eg bið ekki löndin um lánaða menn,
Sem lýðinn á hnjákolla reisi —
Og þeir munu heima-við eignast þá enn,
Sem æpa um höfðingja-leysi!
Og sagt mun, er skvaldrarar tölunni týna:
Þeir tilbáðu annara, litu ei á sína.
Þeir sáu ei "stórmenni" stimplað á bekki,
Samt stóð það í hópnum — þeir þektu það ekki!

1910

Átumeinið.

"Við komumst ekki af án tillagsins og strandvarnanna"!

—

Ef mænið þið á mat frá Höfn,
Á meðan verður sveltan jöfn,
Og búin ykkar bersnauð rúð,
Að borga sérhvern danskan snúð.

1910

Halley's halastjarnan.

—

Það var skarð, í Halley's hlussu-hala, rofið.
Okkar jörð smaug út um klofið.

1910

Lánsmaðurinn.

—

Velmetinn hann var og gæfur —
Virðinguna upp hann skar,
Því mátulega lítilhæfur
Lítilmennum var.

1910

Höfðinginn á Herragarði. . .

—

“Eg á slíka hófsmanns-hygð:
Hefi valda notið
Fyrir að apa eina dygð.
— Aðrar flestar brotið.”

1911

Virðingamaðurinn frá Vantilvinslu.

—

“Mér er ekki ýkja-tamt
Afrek nein að vinna.
Eg er skrítið skurðgoð samt
Skynleysingja minna.”

1911

Bóndinn í Ógreiðagerði.

—

“Þar við súlu sett eg lét
Sökina þína, gestur!

Góðu máli ei fylgi fet,
Fylgdarkaup ef brestur."

1911

Afturkippa-maðurinn.

Æfinlega í "úti og búinn"
Úrgangsflokkinn, var hann snúinn.
Yfir sínu og sinna verki
Settist upp, sem dauðamerki.

1911

Ættartalan til "trésmiðsins".

Þegar í karl-legg að þér rakin er
Ættartala, af sögufróðum haus,
Ætlun hans var ein: að sýna þér,
Einkanlega, að þú sért föðurlaus!

1911

Til "Þ. Þ. Þ."

Þó skilningsleysi í höfuðskel hans hafi
Í háska ratað — sem þú valda átt!
Og eins þó mýið manni á hælum lafi,
Það meiðist hvorugt, bæði detta lágt.

1911

Stórgripur.

—

Keisir hann, konung-rembinn,
Kuðinn hærri moldum.
Vöxtur hans er vembinn,
Verðið alt í holdum.

1911

Þingmaðurinn frá Snældu.

—

"Eg er hvorki heill né hálfur!
Hæ! er bara tómur sjálfur!
Hvorki lið né liðsforingi
Lands né manns, á nokkru þingi —
Lausa-kaupa lágmarkið
þar sem fer,
það eg er!
Eg er núllið aftan við
Efsta ráðherrann,
Hver sem vera kann."

1911

Með "háði" og "láði".

—

"Við höfum góða launa-lyst
Lært af okkar "sigldu"-vist,
Og það, sem er ekki verra
Uppklakning á snáða-herra.
Stofnum oss í stærstu raun:

Stuttræði með eftirlaun.
Eftir tilsögn illra dæma
Okkar virðing látum sæma,
Móti flestra góðu geði
Grípa vald, sem ódygð léði,
Þola hvers manns ótrú á oss,
Efsta sess ef slysin ljá oss.
Fyr en oss er umturnað
Okkar drýgjum laun, við að
Lauma úr næstu-stjórnar stelum
Stöðu að oss, í laga-felum.
Strandaðir: enn að kosta "kokkinn"
"Kafteininn" og "Matrós"-flokkinn.
Klifra, eftir íslenzkunni
Upp í "ráð" hjá stór-dönskunni.
Hagari varð oss Höfn en varði!
Hádanaði oss í Garði."

1911

"Ástæðurnar".

I.

Þorskurinn aldni, út' í sjónum,
Urgaði tálknum, skelja-grónum:
"Jörð er ill og óþarft vinnur,
Yl og ljós ei nokkur finnur
Þar, að hug og hjarta stefna —
— Hef' eg bæði lært að nefna —
Því séu þau til, og samhlið nokkur,
Sjálfsagt eru þau stærst hjá okkur."

"Smá er jörð hjá mar. Við megum
Mikið láta, því við eigum
Fegurst ljósin fyrir að þakka,
Fiskarnir hérna á Þöngla-bakka."

Þagði jörð við þessum sökum —
Þorskurinn tugði á "skort' á rökum".
"Á, svei!" kvað hann, "oss til vona
Altaf stóð, það færi svona."

II.

"Ætlarðu ei þessum þorski að svara?
Þér er svo auðvelt með að fara
Það sem allar vættir vita:
Víst áttu bæði ljós og hita."

Jörðina svona svanur spurði —
Svaraði hún, þó margan furði:

"Hallast ei mál um hvað skal flytja,
Heldur hverjir dóminn sitja —
Hvernig yrði sólar saga
Sönnuð, fyrir kvörn og maga?"

1911

Kaupamaðurinn.

—

Hann var af skóla, skapi og viti,
Skapaður til að stjórna riti —

Gat fyrir smáa, en greidda, borgun
Gærdag sínum kingt á morgun.

Satt og ósatt efldi og skildi
Eftir því, hvort var matar-gildi —
Sagan af honum! Hún er bara
Hvað hann varð sem grautar-þvara.
1911

Forsöngvarinn.

Hár var rómur hans, en þunnur,
Heldur skræks en söngva til.
Því hafa allar tómar tunnur
Tónað honum "undirspil".
1911

Danskir hattar.

"Undir dönskum "doktors"-hatti,
Deyfðist löngum íslenzk taug.
Hann var æ, sá hattar-skratti!
Hégómi og verra spaug."
1912

Kærleiks-heimilið.

Kærleikurinn þýðir það —
Þarna á Mærðarvöllum:

Sig að fleða utan-að
Einkisvirði og göllum.

Vill að ljóð og léleg bók
Lánist á því skeiði,
Svo á þeirra kærleiks-krók
Krækist þorskaveiði.

Rofar gegnum stoð og staf
Stefjum í og ræðum,
Þeirra stóra inneign af
Yfirburða gæðum.

En, sé á þeirra stígið strá
Stygðaraugum hvölfa,
Kunna einatt, óvart, þá
Andramast að bölfa.

1912

"Þvílíkt þing!"

"Hvergi myndi þvílíkt þing
Þolað nema af Íslending:
Góðra heita hjásetning,
Helztu mála ónýting.

Sanngirni og kjör-rétt kring
Kosning höfð af Ísfirðing.
Klóruð út og umsnúin
Undan-þinga loforðin.

Þingmenn skjálfa í skulda-þjöpp,
Skattlagt hafa brauð og klöpp.
Staulast upp á laga-löpp
"Lotterísins" happa-glöpp.

Lögmæt flekun, finst þeim höpp,
Fjárhöldin ef eru kröpp.
Stýra heim með hnossin merk:
Hækkað kaup, og svikið verk.

Þegar kemur kosningin,
Kjósandi, í næsta sinn:
Sendu ei þá til þingsins nein
Þessi reyndu átu-mein!
Skrifaðu undir skulda-bréf,
Að skera til þess sérhvern ref."

1912

Lærðramanna land.

Á lærðramanna landi
Lögfræðingur er
Innbyggjari annarhver —
Skal þar vera vandi:
Veslingurinn hinn
Fæði hann fullhaldinn,
Fyrir að skrifa samninginn?

1912

Andi ins framliðna, þegar samúðarskeytið var sent.

Söknuð þeirra er syrgja mig,
Segið ei þið metið!
Um minn hug og hvert mitt stig,
Sem hafið ills til-getið.

Þið, sem vilduð vor og haust
Vita mig gengis-snauðan,
Samúð ykkar leyfis-laust
Ljúgið ei á mig, dauðan.

Ykkur kysi, ef kæmist hjá,
Kost þess ei að gefa:
Að þerra líni líks míns á
Lengi stælta hnefa.

1912

Hagnýtni.

Við höfum frétt, hver skilnings-eplið át,
Og að á tré þess myndi ei framar bóla —
Við fundum hýðið, happasæl og kát,
Og hirtum það í okkar mentaskóla.

1912

Vélræða-vísur.

—

I.

Kveddu fólki, og forsjáll ver,
Frelsis-glumrur einar.
Láttu aldrei út úr þér
Orð um, hvað þú meinar.

II.

"Eigi þjóð þín mætan mann,
Moldaðan, lestan fjöri,
Láztu ennþá elta hann
Ef ert í nokkru kjöri.

Fleyztu á þjóðfrægð þessa manns,
Þér ósamanræmum,
Hafðu yfir orðin hans,
Öll í röngum dæmum.

Dáið fólk ei færir sig
Fram um tíma-sporið.
Getur ekki o'n í þig
Af-flutninginn borið."

III.

Fyrrum var eg fávís karl,
Fylgdi þessu í öngu —
Annars væri eg orðinn jarl
Endur fyrir löngu!

1912

Stead, á "skrifstofu Júlíönu".

All-góð vist er yfir-frá,
Ekki er bitum fækkað,
Stead um helming hefir á
Hálfu ári stækkað.

1912

Óvinafagnaður.

Ein er hegning hörð um of
Hvað sem líður sökum:
Ósvífnasta aula-lof
Ausið á mann, af hrökum.

1912

Frjálslyndið með tungurnar tvær.

Aldrei myndi eg út um heim
Yrkja langt og draga seim,
Um hve frelsið aðrar þjóðir prýddi,
Gullin-kembdur gala þeim
Gæluna, með kjöptum tveim —
Föðurland mitt fyrir ið sama níddi.

1912

Einn af oss.

—

Eg sé hann er einn af oss,
Að hann getur, sem hann þekki,
Dæmt um ljóð — sem las hann ekki.
Þvílík gáfa! hún er hnoss —
Mælt er páfinn svona segi
Satt um bók, þó skilji eigi.
Andinn kvað þar öllu ráða —
Eins mun þetta vera um báða.

1913

Krókapara-kerfið.

—

Við lántöku-þing, sem var örlátt með auð,
Í útveginn gekk eg að rífka mitt "brauð" —
Það sneri mig af sér með snuprum og gremi —
Eg sneypti það svo fyrir eyðslusemi.

En glottleit varð þjóðin, og grunsöm til muna:
"Sko, goggurinn deilir á ífæruna!"

1913

Átrúnaðar-goðið.

—

Von er á fyrir áframhaldi standi
Egyptalands sæta kjötlyktin,
Þar sem stærstu lítilmensku í landi
Lýðurinn hefir fyrir gull-kálf sinn.

1913

Sí-suðandinn.

—

"Lalli" vellir leir í hver
Langbullandi.
Penna-dellan á honum er
Ólæknandi.

1913

Andlegar ávísanir með ábekingum.

—

Sértu í vanda, af vasa-tómi vísindanna,
En þurfir litla líku að sanna:
Lestu upp nafnspjöld frægra manna!

Ísmeygingurinn.

—

Hann um stjórnar himin sér
Hliðrar eins og skýin,
Svo jafnvel gigtin í 'onum er
Orðin veður-lygin.

1913

"Prestskapur" og "pólitík".

—

"Úr guðsþjónustu gekk hann,
Því gróða-tilboð fékk hann,

Alt hærra og rýmra, af hinum —
Svo hafð' 'ann skifti á vinum."

1913

Skyldleiki.

—

Bræður eru — bregzt mér varla grunur —
Bíleam og "Lalli". Sá er munur,
Illmælið hjá öðrum gæfu stýrði,
Alla hinn með lofi sínu rýrði.

1913

Guð undir smækkunar-gleri.

—

Eg á von, að verða senn
Veikur af þessu suði,
Að heyra hvernig helgir menn
Hárin kljúfa á guði.

1914

Brekku-snígillinn.

—

Upp á fjallið vænglaus vendi
Vizku-snígill, slefu-fættur.
Silaðist yfir sundl og hættur,
Settist upp á stein og kendi,
Kúgaðist þar, að mása og mæla.
Menn stóðu lostnir, fóru að hæla,

Því þeir tóku fyrir "fræði"
Flóðið af hans göngu-mæði.

1914

Þursi.

Sálinni í hann útbygt var,
Er 'ann hljóp af stokknum,
Rúm var ekkert inni þar
Orðið fyrir skrokknum.

1914

Raunabót.

Héðanför hans skyldi
Hóflega syrgð:
Hann fór til himna,
Hún fékk lífsábyrgð.

1914

Hnefinn og borðið.

Heyri þið, Danir! hnefann af borði!
Heykingum vanir, gleiðir í orði:
Afstrikuð skuldin! útrætt um prettinn!
Eigið þið stuldinn! fáið oss réttinn!

1914

Stóra blaðið.

—

Við blaðið þetta skyldi ei skilnings-latt
Það skyn, sem ringar þennan upptíning
Og heldur eftir því sem sagt er satt —
Í slíkri dyngju af allskyns rangfæring.
1914

Slettirekan.

—

Hvað kom þér við: þræta um smá-mun?
Þig hafði enginn sagna krafið!
Þú fer, líkt og áin okkar,
Ónýtt gagn í vatnsfult hafið.
1914

Dúfan úr hrafnsegginu.

—

Danastjórn, "á reiða og rá
Rakst" þú mörgu sinni.
En Íslands frelsi fleyttist á
Fyrirlitning þinni.
1914

Mammon.

—

I.

Messudagur mun ei slíkur!
Mammon kom til Gróðavíkur.

Loksins birtist landsins sonum
Lausnarinn, frá stór-þjóðonum.

Búsifjum í baslsins hörku,
Birtist guð á eyðimörku.
Ekki samt inn sami bjálfi,
Sem að forðum varð að kálfi.

Sá var kanske galla-gripur
Gullkálfur, en meira en svipur.
Þessi, á öllu er tölum tekur,
Tilviljana kaupskap rekur.

Það er ekki í hans fræði
Auka-bót við landsins gæði.
Hefir aðeins hitt í vöfum:
Hækkanir í tölustöfum.

Heimskurnar að hagsmun gerði —
Hefir selt og sprengt í verði
Ekrur, sem í eilífð blána
Úti um Hornafjarðar-mána.

Lætur föl í feta-tölu,
Fátækum til gróða-sölu
Kerin svörtu — er kallast þarna
"Kolasekkir" — milli stjarna.

II.

Jörð og himin-skautin skinu
Skildingum, frá hjálpræðinu.

Loftkastalar voru á veltu,
"Víkin" steypti gull í keltu.

Gróða-hugir gleypi-eygðir
Gættu hans sem skuggar teygðir.
Langir bæði og lágir greru,
Í líking slíkrar æðstu veru.

Riddaranna, gulls í geislum,
Glóði hann í skírnarveizlum.
Guðföðursins gæfa, af honum,
Gegndi þeirra tignu sonum.

III.

Kveldið eitt hann kvaddi í skyndi —
Kveinin borgar þutu í vindi:
"Vonin þessi, hún varð happ-rýr!
Hann var bara úr tómum pappír."

Veikir — að lækna vitnisburðum —
Vellríkir, með lösnum burðum,
Upp í sóttar-sængur skriðu,
Svo þeir heilir dómsins biðu.

IV.

En, hví skulum við ei vera
Viljafúsir, oss að gera
Hauka á öxlum öreiganna?
Eins og höfuð stórþjóðanna.

Þá fæst upphefð Íslendinga,
Ali þeir upp biljóninga,
Þó því fylgi hjarta-helta,
Hungurs-þrælkun, manndóms-svelta.

Varnar-hugur veslinganna
Vex, í ríkjum stórþjóðanna,
Vit að hækka, og hópa-þrekið
Heimtar brauðið, frá sér tekið.

Fjárplógurinn færist sjálfur,
Flytur sig í nýjar álfur.
Þar eru til, og þægðum lofa,
Þjóðheimskur, sem lengi sofa.

1914

Stökur á stangli.

I.

1913

Þjóðfána ef þörf er á,
Þórshamar þar vil eg sjá —
Katólskunnar krossi heldri
Kross er hann líka, og miklu eldri.

II.

1914

Ólmt að sýnast allra kyn
Og eftirherma í verki,

Margra lita skroppið skyn
Skreytir uxamerki.

III.

1914

Þegar á fengna fánann horfði,
Fjallkonunni varð að orði:

"Sem í margra-lita línum
Ljómar hann skýja hvel,
Farið hefði fána mínum
Friðarbogi vel."

IV.

1914

Þannig fór nú þetta agg!
Þar er litlu að hrósa —
Samt er uppi fegra "flagg":
Fáninn norðurljósa.

Flögur-ljósa fáninn sá,
Framtíð í hann lifir!
Sleginn húnum hnjúka frá,
Heiðið bláa yfir.

Í spaugi, Magnús minn.

(Aths.—"Tryggvi"—Ó. T. Johnson aðstoðarritstjóri Hkr. "Fróði", tímarit þáverandi aðalritstjóra, fjallaði mjög um matarhæfi.)

Þjóðverjinn fær högg á hupp,
Hopað mun ei geta,

Þegar Tryggvi tekur upp
Tyrfing fyrir Breta.

Þegar í stríðið Fróði fer,
Fallið þeir ei geta.
Kennir hann öllum Engla-her
Íþrótt sína: að éta.

1914

Hátíðahaldarinn.

Matarþefinn ekst hann á,
Allur í flóði tára.
Eins og rykið rjúka þá,
Rellur í kolli "Lára".

Mærðar-lopann loppu-kló
Lyppaði engin megra.
Skjall hans er, af skruminu þó,
Skömmunum ógeðslegra.

1914

"Enginn kann tveimur herrum að þjóna."

Miðleiðis var markið hans,
Milli guðs og andskotans.
Svo í beggja vinskaps væri
Venzlum — hvernig helzt sem færi.
Gaf sig, fyrir góða borgun,

Guði í dag, en kölska á morgun —
Báðir lentu á litlum galla:
Liðsemd hans varð þeim til halla.

1914

Kaldadalsförin.

—

Burtreiðin hans ófræg er,
Ef hana segja skal:
Enginn reið geistar', og entist ver,
Upp á Kaldadal.

1914

Vínbannið vort.

—

Þó harla lítið hirði um,
Hvað helzt eg fái að drekka og éta,
Er eg að leita í lögunum
Um lífsregluna nýju að feta —
Eg má ei bralla um bjór né staup!
En brugga vín í sérhvert hylki,
Og hafa stöðug kúta-kaup
Við kunningjann í næsta fylki.

1915

Tekið undir við Ó. T. J.

I.

"Eg læt ei yfir stríðið dynja dóm
Sem drottinn sjálfur væri hér að tala,
Eg kveð ei upp með skáldsins risa róm
Sem ráðsnild stælir Vigfúsar á Hala."

Eg hef' engan móð í mér
Meira um það að tala.
Gott er, ef þeir gegna þér,
Guð og Fúsi á Hala.

1915

II.

"Bóndinn skussast í skáldasessi —
Við skálina trúi eg hann andann hressi!
En nýtt er oss öllum, að mærð hans **messi**,
Og mestu býsn eru örlög þessi:
Að loksins hann er hjá guði gestur
— Við guðsorðs lestur!
Brokkandi eins og biblíu-hestur
Í brattanum vestur! — —
Margir hér eru vorir vegir, sem veröld geymir:
Stórskáldið til synda segir, sér **sjálfum** gleymir!"

Honum er ekki heilsu-vænt
Hreyfi' 'ann kveðlingonum,
Kúgast svo, að gorið grænt
Gengur upp úr honum.

1915

Ragur er sá! ....

— "Enda skálds ef opnast vegur
Otar nefi smá," o. s. frv.
"Lómur" í Hkr.

Ragur leitar æ á endann,
Ef í glímu heimskir send' 'ann.
Ekki er kyn um "Kringlu-Lóminn",
Karlmenskan er jöfn við róminn!

1916

"Ó. T. J.", "Heimskringlu-vinur", "Lómur" m. m.

Undir hverjum stuðla-staf
Stóðu nöfnin spá'-ný.
En allir kendu kynið, af
Klúðurs-mörkum á því.

Kvikindi hann engu er
Orðinn skálda-sómi.
Að 'ann heiti í haus á sér
Hneisa þykir lómi!

1916

Afbökun.

— "Ó. T. J." sagðist ekki vera "Lómur".

"Í yztu myrkrum enginn sér
Aðgreining höfðingjanna".
"Lómurinn" reyndi að líkjast þér!

Eg lét þig segja, hver hann er.
En hitt er ljóst, að hann er sömu manna.

1916

"Khaki".

Hann af leirnum leigði sér
Lit á kveðandina —
Skáldskapur hans ekki er
Á við hreinskilnina.

1916

Illhæringur.

— "J. G. G." —

Hve sá dorrinn gamal-grár
Gerist lagða-snoðinn!
Þar er ekkert ullar-hár
Eftir, nema hroðinn.

1916

Dagdraumar.

Rómar yndi ræðanna
Rannsókn, blind af litnum,
Fylt af vindi fræðanna,
Fermd af hindurvitnum.

1916

Undir messu.

— Hjá Bill Sunday, í New York. —

Svipur þessa Sunnudags er svo um messu,
Sem að væri alt hans andlit
Útskúfunar-dómsins handrit.

1917

"Til 'Ó. T. J.'."

Það er hverjum mest til meins,
Miski af þínu lofi!
Gerður að vera í öllu eins,
Andlegur nálar-dofi.

1918

"Stephan G."

"Með "Bita" þrammar berserkur
Að brögnum hramma vegur,
Í hróðrar gjammi hundsterkur,
Hreykinn og gammalegur."
"G. H." í Heimskringlu.

Seyrður allur svipurinn!
Seiminn karlinn dregur,
"Kringlu" galla-gripurinn,
G—rautar-H—allalegur.

1918

Rauna-mæðan.

"Gadd og bil, sem gerir skil
Grimdar þylur ljóðin," m. m.
"Ó. T. J." í Heimskringlu.

Fella þyrfti, í þessum róstum,
"Þetta svona", tár á mann,
Og "o'n í kaupið" kenna í brjóst' um
"Kringlu" fyrir — ritstjórann!

1918

Sólarlitlir dagar".

Axlar-Björn sá ekki sól í heiði,
Árni á Botni hafði ei ljós í kofa —
Þeirra synd var sín á hvoru skeiði —
Sáu aldrei hvor til annars rofa.

1918

Þýðing á "La Bretonne".

Oft var leikin ærið grátt
Íslenzkan, á margan hátt —
Þó hún hafi aldrei átt,
Að eg minnist, svona bágt!

1918

Kveðskapur "Loðinkinna".

—

Öll vóru ljóð hans ámátleg,
Og eyrna-mörkuð slinnum.
Vangafyllan lubbaleg,
Og leir á báðum kinnum.

1918

Lítillæti "Lalla".

— "Þó eg standi ekki eins hátt í leirskáldastiganum, og Lyngholt." — Lárus Guðmundsson í Heimskringlu. —

—

Lemdu ei svona lóminn þinn!
Lyngholt aldrei "krýnist".
Leirinn um þig, "Lalli" minn,
Langtum hærra klínist,
Suðan þín og sí-geltnin
Sæmdarlausast týnist —
Yfirlæti altekinn,
Ógn er hvað þú pínist!

1918

Eftirmáli við "Óhlutdræg blaðamenska".

—

Leigu-blaða bullarinn
Berst eg um, með sama stælu-röggi,
Þó að sæmd og sannindin
Saxist af mér, verði eg fyrir höggi.
Harður eins og hákarlinn
Heilbrigður af tilfinningu —

Samvizkuna, söluvarning minn,
Sýsla með sem bæjarlóða veðsetningu.
1918

Þegar "Kringla" varð skelkuð við Beinadalinn.

— "Kvittun" fyrir **Stórletur Veraldar.** — Málsókn vofði yfir Voröld. Hún hét á almenning til hjálpar sér. Heimskringla tók til þess. Löngu áður hafði hún gert ið sama. Þá var henni hótað málshöfðun, fyrir skopmyndina "Beinadalur". — Höf.

"Kringla" hafði á soðkrók setið,
Súpu-spað í katli metið.
Nasaði — sem þið nærri getið —
Nöguð bein, og spurði um ketið.

Eitthvert laga-mikilmenni:
"Mataraugu í gaupu enni
Stinga" sagðist hyggja "úr henni,
Hnúturnar sínar ef 'ún tenni."

Öll varð "Kringla" að einu veini,
Undir tók í hverju beini.
Menn urðu hvimsa, af hvaða meini
Hljóðin stæðu í slíku kveini.

Hvernig gátu heyrst í salnum
Hljóð frá reittum kjálka-valnum?
Gengu fram af hrund og halnum
Hrópin "Kringlu" í Beinadalnum.
1918

Sölsað upp úr Schiller.

— Sagt að hafi verið kveðið um þau kynstur, sem ritað voru um heimspeki Kant's. —

—

Auðlegð, sem einn hefir safnað,
Ölmusur bráðsoltnar kroppa —
Öku-sveinn æti sitt fær
Ef öðlingur byggir sér höll.

1918

Litaskiftin.

—

Pukrar í pyngjum slyppum
"Pólitíkin" kæna,
Blaða-kríli í kippum
Kaupir, til að spræna,
Túðrandi að typpa um
Trúnni lýðsins væna:
Frá gulu til ins græna.

1918

Ýstru-maginn.

—

Skrokk sinn allan hefir hlest
Með holda-krapi,
Sálin í því sulli lézt,
Að sama skapi.

1918

Myrkfælni.

Þeyti frá, og þýt á flótta,
Þessum sögum, slíkum ljóðum!
Mér af hælum hristi ótta.

Þarna æpa ýlfur-nótum
Útburðir af fölskum hljóðum,
Kreistir úr greipum voða-virkra.

Blinduð inni í urðum ljótum
— Ófærum af sálar-hættum —
Verstu alda og yztu-myrkra:
Slangrar þröng af slysa-vættum,
Óláns-fylgjur gerðra glæpa
Særðar fram, úr örgum ættum —
Ilskan hetja — Dygðin læpa.

Yfir lengra lífi sínu
Lista-dísir skjálfa af ótta.
Við svo djarfa djöfla-brýnu
Dygðir allar standa á glóðum —
Þeyti frá, og þýt á flótta,
Þessum sögum, slíkum ljóðum!

1918

Óhapps-ánægja.

Skrattinn rak upp skellihlátur,
Skollinn einhver spurði hann:
"Því ertu, Satan, svona kátur?"
"Hvernig spyrðu? Manstu ei mér
Skemtir, vont að versna láta —
Lakara "Kringlu" "Lögberg" er!

1918

Bakkabræður.

Erum allir ,bræður!
Eins til höfða og fóta:
Bölvi einhver okkar,
Allir taka að blóta!
Sömu viljum við í
Vitleysunum eldast —
Ef að einn er geldur,
Allir láta geldast.

1918

Rógurinn "undir rós".

Kunni ei neitt til hnjóðs um hann —
En hampaði öðru dæmi:
"Þektir þú nokkurn nýtan mann
Frá Nazaret sem kæmi?"

1919

"Að leggja auðinn í hendur amlóðanna."

Árinn sagði: "Ef þú vilt mér lúta,
Allan heiminn skal eg gefa þér!"
Aldrei hefir myndarlegri múta
Manni boðist — svo sem kunnugt er.
Efna-hag sinn slysalega slöku
Slær sá við, sem neitar svona heilli köku!

Enginn kostur! Kristur við hann skildi.
Kveðjan hans var óhagvís, en sú:
"Gæti hundrað heima, ef eg vildi,
Haft með sama laginu og þú.
Hefi næga greind til það að gera,
Gæti eg þýðst, að slíku kominn eins að vera."

1919

"Skinna-Þór" í "Heimskringlu".

"Þór" var hvergi kirkju-gengt —
Þið kappann skrýddan finnið,
Því nú hefir gamla heimska hengt
Hempuna yfir "skinnið".

1919

"Liði" í "Heimskringlu".

"Kringla" hefir hygnis-sið,
Og hepni við hann nóga:

Hortittina "lið við lið"
Lætur hún á sér gróa.

1919

"Heiðraðu skálkinn, svo hann skaði þig ekki."

— Máltæki. —

Boðorð þitt snýst um "diskinn þinn og dúkinn",
Dálætis sníkja! Löghlýðnin við það er:
Kjassandi að faðma andstygð sína að sér,
Innundir smjúga, troða sér í mjúkinn,
Bænheyrslu op, að bita eða sóma,
Bindi hún og leysi, fyrir innan-tóma
Hagsmuna-von, með flíru-fagra róma.

1919

Lögbergsk uppeldis-regla.

Þegar æskan, þrjósk og fýld
Þér vill ekki hlýða,
Ættir þú að biðja "Bíld"
Barnið þitt að hýða.

1919

Blaða-rakkinn.

Sá hefir blöðin áður elt,
Með áburð leirsins nægan,

Og löngun hans, að geta gelt
Gert hann illa-frægan.

1920

Munurinn að mannsliðinu.

—

Mér er óhætt, meðan sést
Að meðhald bjóða,
Höfuðin sem hugsa bezt
Og hagast ljóða.

1920

Til klerksins.

— Úr ensku eftir C. P. Gillman. —

—

Kendu um gærdaginn, klerkur!
Kendu um gengna tíð!
Um herföðurs drotnanna heiftir og stríð —
Um heiðingjans blóðskuld — um útvalinn lýð —
Eða þann krossfesta Mannrauna-mann,
Sem að mælti þeim bót, sem að smánuðu hann —
Kendu um gærdaginn, klerkur!
Kenn ei um vora tíð!

Kendu um morgundag, klerkur!
Komandi er jörð vor sé frá!
Að trúgjörnu sálunum sælan sé vís
Í sauðarétt andanna í Paradís —
Og hversu heitt verði Hvergemli í

Þeim höfrum til vinstri, sem efist á því!
Kendu um morgundag, klerkur!
Kominn dag minstu ei á!

Frá gömlu girndunum, klerkur!
Og gömlu dygðunum seg!
Frá skrílnum, sem stelur — frá launmorða-lýð —
Frá losta, ef nágrannans kona er fríð —
Ef kvenfólkið varðveiti sakleysi sitt,
Á sama þá standi um manngildið hitt!
Um klækina gömlu, klerkur!
Kenn. En um nýja þeg!

Komdu við annara, klerkur!
Kaun — þau er allir sjá!
Við mannsins, sem bölvar — sem erju-karl er —
Sem ölteiti þreytir — sem konuna ber —
Sem verka-múg lokkar að leggja af störf —
Þó lífs-stritið tómt sé hans einasta þörf!
Komdu við annara, klerkur!
Kaun — Sneið mínum hjá!

1921

Dansmeyjarnar í Babylon.

—

Fáklæðin sín, forn og ný,
Fljóðin gegnum skinu,
Vóru svo sem engu í
Öðru en sakleysinu.

1920

Landvörnin í Grjótunagörðum.

—

Hrímtröllin, á Hrungnis tíð,
Heimbygð sína að geyma
Bjuggu út í orra-hríð
Alla Jötunheima.

Hæpið var, í hug að sjá,
Hvernig annars færi,
Hafra-Þór ef herjaði á
Heimsku landamæri.

Gleiðir settu þursar þeir
Þing að Heimakryti.
Gnægð var þar af lausum leir,
Langtum minna af viti.

Samþykt var: "Til styrks og stríðs
Steypum tröll úr leiri!
Sú skal verða láðs og lýðs
Landvörn — öllum meiri."

"Hæð og digurð röðum rétt —
Rastir níu og hálfa" —
Í þá lögun upp var sett
Ásýnd Mökkurkálfa.

Þar stóð risamynd sú, með
Meskni-svipinn álfa.
Enginn hafði áður séð
Uppskafnari bjálfa.

Hégómlegu hrímtröllin
Handaverk sín dáðu,
Klöppuðu lof í lófa sinn,
Lyftu raust og kváðu:

"Þessari okkar vörn og von
Verður ei margt að falli!
Hann er eins og Össursson
Upp'á ræðupalli.

1920

"Drottinn, eg er inn kominn í þetta þitt hús!"

—

Meðhjálparinn:
Dýri drottinn minn!

Meðvitundin:
Er hann kannske kominn inn?

Meðhjálparinn:
Kominn hér í húsgarð þinn!

Meðvitundin:
Segðu ei hvernig sé það fengið!

Meðhjálparinn:
Annara um Lúthers-lærdóminn
Held'r en skyn og skilninginn!

Meðvitundin:
Sópaðu gólfið sannkristinn!

M e ð h j á l p a r i n n:
Og að þú sért þrenningin
Einhvernveginn einingin!

M e ð v i t u n d i n:
Silfri á hann getur ei gengið
Inn í manna musterin!
Lauma því í líkreitssjóðinn
Legkaups fyrir heiðingjann.

M e ð h j á l p a r i n n:
Mér er það hæsti Huggarinn.
Þér býð svo sem þremur inn!

M e ð v i t u n d i n:
Spurðu hvorki hinn né hann:
Hvort frá honum kæmi gróðinn!
Guðmanns-lega höfuð hneigðu
Helgi-svips þíns. Við ei eigðu
Þennan gamla Gordonshnút!

M e ð h j á l p a r i n n:
Tala! svo sé siðsemin
Sáð í hjartareitinn minn!

M e ð v i t u n d i n:
Segðu "Amen"! áður þingar
Um það grunur tilfinningar:
Hvort að trú eða tilseilingar
Syngja í "kór" og "klykkja út"!

M e ð h j á l p a r i n n:
Amen!

1921

Til Axels.

—

Það er, að glopra gulli í urð,
Gagns og hrós-laust bæði,
Að sóa á blaða söguburð
Sínu bezta kvæði.

Hví skal góðu kvæði frá
Klöngrast svo, með nauðum?
Blaða jórtur-jötu á
Að jarma "níð" með sauðum.

1921

Sagði blindur við blindan.

—

Að hann kvað mig illa sjá
Enginn skyldi honum lá!
Örðu í auganu sínu
Áleit hann bjálka í mínu.

1921

"Lögmálið og evangelíum".

—

Sko til! þessa kirkjufélags-klínu
Kristni vorrar, steypa upp "boðskapinn".
Hafði týnt út testamenti sínu
Töluverðu eftir Jesús sinn,

Kanadíski eignarrétturinn
Eyðufylling velst í "kanóninn".

1921

Sundlar ekki.

"Á vinsælda hangandi hamri"
Þó hrópi þeir: "fellum nú gapann!"
Eg brosi að grjóti og glamri,
Unz geng fyrir Ætternisstapann.

1921

"Assverus er kominn í kýrnar".

— Niðurlag kvæðis eftir "Ó. T. J." í Lögbergi. —

Þó þú ristir tvíbreitt torf
Í túni Braga,
Vænkar lítt þitt hróður-horf
Í hjakki flaga.

Þú hefir lengi í blöðin bunað
Bagli þínu.
Eftir þig gat enginn munað
Eina línu.

1921

Prestlambið.

"Er hann síra Sóknarprestur
Sauðahús þitt kominn í?"

— Bóndann spurði göngu-gestur —
"Eg er að inna eftir því
Af því mig svo fyrir bar,
Sem eg rödd hans þekti þar."

Forvitnin hans fékk það svar:
"Ekki er það nú alveg slíkt!
Lambið hans, í kofa-krónni
Kúgast svona, ekki í rónni —
Fé vill jarma fóstri líkt!"

1922

Vel kveðið.

Nú á eg fyrst, í Flokkabók,
Fáa ljóða-galla.
Sannar það, að suða tók
Sullum-bullan "Lalla".

1922

"Vinur", sem til vamms kvaðst segja.

Utanhéraðs, úti í bygð, eg var
Að því sama spurður "lon og don":
"Hver var þessi Sölvi Helgason,
Sem úr þinni bygð tók hingað far?"
Mér varð orðfátt, átti ei neina von,
Að hann "Vinur" hefði kynt sig þar.

1922

Bitvargurinn.

— Ensk tilvitnun. —

—

"Spaklega bjó út bitvarginn
Blessaður stóri meistarinn,
Svo að félli hvor við hinn
Hrygglengjuna að bíta' um,
A d i n f i n i t u m!"

1922

Bósi.

— Kveðið við rakka. Sbr. vísu Jónasar Hallgrímssonar: "Þegi þú, vindur." —

—

Þegi þú, Bósi!
Þú kunnir aldregi
Greinarmun á gestum.
Geyjar að góðsömum
Grimt, en flaðrar
Dindli að dusilmennum.

1922

"Fjalla-Eyvindur".

—

"Ó, við hefðum haft þann mann
Að hindra Tyrkja-ránið."

Launráð aðstoð íslenzks manns
Í Eyjar leiddi Tyrki —

Náttúrlegt, að niðjar hans
Neðst í "Lögberg" yrki.

1922

Tönlið.

Marg-nafnaður, mikið er hvað hann endist!
Æfður að vaða elginn sinn,
Af-blaðaði ritstjórinn.

1922

"Sveinstauli" í "Lögbergi".

Fýsi þig að læra list,
Lífs er fegurð níðir:
Reittu af öllum fuglum fyrst
Fjöður hverja, er prýðir.

Fláðu skrúðtré beina-bert
Bygging þess að sýna,
Lista-verk og kvæði hvert,
Kirkju-sálma þína.

Fölnar þó ei, þér í vil,
Það sem fegurð elur,
Veit ei af, að ertu til
Eins og ryk og melur.

En heimskan mun þér hampa, af því
Hennar sértu auli.

Og þinni ganta-gáfu í
Getur þú orðið "stauli".

1922

Niðurlagið á "Staula" í "Lögbergi".

"Fjær kaupsýslu höllum,
Við kotgarðs hlið
Hann kennir þeim öllum
Að reka . . ."

"Stauli" fer með "Lögbergs"-lag
Líkt og hans er siður:
Klambrar saman klúður-brag,
Að kveða sig sjálfan niður.

1922

Stefnuskrá.

Önnur mál, sem þóknast þér!
En þingmanns-tign vér bjóðum,
Mokir þú bara í hreppinn hér
Hrúgu úr landsins sjóðum.

1922

Erfiljóðið.

Eg orti kristið kvæði — fyrir bón —
Eftir dáinn drottins þjón.

En dísin mín var ei til erfi-orlofs kvödd —
Hún var þá ei heima stödd!

Einn vinur minn um söngl mitt sagði: "Svei!"
og hló —
"Gjóðgjarnt," hélt eg, "það var þó".

"En veiztu ei," kvað hann, "þeim sem lifa, þið
Leirskáld, bætið einni ógnir dauðans við."

"Fram á það þeir sjá, með sút,
Svona að verða sungnir út!"

1922

Bókmenta-blótneytið.

Sæi eitthvað ofar sér
Æ fór það að langa,
Að stanga.
Eigin haga hníflum ber
Hnjánum á, og klaufum mer,
Halann sér um síður lætur ganga,
Inn reiði-ranga.

1923

Mál að læra!

Orðið að læra mér er mál:
Meiðmunum sízt að farga,
Ef kjósa ætti um "cent" og sál
"Centinu" fyr að bjarga.

1923

IX.

HEIMLEIÐIS

Veizlu-lok.

Vinir, sem vin ei gleyma,
Við áttum snöggvast heima —
Dátt var dillað kátum!
Drógum, sem við gátum,
Þetta loka-lag —
öllum er eitt að þakka:
Alt sem létu flakka,
Gleðina, gletnina frakka,
Grátinn með hlátur-brag.

Skjótara von og vilja
Við erum nú að skilja!
Tæmd eru teyguð minni,
Tómleg húsa-kynni,
Autt er um bekk og borð —
Leiðirnar út í löndin
Leggja á tungu böndin —
Þarna er þögul höndin!
Þegar mig brestur orð.

1914

Til Ungmennafélaga Íslands.

— Tileinkunn fyrir útgáfu 1917. —

Ellin Æsku býður
Ástarþakkir sínar!
Ungi Íslands lýður,
Eigðu stökur mínar —
Ef að er ungum rómum
Ómaksvert, að sinna
Þessum eftirómum
Æskudaga minna.

Kveðjur.

Þeir ærðu þig og særðu þig með skjall og brosin blíð,
Þeir blinduðu og tældu þig, að kveða þér sjálfri níð.
Þeir stálu þínu brúðarskarti á þinni þroskatíð,
Þokkanum og sakleysi: þú varst svo ung og fríð.

Demantana tóku þeir, en gáfu þér aftur gler,
Gulli þínu og perluböndum skiftu þeir með sér.
Söddu svo þín girndaraugu á glysi, sem þú ber,
Gintu af þér silkivef, því nektin sæmdi þér.

Þeir leiddu þig og neyddu þig, að bera út börnin
þín,
Bentu á það sem höfðingssið og Drottins lög og
sín.
Unz ásökun og kjökurrödd úr hverju holti hrín
Heim að þínum rekkjustokk, er austanmáninn
skín.

Brosir þú í yfirlæti, í ógæfuna sezt:
Orðin sértu kóngsdóttir og systra þinna mest —
Gests-augað í útlaganum glöggvar þetta bezt,
Gugnar hann að skilja við þig þegar horfir verst.

Hefir þú aldrei athugað, að Ísland teygði úr sér!
Íslendingur sérhver veit, að honum gegna ber
Heilli landvörn heima fyrir, hálfri landvörn hér—
Heimi öllum þegnskyldugur, hvar sem helzt hann
fer.

Hann slæst nú, með sinni sveit, í lið á lengdri
strönd,
Lítil taug í sinnar þjóðar vörmu bróðurhönd,
Reynast vill og rauna-góð, sem rétt er út í lönd
Rofin eða sundurleit að knýta hjartabönd.

Flý eg ekki fósturjörð, þá illa komið er!
Eftirsjá þó lítil myndi þykja helzt í mér.
Koma skal eg aftur, hve óralangt sem fer,
Ef ekki fyr á dómsdegi, að vitna einn með þér.

21. 5. '17.

Austurvegur.

—

Eg læt í haf að heiman,
Því heim eg komast vil.
Með föðurland framundan
Við fósturland skil.
Úr landsteina logni
Eg leysi festar mínar,
Þú blásandi bládjúp
Á breiðurnar þínar.

Þú, Sær, ert sambekkingur!
Nú sezt eg þér við hönd
Að frjálsum hlut í himni
Og heims hverri strönd.
Öll höf eru heimleið —
Þó hléstokkana fylli,
Er ferðast um fjörðinn
Manns frændleifða milli.

Þið formenn og við farmenn,
Hvers frýr oss myrkur sjós,
Hjá röðlinum reiðugleg
Þó Rán slökkvi ljós?
Að höllunum hennar
Þó húm sé dyrastokkur,
Hún lýsigull lánar,
Sem leiðbeinir okkur.

Og norðan-dætur níu,
Við næturstorma hreim

Hún býður oss til bónorðs,
Á brúðgöngu heim —
Svo hátt kann Himinglæfa
Hefja oss og bera,
Ein seiling til sólar
Að sýnist þá vera.

Sem vængja-fleygstu fuglar
Með frétt úr óbygð heim,
Hún drifa-fjöðruð Dúfa
Eins dregur þann geim.
Hún Blóð'hadda er blæfríð,
Er bungar öldugárinn
Og dag-geislinn drýpur
Og dreyrir um hárin.

Og hreinbrjóstuð er Hefring,
Og hvelfdur barmur á,
Er svellur við siglur
In sí-bláa lá.
Hún Úður er koss-klökk,
Er kalda-rokur hrína,
Og vætir oss vanga
Með vestan-hygð sína.

Hún Dröfn er dregla-prúðust,
Þó dragi skautið lágt,
Alt silkið í samfellu
Er snjóhvítt og blátt.
Og Hrönn, hún er faðm-föst,
Ef fangi oss hún vefur

Og útrétta arma
Og aðsveipa hefur.

En blækvikust er Bylgja,
Við bylsins hörpuslög
Hún dregur oss dansandi
Um djúpfæran lög.
En kolbrýn hún Kólga,
Með kafþokunnar valdið,
Er Fjallkonu fyrir
Hún festir upp tjaldið.

En yfir hjúp þann hæsta
Svo hvessir Ljóseyg brún,
Við úthöf og eilífðir
Í ættsemd er hún —
Á vor-kyndlum kveikir
Hjá kletta-stapa og snjónum,
Og brosandi bíður
Að börn komi af sjónum.

1. 6. '17.

Erindið til New York.

Auðlegð vor hefir Ísland gleypt
— Ei var "Kringla" að raupa —
Svo er á New York henni hleypt,
Hana á alla að kaupa.*

---

* „Kringla" = Heimskringla, vestanblað. Henni reiknaðist svo eitt sinn, að Vestur-Íslendingar gætu keypt Ísland alt, og átt þó afgangsfé, svo ríkir væru þeir.

Gullfoss leggur út.

—

Norður-leið, sem byrginn býður,
Borgar greið úr hlaðinu,
Veður skeið, á súða síður
Sæs á breiðavaðinu.

Húsbænda-skiftin.

—

Ægir, þínu valdi er velt
— Þú verzlaðir flátt við þjóðir —
En nú hefir Árni okkar selt
Allar þínar "lóðir".*

"Fossarnir" mætast í Halifax.

—

Stefni í gjóstinn far sem fyr,
Föll þó róstum hóti,
Ali í brjósti eigin byr
Unnar þjósti móti.

Eins og skjöld sitt breiða barð
Bjóði göldum vindum.
Stefni köldu stýfi garð,
Stikli á öldutindum.

---

* Árni Eggertsson í Winnipeg. Selur farbréf og bæjar-„lóðir".

Vesturheims-hvörf.

Álfan vor með alt sitt skrúð
Er í hvörf að líða.
Glatt er út frá búi og búð
Bláan sjó að ríða.

En þó að sælir siglum vér,
Svona öðru-hváru,
Hugurinn vestur fljótar' fer
En "Fossinn" aust'rum báru.

Hafís.

Hvíta-landi hranna-þils
Höf til strandar mjaka.
Gelur andi utan-byls
Undir randir jaka.

Kafbátur.

Kalt og spauglaust okkur á
Ægis-draugur lítur.
Opnum haugum hranna frá
Heljar-augum gýtur.

Kveld á Gullfossi.

Sólskins-völdin hlaða hlý
Himin-tjöld um okkur.
Roða kvöldsins reifast í
Rjóður öldustokkur.

Eins og þrá, sem þjóta má
Þrengslum frá í heimi:
Fljótum sjáar auðnum á
Ein í bláum geimi.

Morgunn við hafsbrún.

Hvítum armi heiðbláinn
Hringar barm á legi.
Austri hvarminn opnar sinn,
Uppi er bjarmi af degi.

Sigurður skipstjóri.

"Fossinum" stýrðu alténd af
Öllu tjóni og broti.
Yfir sérhvert heimsins haf
Halt' 'onum æ á floti.

Gullfoss í höfn.

—

Allan sjáinn siglir hann,
Svanur snjáa-landsins,
Hvíta-lá og hol-boðann
Hviku-bláa rannsins.

Undan mörgum óhindrað
Ægis-vörgum köldu
Föllin körgu Fróni að
Fossar um björgin öldu.

Á ef hroða háski rann,
Hlær að voða þrekið.
Yfir boðum hefir hann
Hafsins goðorð tekið.

Heill um sæinn heimtur í
Höfn við bæinn norðast.
Kasta á glæinn gulli því
Gamli Ægir forðast.

16. 6. '17

Af skipsfjöl.

—

Upp úr hafi yfir sollin djúpin,
Öldugrafin, týnd og druknuð lönd,
Þarna lít eg þokast fjalla-gnúpinn.
Það er Íslands hvíta móðurhönd!
Feðra-jörðin yfir blá-auðn boðans
Breiðir faðm og ljósið, sem hún á,

Hefst við sól í mötli morgunroðans —
Mér að baki er gærdags sunna lág.

Byrlaus fór eg út á karga unni —
Afturkoman væri ei svona brýn,
Hefði ei eins og æskuljóð í munni
Austanblæsins verið hvötin mín.
Hlakkar ekki þráin til að þakka
Þeim, sem ollu, og taka þeim í hönd
Þegar yfir hafsins blakka bakka
Bendir til sín minna frænda strönd?

Lánsæld er það, létthlaðinn að mega
Lækka segl á fegins-höfnum skjótt.
Hvað er heimvon, örbirgð manns né eiga
Eftir langa hungur-vöku nótt?
Vitkað barn, með tveimur tómum mundum,
Til þín sný eg, æskudrauma grund —
Það var stundum flónsgull, sem við fundum
Fyrir handan þetta breiða sund.

Eg kem engin afrek til að vinna,
Ættjörð mín! En finna skal hjá þér
Stuðlaföllin fossboganna þinna,
Fjalla-þögn, og gullið ætlað mér!
Því eg kýs í kjöltu þinni að lúra
Kyrt og sælt, og vaggast blítt og rótt
Sólskins-fangi og skautum þinna skúra,
Skemti-drauma vaka um sumarnótt.

Eg hvarf heim í hópinn þinna drengja
Hingað, móðir! til að fá með þeim

Aftur snerta upptök þeirra strengja,
Er mig tengdu lífi og víðum heim —
Hingað-koman yrði ei unun síður,
Ekkert boð þó fyrir mér sé gert.
— Kom þú blessað, óska-land og lýður
Ljóða minna — hvernig sem þú ert!

16. 4. '17.

Minni kvenna.

Mörg eru verkin vandafull —
Til vona bregðast kynni,
Að vera ei kjörið kvenna-gull
En kveða þeirra minni!
Því er það ei, brúðir, ærið hart
Því einvalasta að hrósa,
Og eiga bæði um blátt og svart
Og bjart og dökt að kjósa?

Því augu dökk og augu blá
Eg aldrei greindi sundur,
Og mig gat hrifið há og lág —
Og hverjum finst það undur?
Þó svipir tækju sinn hvern blæ,
Var seiðurinn jafn í öllum,
Og blíður, eins og blámi á sæ,
Og birtan yfir fjöllum.

Við, sveinar, gleymdum sumu því,
Sem segja ykkur hugðumst,
Og koma því fyrir öðru í

En ástakvæðum brugðumst.
En þó í húsi hreyfðuð rokk,
Og hrífu út' um völlinn,
Þið áttuð víðan vöggustokk,
Með vængi yfir fjöllin.

Og mörg er sagan sönn um það
— Þó sé hún hvergi bókuð —
Þá dygð sem fáa átti að
Í ástarfóstur tókuð.
Og oft hefði kaldlynd karla-þjóð
Á klakann ýmsu fargað,
Og borið út fegurð, frelsi og ljóð,
Sem fleyttuð þið til bjargar.

Sú ein var stoð, sem aldrei brást
Við ofurkapp og þrefið,
Að vita það í ykkar ást,
Sem okkur bezt var gefið.
Og æska, vertu vitni manns
Með vonir hæstar sínar,
Sem leggur frjálsa framtíð lands,
Þú fljóð, í hendur þínar.

En fremst eru þær af freyjum lands
Og fegurst þeirra minni,
Sem góðum ástum göfugs manns
Ei glötuðu nokkru sinni,
Þó hárið yrði hvíta-gull
Og héla á kinnum rjóðum:

Með frjálsan hug og hjörtu full
Af hlýjum vögguljóðum.

19. 6. '17

Að kveldlagi.

Falla Hlés í faðminn út
Firðir nesja-grænir.
Náttklæð Esjan, ofanlút,
Er að lesa bænir.

3. 6. '17.

Með ströndum fram.

I.

Sær og glyggur sízt mun tryggur,
Sortnar blika, ýfist kvika,
Akker léttast eins fyrir þetta,
Út skal fley þó halli degi.
Okkar bátur blint mun rata
Boðahringinn landið kringum,
Mælt höfum hvestrar roku rastir,
Reiknað leið um hafsins feiknir.

Smáar fleytur eru að utan
Inn að sendast heim að lending,
Fleygar álkur eru að svalka
Upp til gjögra á skjögur-flögri.
Fitjar spennir brimfugl betur
Báru mót, svo uppi fljóti.

Hleður garð af gráum skriðum
Gustur upp með hamrabustum.

II.

Hylur brim og niður, njólu
Nætur-lýsu, í roku-skýsins
Steypi-hríð. Um borðin bæði
Blakkir standa öldu-klakkar.
Vél í kili, knúð mót svölum
Kollbyl heljar, sýpur hveljur.
Fum er á stoðum. Finst ei miða,
Fley, sem lafi á grunn', í kafi.

Birtist viti í voða úti
Vöku-fagur, einn á skaga
Leiftur-hart í sjávar sortann
Sindra og gjósa norðurljósum.
"Hlaupið er fyrir hættu-stapann".
— Hvílu í svo reifur sný eg,
Bana sinn að hafa á hafi,
Hæg er þraut, sem rekkjunaut sinn!

III.

Nöltir eigi nú á legi
Niðurlútu stefni skútan,
Bjargast hefir heil úr karga,
Hvergi brot og öll á floti.
Skeiðar við strönd, sem móti miðar,
Morgun-lognið yfir sognið.
Skilar henni — skerja og grunna
Skögul-loppur yfir sloppin.

IV.

Fyrir borði fiskiverin,
Fjall-krýnd strönd á aðra höndu.
Jaðrað saman haf og himin
Hafa skautin lengst á brautu.
Gufu súlum fölskva-fölum
Feykir upp og bólstrum reykjar,
Þar sem djúpa dalinn hlaupa
Dugga og hvalur flæði alinn.

Vöður bergfugls, bátar margir
Bruna af strönd á vængjum þöndum,
Aust'r í bláinn, nú frá naustum.
Nóg er sléttan. Aðeins skvettur
Þar sem marghyrnt meitilbergið
Móti falli stingur skalla.
Straumur í logni hvæsir hamri
Hvíta-hríð á miðjar síður.

V.

Veður súðin léttfært löður
Leiðir norður, fyrir sporða
Langra nesja. Benda og brosa
Bæir inn að hverju lagi.
Græna túnið rýmkvar Rán og
Rífka sali fjalla-dalir.
Björgin gnæf sig girða morguns
Grettis-skyrtum sólar-birtu.

Firðir sýna úr lófa-leynum
Landabrotin: eyja flotann,

Hafa gullin vog og velli,
Vík og tanga inn í fangi.
Brjósta-víðar bröttuhlíðar
Breikka rinda. Af hverjum tindi
Lækir rétta, úr kleifum kletta,
Hvíta stafi út í hafið.

Voðin ljósa, er hamra-hýsin
Hengja á þil, er foss í gili.
Úða-breiðu tíðbrá tildrar
Tjöldum sínum fyrir öldu.
Sæi eg straum af stalli fleygjast,
Stjaldra yrði eg bak við tjaldið
Eg er á ferð í byr, á byrðing,
Bíður hann valla að tjaldið falli!

Kvika um einstig ljósar línur,
Líða um skarðið hvítar hjarðir,
Og við lindir uppi um rinda
Iðar dreif af björtum reifum.
Stekkur úr haga hestaflokkur,
Hnappast þeir á straumvatns eyri,
Blása nös og blesar rísa,
Blakkir glóa makkar jóa.

Ofanleiti og sjávar-sveitir
Sitja í skrúða allra lita:
Sumarblámi málar múla,
Mjallahvítan siglur fjalla.
Framan í Ægi opnum bæjum,
Iðgræn tún sem draga í brúnir,

Hampar þrúðg og þúsund-glömpuð,
Þoku-beltuð hlíða-kelta.

Núpar og strendur Norðurlanda
Nú eru sólar höfuðbólin.
Opnar landið, mikil-myndað,
Myndablöð sín öll í röðum:
Afdals-göng að endilöngum
Undra-heim, þar vaka og dreyma
Jarðarmögn, í megingjörðum
Móðufjalla og hveravalla.

5. 7. '17

Skersbóndinn.*

—

Eg skunda úr mínum skuggabæ
Í skeri mínu í eyðisæ,
Og nökkvann minn úr nausti dreg,
Um nesjarastir brýt mér veg.

Þú veizt ei kannske hver eg er
Að kóngseign mín er flæðisker,
En á nú sókn í sólskin inn,
Er sigli eg inn á fjörðinn þinn,

Mér ókunn leið mun auðfundin.
Þó ekki kenni eg bæinn þinn.
Eg veit, að þú átt hérað hér,
Og heima þar, sem fegurst er.

---

* Sbr. íslenzkar þjóðsögur, um vættina, sem bjuggu í skerjum og námu til sín konur.

Og ein ert þú, sem um eg veit,
Bezt ættuð snót í þinni sveit.
Þær eiga glóð þíns augna-báls,
En engin þvílíkt brjóst og háls.

Er opnast dælin dularblá
Frá djúpi inn um fjöllin há,
Úr hulu, sem við himin ber,
Eg hygg þú munir birtast mér.

En kvíð þú ei, eg komi hér
Úr klettadrang, að ræna þér.
Eg heimta rétt minn, ríki og nýt,
En rán eg smái og fyrirlít.

Þó með þér byðist unun öll,
Sem eyðisker mitt gerði að höll,
Eg hændi ei þig í hamar minn —
En hugarþrá þín brýzt þar inn!

Og ástar þinnar eina veð,
Þau æskuljóð, sem flytjast með,
Eg kveð þér einn, og kærast enn,
Þú kallar ei til þess skipbrotsmenn.

Og ár og dag — og síðsta sinn!
Eg sigli inn á fjörðinn þinn,
Með tún og engi, á og tind
Sem umgjörð kringum þína mynd.

7. 7. '17.

"Betra er að hafa yndi en auð".*

I.

Hann nam hana unga úr sinni sveit,
— Úr sveitinni reið hún þó nauðug!
Því hún var svo fögur og hún var svo væn,
Og heiðin hans sjálfs var svo auðug —
En betra er yndi en auður.

Af morgunbrún eygði hún upplöndin björt,
En útver og dalina svarta,
Því morgunn á heiði er komumanns kvöld,
Ef koldimma nótt ber í hjarta,
Því betra er yndi en auður.

Hann sýndi 'enni breiður af bláfjalla vídd,
Sem bældist sem kvífé í túnum —
Hvort tækir þú ungsvein', er á þessa hjörð?"
Hún anzað', en lyfti ei brúnum:
"Nei, betra er yndi en auður!"

Og þau riðu saman um Svanavatns strönd,
Um sönginn frá mjallhvítum börmum:
"Hvort fengi hann afsvar, sem eign þessa hlaut?"
Í átt til hans rendi 'ún þá hvörmum:
"Nei, betra er yndi en auður!"

Hann benti á jöklanna glóandi gnúp,
Með gullborg á sérhverjum tindi: —
"Hvort gengir þú með þeim, sem hérna á höll?"

---

* Snúið úr þjóðsögu.

En hönd sína rétti 'ún í skyndi: —
Sú leið er frá auð upp í yndi!"

II.

Um sólskin og rökkrið eg rek þeirra slóð
Um rýmindin: aldir og heiðar,
Og skil nú, að heimelsk var hrjóstranna þjóð
Því hér vóru götur til leiðar,
Svo brattar, þó væru ei breiðar.

17. 7. '17.

Bárðardalur.*

Þú dalur með þær trölla-trygðir,
Að taka á þig
Hans nafn, sem fyrst hér festi bygðir,
En flutti sig.
Sem sælu naut við sólskins-skaut
Þitt sumar alt,
En eiru þraut og bjóst á braut,
Er bléstu kalt.

Og fleiri þinna heima-haga
Svo hjuggu bönd
Og flúðu, að sækja sælli daga
Í suðurlönd.
En færð varð sein um fönn og stein
Og fágóð kjör —

* Sbr. sögnina um Gnúpa-Bárð.

Eg þekti svein með biluð bein
Í Bárðar för.

En Bárður sá um, seint þó færi
Hans sauða-val,
Að sérhver kind sér bjargir bæri
Úr Bárðardal.
Með nesti gekk frá stofu og stekk
Hver strok-skepnan —
Og karl eg þekki, er þannig fékk
Í þverpokann.

En gadd hefir syðra Bárður barið
Og brugðist sól,
Og þá í muna feginn farið
Í fyrri skjól,
Og horft til skýs, er hríð var vís
Og hörkuríkt —
Eg kunni vísu, kveðna á ís,
Sem kalsar slíkt.

Þó Bárður flytti fjallavegi
Sitt fé og mal,
Hann flutti bæ en búsæld eigi,
Úr Bárðardal:
Af kvisti og skóg' að krafsa snjó
Á kuldabeit
Og hafa þó af nesti nóg
Í næstu sveit.

22. 7. '17.

Heimkoman.*

I.

Nú í fortíð — fyrst á seinni
Fardögum í Vesturheim
Þjóðar, sem var eitt sinn einni
Íshaf fært, sem vanst ei neinni
Við að finna veg að beinni
Vistaskiftum, vítt um heim.

Þar sem bjó í bændaranni
Bygðardrotning, honum tengd,
Kveðjur sagði sveinninn granni —
Sá var lítill fyrir manni,
Fluttist brott í fararbanni
Fæstra vona, í bráð og lengd.

Stúrlynd kvaddi ei ferðaflokkinn
Freyja hússins, þel var gott —:
"Erfiðast verður, yngsti hnokkinn!
Að eiga þig, frændi, úr landi stokkinn,"
Sagði hún, "þegar eg sit við rokkinn
Þyngist hann við, að þú vékst brott!"

Honum kom sem hvirfilbylur
Kveðja slík — og henni frá.
Djúpvarmur er undir-ylur
Ástar, sem að fátt um þylur.
Lang-bezt æsku-skynjun skilur
Orðin hálfu, hlý en fá.

* Minning frá 1873.

"Ef þér, frænka, finst þig muna
Fis svo lítið," svarar hann,
"Lát þig ei, við uppstöðuna,
Aldrei-komu mína gruna!
Fimm ár skal eg ytra una,
Flyt svo heim það vonin vann.'"

"Hefir ei nema hálfar leiðir
Hugurinn, frændi, borið neinn,
Alla götu engan reiðir" — —
"Yfir það ei grunur breiðir,"
Anzaði hann, "né hjá því sneiðir,
Það er á vegi þungur steinn."

"Mér kann dveljast dál'tið lengur,
Drögum sízt úr líkum þeim!
Þegar eg kem, svo þér sé fengur,
Það skal verða stærri drengur,
Frænka, en sá sem frá þér gengur —
Annars hverf eg aldrei heim."

II.

Tíu ár, við mök og moð
Margskift, voru liðin,
Þá kom til hans bréfa-boð:
"Byr hefir deprast þinni gnoð!
Mér er hugstæð helmings-lengda biðin."

"En eg veit þú verður á
"Vorskipinu næsta!"
Svaraði hann: "Þér hreint að tjá,

Heitinu er eg leystur frá —
Vöxturinn minni en vonin mín sú smæsta!"

III.

Göngumaður gamall stóð við gróið leiði
Hennar æfi-aldri síðar,
Yfir moldum sinnar tíðar.

Þú hefðir ekki, þar sem hvílir, þekt hann lengur,
Hálfur ennþá heimalningur,
Hálfur skiftur útlendingur.

Fyrirgefðu, að aldrei efndi 'ann ætlan sína!
Hélztu 'ann vildi hlaupinn flana
Heim til þín með ósigrana?

Ekki í vafa um velkomu né vildar-fagnað
Þrjóskaðist hann þér að gegna —
Það var aðeins sinna vegna!

Svona er það, sem mannkyns menning málum blandar:
Hann sem aldrei aftur vendir,
Út í heim frá vinum sendir.

Þar á að vinna haukur hver, að heiman sendur,
Nýja vini, nýja fjendur,
Nýjan vanda á báðar hendur.

Kyn hans situr eftir eitt, með ættar-skörðin —
Svo skal smábygð fjalls og fjarðar
Fóstra landnám víðrar jarðar,

Unz þar hefir, reit af reit, sér rutt til vegar
Yfir jörðu, einn og fagur,
Allra þjóða mannabragur.

Eflaust fanst þér, frænka, oft um farinn veginn,
Þér hafi týnst í þjóða-sæginn,
Þínir frændur margan daginn.

Hefði samt þitt lundar-lag því lang-sízt kunnað,
Hefðu þín orðið hinum minni
Hlutagjöld af ættleifð þinni.

Þér hefir stundum orðið — ei við alt þó sættist —
Týnslur þær í tómi bættar,
Trúnni á mannskap þinnar ættar.

Hún hefir líka honum lang-bezt haldið uppi,
Sem af auðnu oft var sleppinn —
Aldrei dæmdur samt á hreppinn!

Kveðjan þín — og fleiri, er fram úr fylgsnum skjótast—
Vóru á götu gull hans mætast
Gæfa, sem ei brást að rætast!

23. 7. '17.

Heiðarþoka.

—

Eg er að sveia sáran þér,
Svika-greyið þoka,

Faðmi Eyja-fjarðar mér
Á förnum vegi að loka.

26. 7. '17.

Staddur í gróðrarstöð.

Við trúðum því, á góðra manna gröfum
Grasið ei félli — í vetrarsnjóa köfum
Sígrænar stæðu þær, sem þendi jörðin
Lifandi augu upp úr fanna höfum.

Dys hans, sem lífi rangur dómur rúði,
Réttlætið vafði æfagrænu skrúði.
Syndugum ástum jafnvel mild var moldin
Mjúklát að gleymdu minningunum hlúði.

Nú lít eg hérna, þar sem auðn var endur,
Ódáins-skóg, sem græddu dánar hendur.
Viljinn til góðs í grónu trjánum lifir,
Breiðist á óskum út um fjarri lendur.

Legsteinar eyðast. — Hugurinn er höfnin,
Hlaðin gegn brotsjó. — Ekki mannanöfnin,
Þó að hún gleymi, hverjum eitt skal eigna,
Þau geymir framtíð fegurst minja-söfnin.

Kynslóðin fallna úr flæðarmáli strandar
Fjöruborðs-væflum upp til hæða bandar
Lifandi höndum gulls og grænna skóga,
Neðan úr gröf — Þeir öfundsverðu andar.

Lesa mun þjóð og langar vökur halda
Letraða sögu milli slíkra spjalda,
Þegar frá bæjum öllum aftur verða
Grænskóguð fjöll að eyktamörkum alda.

28. 7. '17.

Gvöndarbrunnar.

I.

Öll sveitin í svælu og blóði!
— Og sýnin mér verður að ljóði —
Úr fornsiðnum flest er á þoki,
Og flúinn hver Ás nema Loki,
Öll austræna aðflutta lygin
Úr ógæfu lands
Í valdi hans hleður sér vígin.

Eg sé, og eg sé
Á broddi hvers brands,
Blettina af blóði ins myrta,
Sem brann eða hné.
Sé dygðir og drengskapinn firta,
Og heiftir, sem hugina toga,
Og höfuðbólin í loga.

II.

Með hungraðan skrílinn á hælum,
Stór hundruð af pútum og þrælum,
Eg sé, og eg sé
Einn flakkara-biskup á fæti.
Við fjandskap og spé

Þramma með haltrandi hné,
Í fararbrodd' fremst honum mæti.

Hann storkaði stjórnlausu landi,
Hann stæltist af hrakning og grandi.
Og heldur en höfðingjar ali 'ann
Með hungruðum rændi og stal hann.
Hann lék það sem lögréttur banna:
Hann lagði á asnann að fornspurðu—og líka
Bauð múg sinna manna
Öll öxin á akri ins ríka
Í óleyfi sabbatsins tína,
Sem vóru ekki kerfð, sökum uppskeru anna,
Fyrir eigendur sína.

III.

Verðgangsmaður vígði hann keldur,
Vætti hræddi úr skörðum fjalla.
Drangey hafði hreinsað alla,
En þar dugði ei hjartað heldur!

Ef hann var á vígslu-göngum,
Vondir andar stóðust hvergi,
Grimt með haturs-sálma söngum
Seiddi að kindum inn í bergi
Guða sinna ógn og ergi.
Sjálfur lagði fjandi á flótta,
Flagð og risi skalf af ótta.

En kveinið þeirra, að sefa særi,
Sál hans stóðst ei. Er þeir báðu

Veslings andar vondu, en hrjáðu:
Leyfa sér í horni húka
Hamarsins þó slæmir væri!
Vorkunnsemd hans varð að ljúka
Vígslunni — og tröllí og dvergi
Leyfa hús í Heiðnabergi,
Hafís-lömdu og steyttu í sjóinn.
Hefði 'ann átt það til,
Vesals bón í vil
Leyft þeim hefði 'ann svín og sjóinn.

IV.

Svo er Gvöndi sízt að kenna,
Seinna þó að vantrúin
Feldi í hempu hamar sinn,
Vígði heiðnu heimkynnin
Honum með. Og inni brenna
Yrðu að lokum illvættin.

Meðan "sírann" seig á staðinn,
"Söfnuðurinn" hélt um vaðinn,
Söng svo vaskt, og vægði hvergi,
Vígslu-sönginn uppi á bergi,
Níðyrtan en nýkveðinn.
Skagfirzkt lag við ljóðmælin!
Mannsaldur í minnum geymdan,
Metnað héraðs-kvæða. En gleymdan
Nú fyrir löngu. — Á morgun minn!

Niður í kletti klerkurinn,
Sló með hörðum hamarskalla

Hvassa egg úr brýndum stalla,
Morðtól bergsins. Mannhættuna
Muldi úr leið, sem ætíð hafði
Skorið sundur sigreipin
Ný og breið, úr bezta spuna.
Bútaður þversum endinn lafði.
Hrapaður, myrtur maðurinn.

Mátti nokkur rengja þá
Sjón, sem horft þeir höfðu á:
Gráa hendi, hringum setta,
Hnífinn út úr bergi rétta,
Hvassri egg á spottann spretta
Snögt sem stráið legst af ljá —.

Lýðurinn uppi heyrði og sá
Ekkert nú, fyrir lagi og ljóðum!

Lokst stóð prestur hress þeim hjá,
Engin fanst í fléttu-stúfi
Feyra nú á vaðnum góðum.
Alt kom þarna heilt á húfi!

Heiðnabergsins þaðan frá
Steina-þjóðin, stór og smá,
Liggur dauð og disjuð inni —
Dáin öll með skammsýninni.

V.

Gvöndur góði,
Settur hæst í sögu og ljóði
Fyrir að vígja veisu-keldur —

Hallmælt heldur,
Þegar hann móti rasi rís
Aldar, sem varð ofjarl honum
Og að hann þá snauðu kýs:
Veitti rusli og ræningjonum
Rúm í sinni Paradís.

8. 8. '17.

Berjamór.

Hatti og skónum hentu að mér,
Hraðan á! Nú man eg hvar
Leiðin var í lyng og ber.
Langar mig að koma þar —
Hvort eg rati? hæ og hó!
Hérna út í Fornamó.
Þurfi fylgd til funda? Þó
Fyrnda gatan nú sé mjó —
Þar eg börn að berjum finn!
Boða mér ei slíka trú,
Að hann, gamli mórinn minn,
Muni vera auður nú!

Og í flokknum okkar þar
Æfinlega hittist sá,
Sem í mestum víking var,
Væri glímt og tekist á —
Heyrðu, piltur þarna, þú!
Þaufar karlinn heim við bú?
Frétti hann til mín? Firran sú,

Fyrri daga að erfa nú!
Hvor þá fékk, í flýtis-kaup,
Fleiri ber í vetlinginn.
Hvort að það sé karlaraup,
Kæri, spurðu 'ann pabba þinn!

Þangað kom í hópinn hún,
— Hún var smali eins og eg —
Fjalladísin björt á brún,
Barnadrotning tiguleg —
Dóttur hennar þekki eg þar,
Þarna í hópnum, tilsýndar.
Það er hún við þústirnar
Þúfunnar, sem áður var —
Þó þú sért, sem fjarri fer,
Fegurri en mamma þín,
Eg skal tína í ask með þér,
Án þess roðni kinnin mín!

Þarna söng og sveif um mel
Sandlóan við móinn fyr,
Hélt hún hefði vilt um vel,
Væru seinna eggin kyr.
Þarna úr holti horfði á,
Hrafn og eftir berjum sá —
Hvort mun lóa, lipurtá,
Lokka gestinn hreiðri frá?
Skyldu börn í berjamó
Burt frá karli draga sig?
Og með hatt og enska skó
Ætl' 'ann krummi þekki mig

4. 8. '17.

Við landfestar.

I.

Frá Málmey að Hofdala hjarni
Þig hlýlega breiðirðu, fjörðurinn minn!
Og ennþá finst brottnumdu barni,
Að beztur og rýmstur sé faðmurinn þinn.
Samt óttast eg, ununar-snauðan
Í elli þar hitta þig. — Ganga þér hjá
Um vinasal vildarfólks auðan,
Að veizlunni lokinni og gestunum frá.

Á fjallstind er fölnunar blærinn
Af fjarandi dagsljósi og komandi nótt,
Og skuggsjá þú skjálfandi særinn
Af skýlofti því, sem er haustnátta-rótt,
Og innstreymu öldurnar þínar
Mér úrvinda fylgja, sem vogrek í land —
Hvort eru það útþrárnar mínar
Frá erindisleysu að hníga við sand?

II.

Hvort drúpir enn dalur og víkin
Frá dögunum fornu, er sárast þér hneit,
Að hefna og heimta að þér líkin
Frá höggstokknum danska í landráða-sveit?
Hvort er hún ei gengin sú ganga,
Svo göfug, en harmsamleg, fjörðurinn minn,
Sem gerði þín líkfylgdin langa
Í legreit til Hóla með biskupinn þinn?*

---

* Jón biskup Arason.

En gestmildur víst muntu vera
Og velkomustaður þeim farmóðu enn,
Og rausn yfir þjóðarbraut þvera,
Mun þekja og nesta þar lang-ferðamenn,*
Svo óglögt þú oft hefir talið,
Hvort aflagsfé þínu þú kæmir í verð,
Og hjá þér var hjartað það alið,
Sem hafði aldrei skilning á reikninga-gerð.**

III.

Þó sízt skyldi rifja upp og ræða
Um raunir, þú beztgengnis sveit mín við þig!
Né sæmi þér kveinstafir kvæða —
Mér klökknar í hug, hvað þú varst fyrir mig.
Og lá ei, að bernskustöð borinn
Þó beygðari gangi, þar keikur eg lék,
Og felli í fölskvuðu sporin
Nú fáeina ljóðstafi, er slóð þessa rek.

Í litklæðum, ljósgeislum skotið,
Mig lokkar enn fjall upp í brekku til sín.
Á sama stað kirkjan og kotið
Sem kunningjar dauðtryggir þrautbíða mín —
En hvar eru börnin á bænum?
Varð bernskan að fránuma umskifting þar?

---

* Sbr. sögnina um landnámsmanninn, sem reisti skála yfir þjóðbraut, þar sem vistir lágu á borðum, öllum frjálsar, sem á ferð vóru.

** Svo kvað Grímur Thomsen eftir Skagfirðing, Brynj. Pétursson:
"Hverja réði hann rún sem vildi,
En reikning hjartað aldrei skildi."

Er tyrft undir torfunum grænum
Alt tilhuga líf okkar, sveit mín, sem var.

Sjá, kirkjan er auðari en áður,
Sem uppgefin sé hún á framleiddra vörn,
Sá kórbekkur hruninn og hrjáður,
Sem hnésetti forðum oss spurningabörn —
Við kórbekkjar krakkarnir léttir,
Æ, hvar eru svörin vor — já vor og nei?
Vor kepni, vor iðrun á eftir
Um ánízlu á hinum, sem kunnu þau ei?

Hver mætir á bæjartúns bala
Og býður í hópinn til leika við sig?
Hvar hitti eg í hlíðinni smala,
Sem hestinum óbeðið skiftir við mig?
Hver grefur upp barnæðis-bögu
Og býður að kenna mér? Leynt fór þó sú —
Hver lánar mér ljóð eða sögu?
Hver ljær, eða gefur mér, kertið sitt nú?

Ha, hæ! Yfir gullunum grátið
Við getum, sem börnin. Við höfum ei elzt,
Við fjörður minn! Lágt um oss látið
Sem landstólpa verði . Við kysum oss helzt,
Að hjálpast að heygja hann Svaða,*
Í holunni þeirri, sem öðrum hann tók,

---

*) Svaði á Svaðastöðum ráðgerði, að taka fátæka menn af í hallæri og hafði tekið þeim gröf. Hann hné þá örendur, og var dysjaður í gröfinni, sem gerð var öðrum.

Til Hegraþings okkur að hraða
Og hrista þar skjöld vorn að Álfi frá Krók.*

Til lags við þig lífsþráin vaknar,
Og landelska gerir þú umferðamenn,
Átt ágæti alls er þú saknar
Og afl þess og hamingju í vitum þér enn!
Sé uppi svo eflandi kraftur,
Að ellibelg tímans hann varpaði af mér,
Og þyrfti eg að yngjast upp aftur
Og ósk mína fengi — það kysi eg hjá þér!

12. 8. '17.

Við Drangey.

Mörg er sagt, að sigling glæst
Sjást frá Drangey mundi —
Þó ber Grettis höfuð hæst
Úr hafi á Reykjasundi.

11. 8. '17.

Óskasteinninn.**

I.

Oft eru hret um hvítasunnu,
Og hátt er upp á Tindastól,
En svo fær þú, ef til vill, hvað sem þú kýst þér

* Álfur frá Króki fór með erindi Noregskonungs á Hegranesþingi. Skagfirðingar hræddu hann af þingi, með meinlausum hrekk, svo hann fór erindisleysu.

** Efnið þjóðsaga.

Ef kemstu þar upp, áður risin er sól.
Þar spretta upp vordaggar-vötn undan björgum,
Þá vindur úr djúpinu gimsteinum mörgum,
Og demant og perla, um daggirnar bláar,
Í dögun sem hvikur af sólstirni gljá þar.
Og grípi þá unglingur öruggri hendi,
Af alefli og snart, í þá logandi vendi,
Og ef að sú hamraför hræddi ei sveininn,
Þá hremmir hann kannske óskasteininn.

II.

Og h a n n stóð þar einn hvítan morgun,
Með háska kleif hann Tindastól.
Og fast krepti 'ann saman sinn lokaða lófa,
Um leið og í austrinu bryddi af sól,
Því óskasteins-gersemin líklega lá þar.
Úr leiftrinu greip hann þann bezta, er að sjá var.
— En óskasteinn sannur í augun ei gengur,
Og æskunni virðist hann lakastur fengur —
Hann fann, hversu streymdi nú viljinn og varminn
Af vonum og sigrum, um arminn og barminn.
Og fangfylli af þrám sínum fyrstu greip sveinninn.
Því fljótt skyldi reynast óskasteinninn.

Hann bað þess fyrst, að fley hann ætti
Í för að sigla vítt um heim —
En skiplaus var fjörðurinn, ferjulaus höfnin,
Og fullséð um brigði á vonunum þeim.
Þá æskti hann skógar á skjóllausum sandi,
Því skriðan var óðal hans sjálfs í því landi — —
En urðin stóð bólgin og ber, eins og áður.

Næst bað hann um skó, til þess sjálfum sér ráður
Hann gæti þó flakkað. — En fékk þá ei heldur.
Þá fleygði hann steininum: "Óheillum veldur
Að draga svo gagnslausan grjótklepp í vögu" —
Hann grýtti 'onum brott sem lygasögu.

III.

Hann stóð hjá nýrri öld og æsku
Í efstu sporum, seinna á tíð,
Og ferðbúna skipið á firðinum beið hans.
Í fjarsýni blánaði runnur við hlíð.
Hver smali gat brugðið upp flugskóm á fætur,
Þó fjöll væru hnarreist og vorsvalar nætur.
Og skapraunir unglingsins skjótlega bættust.
Nú skildi hann fyrst, hvernig óskirnar rættust.
Þær blessast að lokum sem bæn fyrir öllum,
Þó bregðist þeim eina, sem klifar í fjöllum —
Í opinni hönd sér sá óskastein glóa,
Sem ávalt borið hafði 'ann í lófa.

14. 8. '17.

Við vegaskifti.

Þó við skiljum, þetta ár,
Þar er við að kætast:
Í framtíð allar okkar þrár
Einhverntíma mætast.

15. 8. '17

"Þröngi vegurinn".

—

Veginum þrönga ef þú vilt ná,
Sem þig til himna leiði,
Stíginn veit eg, stefn þú á
Steingrímsfjarðarheiði.

Ríði þessum þrengslum á
Og þig hafi í Síon langað,
Hvergi muntu fleiri fá
Fótakeflin þangað.

24. 8. '17.

Áleiðis til Geysis.

—

Hugur báls í höllum marmaranna,
Hafa ei að þér stórar fylgjur sótt,
Mín þó sæist sveima hér í nótt,
Hún er ólík aðsókn konunganna.
Hvorki ljón né bjarndýr þér á barmi
Blika sástu skuggsjá þinni í,
Svipaði til, og tækirðu eftir því,
Leizt þú dverg með langspil undir armi.

Þú mátt líkjast lávörðunum prúðu,
Líta smátt á frændsemi við mig,
Þó af ættum sjálfir stæri sig
Hersa og jarla, á Hörðalandi og Rúðu.
Eg hef' ekki af aðalskyni að segja —
Á þann hátt við teflum drambið jafnt —

Ættargöfgin eggjaði mig samt!
Þú mátt, Geysir, vella og við mér þegja.

Ekki er neitt í mínu hugar-horfi
Helgispell, svo leikir fyrir mér,
Né í kviku kverkarnar á þér
Hef' eg skap að troða mínu torfi.
Hyggur þú, eg hrollinn ekki finni
Heftrar listar, neydda annars vild!
Betra að sóa sinna krafta snild
Ókend lind í eyðimörku sinni.

Þig eg kenni. Úti í yztu löndum
Orðstír þínum hef' eg feginn mætt,
Vissi það, þú varst í minni ætt,
En í hljóði hélt þeim tengdaböndum.
Aðrar þjóðir sína suðubolla
— Sitt að frægja, smátt sem orð af fer —
Hafa girnst að heita eftir þér,
Sem við nafnið tignin muni tolla!

Bregða kantu á eilífðina alla
Örskots-mynd um veraldanna sköp:
Stólpans blossar, bogans stjörnuhröp,
Sólnakerfin, sem að rísa og falla,
Séð í leiftrum hvers þíns orku — eða
Elds og vatnsins stöpli að himin-brú.
Þú gýs einn, og enginn nema þú!
Ef þú gýs, þá kann eg ekki að kveða.

Þín er tign, sem fleygstu hugsun hindrar,
Hæstu vængjum steypir fyrir borð,
Fegurð, sem að yfirgnæfir orð,
Þegar upp í súlu þinni sindrar
Og að flugi og litum allra ljósa
Leikur þér um sólskinsrúmin hrein.
Svip þinn festir ímyndunin ein —
Skáldsins list og ljóð og söngvar frjósa.

13. 9. '17.

Um kveld við Gullfoss í Hvítá.

Þess eg geld, þú gleymdir því
Gulls þíns veldi að sýna,
Faldir kveldsins fölskva í
Flæði-elda þína.

Sólargöngu ef glaptist sýn,
Gljúfra-dröngum syrtu,
Nætur-löngu ljóðin þín
Leika um söng og birtu.

Þar sem slengist hrunið haf
Af hamra-spengjum þínum
Í yfir-hengið hvítum af
Hörpu-strengjum sínum.

Þar sem allra hreima hljóð
Hamra-stall við insta

Hrín, að kalla orku og óð
O'n í fallið hinzta.

13. 9. '17.

Þingvalla-ljóð.

I.

Nið'r í þögn, sem þæfir hljóð
Þingvöll göfga, og storkar dug,
Eg á rústa-stöllum stóð
Stundar-fár.* Í þeirra hug,
Sem í ljóði litu þar
Leiði okkar gullaldar.

En úr hinu horfna þó
Hugum-leiknast varð mér þar,
Hvernig hreysti að heiman dró
Hingað alt, sem prúðast var,
Meðan æska og íþrótt hér,
Íslands frægðar, skemtu sér.

Snjalt var fluttur flokkur dýr,
Fangabrekka kvik var þá,
Og á leiksmun bros og brýr
Bentu meyjasæti frá.
Þá var sögð og sjónum verð
Saga og laun úr utanferð.

Hvar sem augað yfir fer
Álas-rún um tjónin vor

---

* Stundar-fár s. s. þögull um stund.

Grafin er í grjótið hér,
Gleggra en nýrri kóngaspor — —
"Hættu! syngdu svona ljóð
Sízt um Þingvöll, ungri þjóð!"

II.

Meðan byrgði þor og þol
Þverstreym öld og feiknum tryld,
Ætíð geymdu instu kol
Egils metnað, Gunnars snild.
Brúðir áttu enn í lund
Auðar vörn og Helgu sund.

Þú munt, æska, á þessum reit
Þagga kveinstaf ættlerans,
Er hann sjálfur sér og veit,
Sé á lokum öldin hans,
Sem við höftin heima-kröpp
Hafði týnt, að renna í köpp.

Þín hefir norrænn Ólymp einn
Íslands beðið, fylking prúð!
Bráðum tjaldar svanni og sveinn
Sér við Þingvöll nýja búð,
— Öllu fegri en áður samt —
Eiga bæði leikinn jafnt!

Mun ei líkt um lista-svið
Leikið verða hér, sem þá?
Svo að einni utanvið
Elli, sem að hyggur á,

Hitni í, og æski sér,
Æska, að ganga í leik með þér.

3. 10. '17

Vegtams-kviða.*

— Um íslenzku hestana. —

I.

Leið hefir vanda fáka-flokkur
Fólki handa rutt
Milli stranda — og með okkur
Alt vort landnám stutt.

Á í þvögu þúsund braga,
Þeim frá dögunum,
Íslands sögu óritaða
Upp úr brögunum.

II.

Fyrir liðinn farargreiða,
Fákur, bið ef lér
Skilnað við, eg vísum skeiða
Vegtams-kviðu þér.

Hef í lund, með hljómum bundnum
Hrauns og grundanna,
Með oss sundur segja fundum
Síðstu stundanna!

---

* Vegtamur = sá sem er vegum vanur. Eitt af heitum Óðins, en væri nógu gott hests-nafn.

III.

Þegar úr eðjum linda og leirum
Leystir gleðja sig,
Skal eg veðja, að velgnar fleirum
Við að kveðja þig.

Tækirðu óskorað taumavaldið
Tókstu á þori bezt
Klungur og for — en karga-haldið
Kipti úr spori mest.

Þræddir grend að flúða-flaumi
Flá og rendan sand.
Augu á lending, afl við straumi
Okkur sendu á land.

Eg lét rakkur jörð oss gleypa:
Jökulslakkana,
Milli klakka hnjúks að hleypa
Hríðarbakkana.

Urðu dvalir gljúfra-gang við,
Gnúps af hala að sjá
Tún og bala bjóða fangið
Brúnum dala frá.

Væri eg hljóður hjá þér seztur,
Holl var góð-spekt þín:
Eins og bróðir beiðst, að gestur
Bæri upp ljóðin sín.

Þá kom stund af þýðum sprettum,
Þjálan fundum stig,
Lagðir á grundar leiðum sléttum
Landið undir þig.

Sýndist klaka-farg á fjöllum
Fjörkipp taka þá,
Kvikun vakin þűst og þöllum,
Þínu baki frá.

Héruð gerðust heima-fegri
Húsa-mergð og bú —
Þessi ferðin fengsamlegri
Fanst mér verða en sú,

Þar sem regist, rásar skelfur
Reiðin vegi á,
Skógar, heylönd, akrar, elfur
Ósýnd fleygjast hjá.

Engum fláttskap aukinn varstu,
Okkar sáttin jókst —
En hve hátt þitt höfuð barstu,
Heima-átt er tókst!

IV.

Slitið er fund við fjarst í lendur
Farar-bundinn mig.
Það er undir ómaks-strendur
Oflangt sund fyrir þig.

Vestur að flytja er vart þitt hæfi —
Ver á situr hitt,
Þar í striti kaups þeir kæfi
Kosti og vitið þitt.

Þú til hálfs skalt heldur vera
Heima-frjáls, og þá
Njóta sjálfs, og beinin bera
Blásnum hálsi á.

Verstu þorsta, hörgu-haga,
Hríða-rostanum.
Yfir frost og fellis-daga
Fleyztu á kostunum!

Vertu hróður húsbændanna
Hvar um slóð þú fer!
Fram um góðan fúsleik manna
Fylgi ljóðið þér.

Afsökun.

Eg á engin orð þau til, sem orkað geta
— Þó eg væri lengi að leita —
Leiði drengsins þíns að skreyta!

Mér er hvorki leyft í ljóði að lýsa honum,
Né blekkja kámi af kvæðum mínum
Kranzinn stóra af vonum þínum.

Bæði efni og orðin mín, þau yrðu smærri
Móður-hjartans hljómum skærri —
Hika þeim að syngja nærri.

Svo er mér stundum tungu-tregt, hef' til þess fundið
Þögula en hlýja höndin
Hjálpar bezt um skuggalöndin.

Eg hef' setið þrátt og þrátt við þagnar-kvæðin,
Og sjálfur aleinn eftir staðið,
Eins og þú, við hinzta vaðið.

4. 10. '17.

Að leikslokum.

Ef að vængir þínir taka að þyngjast,
Þreyttir af að fljúga í burtu-átt,
Hverf þú heim! og þú munt aftur yngjast
Orku, er lyftir hverri fjöður hátt.
Jafnvel þó við skilnað kannske skeður,
Skyndi-depurð grípi róminn þinn,
Sem á hausti, er heiðló dalinn kveður,
Hugsun um: að það sé efsta sinn.

Hlægir þig: að hér var steinum þungum
Hnykt úr leið, ef aðstoð þína brast,
Vissa ljós, að leika á yngri tungum
Ljóðin, sem þú aldrei kveðið gazt.
Þrár og óskir þroskast, vaxa, fyllast,
Þína hönd sem aldrei fær þú léð —

Engin leið á von-spám nú að villast.
Víkja frá, en hafa reynt og séð.

Þegar vorar, vinst þeim fleygu og ungu
Vaxin þrá, í nætursólar glóð
Móinn þann að sjá, þar mæður sungu
Sinna hreiðra glöðust vögguljóð,
Og hjá lind og laut og klettasprungu
Liðka aftur þessi förnu hljóð.
Láta horfinn hljóm í nýja tungu
Heiman-fylgjur kveða vestur-þjóð.

Yður hjá, sem hugsuðum oss saman,
Hjartað skilur gesturinn, sem fer,
Varmt og heilt — að hverri stund var gaman —
Hönd hans óveil — sé hún kulda-ber —
Rétt er þeim, sem lánast á að erfa
Æsku vorrar stærri þrár og dug. — — —
Sælt úr ljósi og landi hinzt að hverfa
Loks með söknuð — þó með glöðum hug.

30. 8. '17.

Heimferðar-árið.

Ýmsan gistrar-götu vott
Geymi úr lífsferðinni —
En árið sem eg átti gott
Er mér lengst í minni!

1918

Að Eiðum.

—

I.

Eg gekk mig heim til Eiða, á glaða-sólskins degi—
Og gest-hlý sveit var Fljótshérað, og bræðralag á
vegi.
Og við mér brostu Stigahlíð, og svipir úr sögum.

En, Dyra-fjöll og Hlíðar, það eru nú samt eigi,
Né Atlavík og Lagarfljót, sem man eg bezt og
þreyi,
Né æva-gamlar framkomur frá Freysgoða dögum.

Mér vekst upp oftar, koman í kolagrafa-móinn,
Þar kirkjan hafði, löngu síðan, brent út allan
skóginn,
En eftir stóðu hlóða-mörk af hel-fórnar bálum.

Þó dælla við mig gerðu sér, óttinn minn og óinn,
Um önnur lönd því farið hef' eg, dapurlegar gróin
Með kolagerðar-eyðunum af upprættum sálum!

Og sóuð eru kolin. Um kumblin veðurlama
Sig krokustrá við grafarbotn, í lauftíð vorsins,
hama,
Og reitur sá er eymslu-hrúður uppbrendra tauga.

Við liðna tíð að þrátta er þeim til lítils frama:
Í þörf, á árum feðra sinna, er hefði gert ið sama—
Svo geng eg þar um hljóðlega, með hönd fyrir
auga.

II.

Eg reri fram í eyju, um vog sem er ei væður,
Því víð-botnhylur lagarins er engri skepnu
stæður —
Og þangað höfðu kjarrbörnin frá kolbítnum flúið.

Í afdrepið það kúrðu sig lyngsins þéttu læður
Og leyndust, unz að framhjá gengi axarmunninn
skæður.
Þar höfðu þær um aldirnar sem útlagar búið.

En svo kom það á daginn, að æskan, eitthvert
vorið
Kom auga á hvar þær földu sig, og hvatti þangað
sporið,
Hún leysti þær úr skóg-gangi, sem skipbrots-lið
fundið.

Og síðan jók sá víðir á vöxtinn sinn, og þorið,
Að viðarexi og sauðartönn í gröf sig fái ei borið!
Frá deginum sem æskan kom þar yfir um sundið.

III.

Þó gróðursetta lunda eg litið hafi mærri,
Og leikvellina umfangsmeiri, eg veit samt engan
kærri
Né unaðssælli hólma til, í heiminum breiðum.

Ef æskan gerir einn dag, sér öðrum degi hærri,
Í orlof sitt hún þangað fer til skógar vænni og
stærri,
Að nýgræðings viljafjöri og vaxandi meiðum.

Og farir þú þar yfir, þó að sért kominn fjærri,
Og eigir langt til heimafangs, og náir rastir
færri —:
Þá gaktu samt ei neðantúns um garðinn að
Eiðum.

Á töf þar munt þú vinna upp: vegleysur smærri!
Og vilja er dregur hálfa leið, og allar götur færri—
Einn morgun þar renna þér upp ljósaskifti á
leiðum.

1919

Reykjavík.

Í fyrsta skiftið sem þig sá,
Mér sýndist þú svo smá og lág
Við þetta breiðablik af sjá
Og blárra fjalla hring,
Sem hefðir týnst í tignar-há
Þau tómin þig um kring.
En þegar mig að bryggju bar
Úr blikur-villu tilsýndar,
Eg fann hve víðreist var
Og rúmt um hug og hjarta þar,
Við hrjóstur-breiðurnar.

Og þinna halla breiða-ból,
Það bygði hvergi út himni og sól,
Er ljósið haf og hauður fól
Í hverfi lita elds,

Frá víðáttanna Völundstól
Af vitum morgna og kvelds,
Frá álfum ljóss þá liti ber
Þitt lága-ris og veggur hver,
Sem funi í fægðum eir
Af skini báls, úr skuggum, er
Í skjólum leynast þeir.

Er værast heimað-horfin för
Og höfn þín er að skuggsjá gjör,
Og siglutré á hverjum knör
Í kveldsins myrkvið grær,
Og sérhver hafin veifa í vör
Með vængnum dökkva slær,
En út' um ljósu-lofta stig,
Um lágnótt, sólin teygir sig
Um bládjúps blæva-ró,
Og geislar auga inn á þig
Til Esju af Snæfells snjó.

Þó hinar fái frægra orð
Sem fleiri unnu barnamorð,
En hafa völd um stærri storð,
Þar stattu vaxtaminst
Sem allsnægjan er yfirborð,
En o'n á skortinn grynst —
Á ríkis-borga breiðastig
Í blindri ös, mig dreymir þig
Og finst eg fari þar
Sá eini, er þekki sjálfan sig,
Í samki þvögunnar.

Svo eigðu, frjáls um aldurinn,
Þín uppleit fjöll og hafdýpin
Og veröld fyrir vöxtinn þinn,
Eins víða og lönd og sjór!
Og leiddu um sveitir út og inn
Hvert afl sem betur fór.
Með svifrúm fyrir karl og kvon,
Og kjördóttur og fósturson,
Sem hækkar heima-rór —
Og hverja þína þroska-von,
Svo þú sért meira en stór!

1922

Skipa-skaði.

Ávarp.

Finst þér, Ægir, einkisverð
öll þín gengna prýði?
Nú er eins og orma mergð
Um þig kvikan skríði —
Þar sem fyr var sjón að sjá
Siglu-hvíta gamma,
Lætur Dumbur dröfnum á
Dökkva nökkva þramma.

I.

Mar, þú hefir hingað fleygt
Hélugbörðum þínum,
Formenskuna fjöru-heygt
Fornu, í skipum sínum!
Flakir hér með skrámu og skarð,
Skrokk og möstur brotin,
Blásinn upp í beinagarð
Báta gamli flotinn.

Öll fyrir skemstu ung og ný,
Aflögð skrifli mögur
Feigðar-stafi fallin í.
Fúnar æfisögur!
Eg skal út í vetrar-vind
Varpa lotum kvæða,
Meðan braka í beinagrind
Byljir þeir sem næða.

II.

Þú hefir, bjúgi Byrðingur
Breyzt að svona flaki,
Þegar náheims nyrðingur
Náði á þér taki —
O'n úr sýn, í sandi og möl
Sökkva þér, ert fýsinn —
Molað hefir hlekk úr kjöl
Hryggspennan við ísinn.

Þér varð, Snekkja, heilsuhalt
Hamlið upp í drifin,
Niður súð um sólborð alt
Saumur hver er rifinn.
Svo hafa strengt á, straumföll þaug,
Stuðlum, kröpp og bitum
Hverja þína trausta-taug
Teygt að hinstu slitum.

Knör, þú áttir eitthvert sinn
Ofþröngleitt í veri,
Hefir brotið bóginn þinn

Bagalega á skeri.
Þegar sérhvert far og fjöl
Fram á sæ var dregið,
Hefir þú á harðri möl
Haltur síðan legið.

Þér hefir, Gnoð, á víðum ver
Votur roðnað hlýri,
Þegar hrönnin hjó af þér
Höfuðbönd og stýri.
Síðan varst þú heima-hró
Haug og slógi atað.
Hefir enga átt á sjó
Eftir slysið ratað.

Þú hefir orðið, El-liðinn,
Eins fyrir þungum sifjum,
Þegar hjóst á húfinn þinn
Holund inn úr rifjum.
Hefir ei orðið hugfallinn
Hót, af slíku grandi,
Þó að benin blæddi inn,
Bjargað þér að landi.

Skúta, eftir missi manns
Maraðir þú í kafi
Inn á hlévík heima-sands.
Hvelfd um fram á hafi —
Stýrði þér um húmgan hyl
Heim, í byl á jólum,

Hann, sem "dró sig dofinn til
Dóttur Jóns á Hólum".

Ýms að baki eigið þið
Ára-langan toga,
Út á djúpsins yztu mið,
Inst í fjarðar-voga.
Máttuð sum af víðis-vang
Vingluð hallinranga,
Eftir stuttan glæsi-gang,
Götu Ormsins langa.

III.

Ykkur léði list og þrek
Liðsmaðurinn dýri,
Sem að höfuð-lausnum lék
Lífs, við segl og stýri.
Blindi-sjóa þurfti þá
Þor og snild að máta,
Þegar höfn og haf var spá
Heimað-leiðin gáta.

Þá var uppi að fleyta fjöl
Fagur-djarfur voði.
Héldust á um hjálmunvöl
Hönd og sollinn boði.
Sól-laus yfir sæ og vog
Svarta-dægrin fóru,
Óða-brim og bárusog
Brautarmerkin vóru.

IV.

Þegar upp til birtu brá
Bjart var út að líta,
Fram á sævar sólskins-blá
Svanavængi hvíta.
Blærinn lék við báru-köst,
Bæði kvað og þagði.
Seglið ýrum-úðga vöst
Undir vangann lagði.

Beggja-skauta byr var siglt,
Blávatnaði strendur,
Runnu að hafi fjöllin fylkt
Fast á báðar hendur.
Skilaði inn um skerin auð —
Skriðið austri flýtti,
Þegar yfir söxin sauð
Sjór, sem neglan spýtti.

O'n í djúpin aldan hnaut
Uppvið báða stokka.
Hárrar siglu hvítu-skaut
Himinglæfur brokka,
Mændu hæstu hranna-fjöll,
Hurfu djúps að álfum,
Stukku þverbrýnd þeysi-föll
Þurrum kili hálfum.

V.

Ykkar, skriflin elli-rýr,
Engum skálda-muna

Uppi-fjöruð æfintýr
Einsætt væri að gruna —
Hleypt með margan Hallfreðinn
Hafið út' á sundi,
Eftir liðinn lávarð sinn
Landvist skemst sem undi.

Manstu eftir manni þeim
Malarskip í kafi,
— Átti af sætrjám ógengt heim
Áralangt á hafi —
Sem að farkost fékk þér hjá
Forðum út í löndum?
Eins og leið þín eitt sinn lá
Að 'ans heima-ströndum.

Lang-eygður, að líta á ný
Ljóma af dalnum sínum,
Hálfan daginn hékk upp' í
Höfuðbendum þínum.
Þaðan, gegnum vos og vind,
Vonar-augum rýndi,
Þar til heima-hagans tind
Hafsbrún yzta sýndi.

1922

Endurskin.

Um vornótt, á veri
Er vakir sól um njólu,

Og heiðir yfir hæðum
Um huldulanda strandir,
Af æsku og óskum
Gljá eyjar sólskinsmegin —
Svo "ljóst er út að líta" —:
Sem augun mín yrki
Upp örn á varðbergs virki,
Á vatni svani hvíta.
Um mela og móa
Fer ljóðandi lóa —
Mig langar að eiga
Hvern vænginn fagur-fleyga —
Í örleik óða-sýnar
Hver óskastund er skammvinn!
Nú kysi eg heldur hvamminn
Og huldukonur mínar —
Úr glótúni und blábrún
Eg bæinn sé gægjast,
Með húsaþil hvítrjóð
Af hámorguns sólglóð
Og hvanngrænan mænir.
Og smalinn dagar dalinn
Og hjörð að kvíum hænir — — —
Að sjónum syrtir birtan,
Og sólhvörf verða á meðan —
Í firð má eg ferðast,
Og fyrir garðinn neðan.

1922

Flokkar og Fyrirsagnir.

Einkennis-nöfn og upphöf.

—